# FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

73. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 27. MARS 2019



ÞÚ ÁTT SKILIÐ
**SKEMMTILEGT**
SJÓNVARP Í APRÍL







**Náðu þér í Stöð 2 appið**

Horfðu á þitt uppáhaldsefni
þegar þér hentar.
Stöð 2 appið er með þér í
snjalltækinu hvert sem þú ferð.

Sæktu það á App Store

Sæktu það á Google Play



# FRÉTTABLAÐIÐ

73. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 27. MARS 2019




Forstjóri og stjórnarmenn WOW air, ásamt fulltrúa skuldabréfaeigenda flugfélagsins, ganga út af fundi í fjármálaráðuneytinu síðla dags í gær. Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, Davíð Másson stjórnarmaður, Lív Bergþórsdóttir stjórnarformaður, Helga Hlín Hákonardóttir stjórnarmaður og Guðmundur Ingvi Sigurðsson, lögmaður hjá LEX. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Mikill viðsnúningur í söluræðu Skúla

**Samkvæmt áætlun um endurskipulagningu á rekstri WOW air verður lausafjárstaðan jákvæð um meira en milljarð í júní. Vaxtaberandi skuldir verði 6,6 milljónir dala eftir skuldaafskriftir kröfuhafa. Viðræður aftur hafnar við Indigo Partners.**

**VIÐSKIPTI** Gangi áform forsvarsmanna og ráðgjafa WOW air um endurskipulagningu flugfélagsins eftir er gert ráð fyrir að lausafjárstaða félagsins verði orðin jákvæð um meira en níu milljónir dala, jafnvirði 1,1 milljarðs króna, um mitt næsta ár. Til samanburðar er hún sem stendur neikvæð um 11 milljónir dala og er búist við að hún versni enn frekar og verði, að öðru óbreyttu, tæpar 45 milljónir dala í lok annars fjórðungs.

Þetta kemur fram í drögum að kynningu á endurskipulagningu flugfélagsins WOW air sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Áætlanirnar gera ráð fyrir verulegum bata í rekstri WOW air. Þannig eigi lausafjárstaða félagsins að vera orðin jákvæð um 9,6 milljarða króna í lok árs 2021 og rekstrarhagnaðurinn á sama ári að vera 8,7 milljarðar króna. Til samanburðar miðar viðskiptaáætlun WOW air að því að 900 milljóna króna tap verði á rekstri flugfélagsins í ár.

Formlegar viðræður eru hafnar við fjárfesta, innlenda og erlenda, um að leggja WOW air til 40 milljónir dala, jafnvirði 4,8 milljarða, í nýtt hlutafé. Takist það eignast þeir

**3,2**

**milljónir farþega er áætlað að WOW air flytji 2021.**

51 prósents hlut í félaginu sem og forgangsrétt að arðgreiðslum og öðrum útgreiðslum. Samkvæmt heimildum Markaðarins standa meðal annars yfir viðræður við Indigo Partners en fyrir tæpri viku var greint frá því að félagið væri hætt við að fjárfesta í WOW air fyrir 90 milljónir dala.

Eigendur skuldabréfa WOW air, sem samþykktu í gær að breyta kröfum sínum á hendur félaginu í hlutafé, munu eignast 23 prósenta hlut í félaginu. Enn á hins vegar eftir að fást formlegt samþykki frá öðrum helstu kröfuhöfum, meðal annars Arion banka og leigusölum félagsins, en væntingar eru um að það muni fást. Í kjölfar niðurskriftar á rúmlega 120 milljóna dala langtímaskuldum WOW air verða vaxtaberandi skuldir félagsins 6,6 milljónir dala og eiginfjárhlutfall þess 20 prósent.

– hae, kij / sjá Markaðinn

## Taka beri tillit til stöðunnar

**KJARAMÁL** „Okkur hefði ekkert fundist óeðlilegt að viðsemjendur okkar tækju tillit til þessarar viðkvæmu stöðu. Ef WOW fellur er það svakalegt högg fyrir greinina,“ segir Bjarnveig Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar. Hún segir ábyrgðarlaust að semja um launahækkanir á þessum tíma.



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segist farinn að hallast að því að kerfisbundið sé reynt að tefja fyrir gerð samninga. – **sar** / **sjá síðu 6**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðlaugur Þór utanríkisráðherra skrifar um forystu Íslendinga í mannréttindaráði. 12

**SPORT** Sara Björk verður í eldlínunni með Wolfsburg í Meistaradeildinni í kvöld. 16

**MENNING** Bjarni H. Þórarinsson sýnir nýleg verk í BERG Contemporary. Er enn að þróa hugmyndakerfi sitt. 20



**LÍFIÐ** Eyjólfur Pálsson, Epal sjálfur, leikur venju samkvæmt á als oddi á HönnunarMars, þar frumsýnir Eyjólfur nýjan fugl. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Sunnan 13-20 með rigningu eða slyddu, en þurrt um landið norðaustanvert. Snýst í suðvestan 15-25 í dag með éljum og kólnandi veðri. SJÁ SÍÐU 18

# Klifrað og snyrt



Greinar silfurreynisins í Fógetagarðinum, elsta trés í borginni, mynda eins konar æðakerfi þegar horft er til himins. Vel þarf að hugsa um myndarlegt tréð. Ef vel er að gáð má sjá að Orri Freyr Finnbogason arboristi hafði klifrað upp í tréð og snyrt silfurreyninn gamla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Klausturstal ekki einkasamtal

**ALÞINGI** Álit ráðgefandi siðanefndar sem forsætisnefnd leitaði til vegna Klaustursmálsins er að ummæli þingmannanna sex á Klaustri bar falli undir gildissvið siðareglna þingsins. Alþingi birti álitið í gærkvöldi.

Niðurstaðan er sú að staða þingmanna sem opinberra persóna skipti máli og að háttsemin á Klaustri hafi átt sér stað á opinberum vettvangi og tengist málum sem hafi verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni.

Miðflokksþingmennirnir, sem þá voru fjórir, lögðu fram sameiginlegt álit þar sem þeir vísuðu í friðhelgi einkalífsins og hvernig stjórnarskráin verndi rétt manna til að láta í ljós skoðanir sínar. **– oæg**




Lögfræðiálitið var unnið að beiðni Samtaka iðnaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Skilmálar stangist á við reglur um endurgreiðslu

**FJÖLMIÐLAR** Samningsskilmálar sem RÚV setur gagnvart sjálfstæðum kvikmyndaframleiðendum stangast á við reglur Creative Europe Media og reglur um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Þetta kemur fram í lögfræðiáliti sem unnið var að beiðni Samtaka iðnaðarins og Sambands íslenskra kvikmyndagerðarmanna.

Álitið var gert í kjölfar krafna RÚV um að fá stöðu samframleiðanda í sjónvarpsverkefnum sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda og vegna ákvörðunar RÚV um að fá eignarhlutdeild í verkefnum þegar tekið er tillit til endurgreiðslu framleiðslukostnaðar.

Möguleiki er á því að samningsskilmálar RÚV leiði til þess að kvikmyndaverkefni séu óstyrkhæf. Fram kemur í niðurstöðum lögfræðiálitsins að þegar brotið sé á reglum Creative Europe Media gæti framleiðandi þurft að endurgreiða styrki. **– ab**






# Byggja Biskupsstofu á lóð fyrir sóknarprest

**Í tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Sjómannaskólareitinn er gert ráð fyrir nýbyggingu Biskupsstofu við Háteigskirkju. Lifna þá aftur áform um að selja Kirkjuhúsið á Laugavegi. Íbúar telja að ekki eigi að byggja á reitnum í bili.**

**SKIPULAGSMÁL** Hreyfing virðist komin að nýju á áform þjóðkirkjunnar um að selja fasteign sína á Laugavegi 31. Biskupsstofa hefur nú augastað á lóð við Háteigskirkju undir starfsemi sína og borgaryfirvöld eru jákvæð gagnvart því.

Reykjavíkurborg vinnur að breyttu deiliskipulagi á svokölluðum Sjómannaskólareit. Í bréfi til borgaryfirvalda frá Þorvaldi Víðissyni biskupsritara frá í haust var bent á að í reitnum væri laus lóð sunnan við íbúðarhús að Nóatúni 31. Sú lóð sé skilgreind innan marka sem tilheyri Háteigssókn og Háteigskirkju. Lóðin hafi verið ætluð undir prestsbústað sem aldrei var byggður.

Vísaði biskupsritari til fundar síns og Agnesar M . Sigurðardóttur biskups í Ráðhúsi Reykjavíkur með skrifstofustjóra eigna- og atvinnuþróunar borgarinnar.

„Á þeim fundi voru viðraðar hugmyndir um byggingu nýs húsnæðis fyrir starfsemi Biskupsstofu á umræddum reit, sem áður hafði í skipulagi borgarinnar átt að vera undir prestsbústað. Skrifstofustjóri veitti vonir um að hugmyndirnar gætu samræmst vinnu borgarinnar við endurskipulagningu Sjómannaskólareitsins,“ skrifaði biskupsritari. Fulltrúum biskups hafi verið boðið á annan fund um málið.

„Á fundinum kom fram að hugmyndirnar gætu samræmst endurskipulagningu borgarinnar á Sjómannaskólareitnum og að lóðin gæti borið húsnæði á stærð við það sem Biskupsstofa þyrfti að byggja undir starfsemi sín,“ sagði áfram í bréfi biskupsritara.

Bréf biskupsritara var tekið fyrir ásamt öðrum gögnum tengdum Sjómannaskólareitnum á fundi skipulagsfulltrúa á föstudag í síðustu viku. Á fundinum voru kynnt drög að tillögu sem felur í sér byggingu allt að 145 nýrra íbúða á lóð Sjómannaskólans fyrir eldri borgara, námsmenn, félagsbústaði og hagkvæmar almennar íbúðir. Auk þess verði bætt við byggingarheimildum fyrir Biskupsstofu á lóð Háteigskirkju. Málinu var vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Fyrir rúmum tveimur árum ákvað kirkjuráð að kanna hvað myndi fást fyrir Laugaveg 31, Kirkjuhúsið, sem nú hýsir Biskupsstofu með það að markmiði að finna hentugra húsnæði. „Ég hugsa að það megi segja að þetta sé eitt dýrasta skrifstofuhúsnæði á Íslandi,“ sagði Svana Helen Björnsdóttir, fulltrúi í kirkjuráði, um söluáformin í janúar 2017. Ekkert varð af sölu því að kauptilboð þóttu ekki nógu góð.

Íbúasamtökin á svæðinu vilja að fallið verði frá byggingaráformum í bili. „Eins og staðan er í dag er Háteigsskóli sprunginn og þétting byggðar eykur því enn á vanda skólans,“ segir í bókun íbúanna. Gróðurþekja í Háteigshverfi sé í lágmarki og gengið verði á hana með nýbyggingunum. „Einnig má gera ráð fyrir umferðaraukningu í hverfinu með meiri loft- og hljóðmengun sem rýrir lífsgæði íbúa og auknum líkum á umferðaróhöppum.“

gar@frettabladid.is



Lóðin sem áður var eyrnamerkt presti í Háteigskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Þorvaldur Víðisson biskupsritari.**


STAR WARS
A NEW HOPE
Á BÍÓTÓNLEIKUM
KVIKMYNDIN MEÐ LIFANDI TÓNLIST
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI TED SPERLING
3., 4. OG 5. APRÍL
MIÐASALA Á SINFONIA.IS OG HARPA.IS
TÓNLIST EFTIR JOHN WILLIAMS
"PRESENTATION LICENSED BY
DISNEY CONCERTS
IN ASSOCIATION WITH 20TH CENTURY FOX, LUCASFILM AND WARNER /CHAPPELL MUSIC."
© 2019 & TM LUCASFILM LTD. ALL RIGHTS RESERVED © DISNEY
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Bláskógabyggð á móti hugmyndum um þjóðgarð á miðhálendinu

**UMHVERFISMÁL** „Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur ekki ásættanlegt að stjórn og umráð yfir 40 prósent Íslands verði í höndum fárra aðila,“ segir í bókun sveitarstjórnarinnar sem leggst alfarið gegn stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu.

„Samráð um þann grundvallarþátt málsins, hvort stofna skuli þjóðgarð á miðhálendinu, hefur ekki átt sér stað,“ segir í bókuninni.

Að sögn sveitarstjórnarinnar er stöðugt vegið að sjálfstæði landsbyggðarsveitarfélaga og þeim ekki treyst fyrir landsvæði innan eigin sveitarfélagsmarka.

„Í ljósi þeirrar reynslu sem komin er á rekstur þjóðgarða á Íslandi má glöggt sjá að mjög víða er pottur brotinn til dæmis í viðhaldi vega, fráveitumálum og merkingum svo eitthvað sé nefnt. Ljóst er að mörg stór verkefni sem útheimta mikið fjármagn bíða framkvæmda í þjóðgörðum landsins,“ segir sveitarstjórn Bláskógabyggðar.

„Verði miðhálendisþjóðgarður að veruleika má búast við að heimamenn dragi sig til hlés. Gera má ráð fyrir að öll sú vinna og fjármagn sem heimafólk hefur lagt til hálendisins muni færast yfir til ríkisins,“ heldur sveitarstjórnin áfram. „Í ljósi reynslunnar telur sveitarstjórn að þá muni þeim eignum sem áður voru í eigu og umsjá viðkomandi sveitarfélaga ekki verða viðhaldið og að endingu lokað.“

Á sama fundi samþykkti sveitarstjórnin framkvæmdir við sex fjallaskála þar sem bæta á við gistiplássi fyrir samtals 230 manns. **– gar**



**Bláskógabyggð leyfir 30 manna gistiskála í Botnsúlum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Karl Gauti Hjaltason þingmaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Lögreglumenn fái aftur að fara í verkfall

**ALÞINGI** Lögreglumenn munu á ný fá að fara í verkfall verði frumvarp Miðflokksins að lögum. Karl Gauti Hjaltason, fyrrverandi skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins.

Frumvörp þessa efnis hafa í tvígang verið lögð fram, síðast fyrir fimm árum. Í fyrra skiptið gekk málið til allsherjar- og menntamálanefndar og voru umsagnir sem bárust við frumvarpið jákvæðar.

Verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn með lögum árið 1986 en fram að því höfðu þeir rétt á að fara í verkfall til að sækja kjarabætur. Afnámið var hluti af samkomulagi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra en í staðinn skyldu lögreglumenn fá kauptryggingu ef samkomulag næðist ekki.

„Eðli málsins samkvæmt yrði verkfallsréttur lögreglumanna háður þeim fyrirvara að ávallt þarf að halda uppi neyðar- og öryggisþjónustu. Hins vegar væri fjöldinn allur af störfum innan lögreglunnar sem eigi að síður væri hægt að leggja niður væri slíkt talið nauðsynlegt til stuðnings kröfum um kjarabætur. Landssamband lögreglumanna hefur á undanförnum árum lagt áherslu á verkfallsréttinn í kjarabaráttu og hafa ýmis lögreglufélög á landsvísu ályktað í þá veru,“ segir í umsögn með frumvarpinu. **– jóe**

# Icelandair endurskoðar pöntun ef kyrrsetning dregst á langinn

**Icelandair á von á sex nýjum Boeing 737 MAX 8 vélum á þessu ári. Forráðamenn félagsins segjast vera að skoða til hvaða ráða verði gripið dragist kyrrsetning vélanna á langinn. Raskanir á flugi má rekja til kyrrsetningar þriggja véla félagsins. Vonast er til að kyrrsetning hafi óveruleg áhrif á starfsemi Icelandair.**

**FLUGSAMGÖNGUR** Forráðamenn Icelandair segjast vera að skoða hvernig brugðist verði við ef kyrrsetning á Boeing 737 MAX 8 vélum félagsins dregst enn á langinn. Félagið á von á sex slíkum vélum á þessu ári til viðbótar þeim þremur sem félagið á og sæta nú kyrrsetningu. Kyrrsetning vélanna hefur skapað vandamál.

Þann 13. mars síðastliðinn tilkynnti Icelandair að þrjár nýlegar Boeing 737 MAX 8 vélar þeirra yrðu teknar úr rekstri um óákveðinn tíma eftir að mörg flugfélög höfðu gert slíkt hið sama. Flugvélaframleiðandinn kyrrsetti allan 737 MAX 8 flotann í öryggisskyni degi síðar eftir að frumrannsókn á flugslysinu í Eþíópíu fyrr í mánuðinum, sem varð 157 manns að bana, leiddi í ljós líkindi við flugslys Lion Air undan ströndum Jövu í október þar sem 189 létu lífið.

Icelandair sagði að kyrrsetning vélanna myndi hafa óveruleg áhrif á rekstur félagsins þar sem aðeins væri um að ræða þrjár vélar af 33 í flotanum. Raskanir hafa þó orðið vegna þessa, til dæmis á sunnudag þar sem flugi til og frá London var fyrirvaralítið aflýst. Atvik sem rekja má til kyrrsetningar vélanna. Ásdís Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir allt gert til að flug raskist sem minnst og það hafi gengið vel.

„Á sunnudaginn kom upp bilun í varavél í Keflavík og þess vegna var fluginu til Gatwick aflýst,“ segir Ásdís aðspurð um flugið sem aflýst var. Samkvæmt heimildum blaðsins var varavél sem bilaði að leysa af eina af kyrrsettu 737 MAX 8 vélunum.



**Örlög Boeing 737 MAX 8 vélanna kunna að ráðast á allra næstu dögum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Varðandi framhaldið þá erum við að skoða hvernig við bregðumst við ef kyrrsetningin dregst á langinn.**
>
> Ásdís Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair



Icelandair festi sér á sínum tíma sextán 737 MAX vélar frá Boeing. Þrjár voru teknar í notkun í fyrra, sex átti að afhenda í ár, fimm á næsta ári og loks tvær 2021. Kaupin voru kölluð ein stærstu viðskipti Íslandssögunnar.

Ljóst er að orðspor Boeing og 737 MAX 8 vélanna hefur beðið hnekki síðustu vikur og einhver flugfélög afpantað vélar. Aðspurð hvort Icelandair hafi tekið ákvörðun um eitthvað slíkt eða hvort það komi til greina segir Ásdís: „Varðandi framhaldið þá erum við að skoða hvernig við bregðumst við ef kyrrsetningin dregst á langinn en niðurstaða liggur ekki fyrir á þessu stigi.“'

Eþíópíska samgönguráðuneytið gerir ráð fyrir að bráðabirgðaniðurstöður rannsóknar á flugslysinu þar í landi liggi fyrir í þessari viku. Niðurstöðunnar er beðið í ofvæni og hún kann að ráða miklu um framhaldið.

Mikið hefur verið rætt um hvort slysin tvö megi rekja til hugbúnaðar 737-vélanna. Rannsóknin í Eþíópíu kann að svara því. Hugbúnaðurinn á að varna því að þoturnar ofrísi en Boeing hefur unnið hörðum höndum að hugbúnaðaruppfærslu síðan slysið varð. Gert er ráð fyrir að uppfærslan verði kynnt í dag. Fulltrúar Icelandair verða á svæðinu.

**mikael@frettabladidi.is**




**Panodil filmuhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúruduft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur.** Inniheldur paracetamól. Við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.


Beltone Amaze™
Hvert orð, hlátur og hljóð skipta máli
Hver dagur er samsettur af ótal augnablikum þar sem hvert einasta orð, hlátur og hljóð skipta máli. Nýju Beltone Amaze™ heyrnartækin gera þér kleift að njóta hvers dags í einstökum hljómgæðum og nú fást þau einnig með endurhlaðanlegum lithíum rafhlöðum. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Beltone
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

# Krefjast þriðjungi hærri greiðslu en lagt var upp með fyrir Herjólf

**SAMGÖNGUR** Pólska skipasmíðastöðin Crist S.A. krefst þess að íslenska ríkið reiði fram viðbótargreiðslu vegna smíði nýs Herjólfs. Krafan hljóðar upp á þriðjung af heildarverði skipsins.

Upphaflegt samkomulag aðila hljóðaði upp á 26,5 milljónir evra eða um 3,5 milljarða króna á gengi dagsins í dag. Síðan þá var samið um viðbótarverk fyrir um hálfan milljarð í viðbót en þau fólu meðal annars í sér að skipið skyldi rafvætt. Talsverðar tafir hafa orðið á verkinu og hljóða útreikningar Vegagerðarinnar á tafabótum upp á rúmar 1,5 milljónir evra, rúmlega 200 milljónir íslenskra króna.

„Skipasmíðastöðin gerir nú hins vegar kröfu upp á heildarverð sem nemur [38,4 milljónum] evra eða ríflega 5,2 milljörðum ísl. kr. Krafan um viðbótargreiðslu, sem ekki hefur verið nefnd fyrr en nú, hljóðar upp á um 8,9 milljónir evra eða ríflega 1,2 milljarða ísl. kr. á gengi dagsins,“ segir í tilkynningu frá Vegagerðinni sem barst í gær.

Skipasmíðastöðin ber fyrir sig að hönnun skipsins hafi breyst og það hafi falið í sér aukinn kostnað. Vegagerðin telur á móti að krafan eigi sér alls enga stoð í samningi aðila enda hafi Crist S.A. tekið á sig „fulla og ótakmarkaða ábyrgð á hönnum skipsins“.

Nýr Herjólfur er tilbúinn til afhendingar og hefur verið um nokkurt skeið. Hann fæst hins vegar ekki afhentur fyrr en greitt hefur verið úr þeirri flækju sem upp er komin. **– jóe**



**Nýr Herjólfur fæst ekki afhentur en er tilbúinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Bjarg byggir en Brynja má ekki kaupa hús

**REYKJAVÍK** Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingar og fulltrúi í skipulags- og samgönguráði, segir endurreisn verkamannabústaðakerfisins í Reykjavík í fullum gangi með að veita Bjargi, íbúðafélagi, lóðir til byggingar um 630 íbúða í borginni. Borgin samþykkti í síðustu viku að úthluta íbúðafélaginu lóðir til að byggja 124 íbúðir í Bryggjuhverfinu sem fara í langtímaleigu til félagsmanna ASÍ eða BSRB.

Bjarg starfar samkvæmt lögum um almennar íbúðir og starfar þannig að það leigir íbúðirnar til félagsmanna sinna.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að hússjóðurinn Brynja, íbúðafélag á vegum Öryrkjabandalagsins, hefði á sama tíma fengið neitun um stofnstyrki til að kaupa hús fyrir sína félagsmenn. **– sa**



**Hjálmar Sveinsson.**

## Samorka vill orkupakkann

**RAFORKUMÁL** Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, styður innleiðingu á þriðja orkupakkanum og telur hann vera til bóta fyrir íslenskan raforkumarkað.

Frá árinu 2003, þegar ný raforkulög tóku gildi, hafa verið innleidd ákvæði tilskipana ESB í orkumálum. Markmiðið var að þróa markað með raforku þannig að samkeppni tryggi lægsta verð til neytenda. Einnig hafa frekari reglur verið settar um raforkumarkaðinn til að verja hag neytenda á markaði.

„Frekari þróun á þessari löggjöf, sem jafnan er nefnd þriðji orkupakkinn, felur í sér aukið sjálfstæði eftirlitsaðila, frekari kröfur um aðskilnað milli sérleyfisþátta og samkeppnisþátta og þar með að efla raforkumarkaðinn,“ segir í ályktun Samorku. **– sa**

# SAF vilja að VR og Efling taki tillit til viðkvæmrar stöðu

Fundi Samtaka atvinnulífsins (SA) og stéttarfélaganna sex hjá ríkissáttasemjara var í gær frestað annan daginn í röð vegna óvissu um framtíð WOW air. Þá höfnuðu Efling og VR því að fresta verkfallsaðgerðum sem eiga að vera á fimmtudaginn og föstudaginn. Nýr sáttafundur hefur verið boðaður klukkan 14 í dag.

**KJARAMÁL** „Okkur hefði ekkert fundist óeðlilegt að viðsemjendur okkar tækju tillit til þessarar gríðarlega viðkvæmu stöðu. Ef WOW fellur, þá er það auðvitað svakalegt högg fyrir greinina sem nú þegar er í vandræðum,“ segir Bjarnveig Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

Bjarnveig segir að það væri ábyrgðarlaust að semja um einhverjar launahækkanir á þessum tímapunkti. „Ég heyri miklar áhyggjur félagsmanna í öllum geirum greinarinnar úti um allt land. Þótt verkföllin séu bundin við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu hefur þetta áhrif á alla.“

SAF hafa reiknað út að kostnaður við hvern dag í verkfalli sé um 250 milljónir króna. „Þá erum við bara að tala um þessi fyrirtæki sem verða fyrir aðgerðunum með beinum hætti en ekki öll hliðaráhrifin,“ segir Bjarnheiður.

Þau hótel sem verkföllin ná til hafa lokað fyrir bókanir á þeim dögum sem aðgerðirnar taka til. Hins vegar er hægt að bóka herbergi á ýmsum minni hótelum og í heimagistingu. Þá hafa rútufyrirtæki fellt niður ýmsar ferðir sem venjulega eru í boði.

Kristófer Oliversson, framkvæmdastjóri Centerhotels, segir að komi til tveggja sólarhringa verkfalls muni það auðvitað flækja hlutina. „En við höfum enga kosti. Gestirnir eru hér á landinu og við setjum þá ekki á götuna. Ég vona að það sé ekki markmið neinna.“

Hann segir að nú sé verið að fara yfir það hvort skerða þurfi þjónustuna enn frekar frá síðasta verkfalli.

„Við reynum að draga úr inn- og útritun á þessum dögum. Það er mesta vinnan í kringum það og við reynum að forðast það bara. Það var þokkalega bókað þessa daga en við verðum með færri gesti en vanalega,“ segir Kristófer.



**Formenn Eflingar og VR, Sólveig Anna Jónsdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson, ræða málin í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**»Samkvæmt útreikningum SAF kostar hver dagur í verkfalli þau fyrirtæki sem um ræðir 250 milljónir króna.**

Bjarnveig hefur ekki áhyggjur af hertri verkfallsvörslu sem boðuð hefur verið. „Okkar félagsmenn telja sig vera að fara eftir gildandi lögum og reglum þannig að ég held að menn óttist ekkert verkfallsvörsluna sem slíka.“

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir þá óvissu sem sé uppi ekki eiga að þurfa að hafa þessi miklu áhrif á kjarasamninga.

„Við losnum aldrei við að gera kjarasamninga fyrir okkar fólk. Ég hefði haldið miklu frekar að til að bregðast við mögulegum óvissuþáttum og óstöðugleika væri frekar hagur SA að ganga frá gerð kjarasamninga þannig að atvinnulífið sé ekki í einhverju limbói út af því.“

Hann segist farinn að hallast að því að kerfisbundið sé reynt að tefja fyrir gerð samninga. „Við vitum það að atvinnulífið græðir hvern dag sem laun eru ekki hækkuð á meðan launafólk tapar,“ segir Ragnar Þór.

Eins og SA hafi unnið hingað til hafi hann ekki trú á því að samningsvilji þeirra aukist þótt verkfallsaðgerðum yrði frestað.

„Við munum ekki taka afstöðu til endurskoðunar á aðgerðum fyrr en við höfum í það minnsta eitthvað til að taka afstöðu til. Þeir vita alveg hvar þeir geta lent þessu en við fáum ekki einu sinni umræður um launaliðinn. Það er staða sem verður ekki sett á herðar neinna nema þeirra sjálfra sem kvarta hvað mest yfir stöðunni.“

**sighvatur@frettabladid.is**

# Sextán sækja um í Seðlabankann en fáar konur sýna áhuga

**STJÓRNSÝSLA** Fimmtán hafa sótt um starf seðlabankastjóra. Forsætisráðuneytið birti í gær lista yfir umsækjendur en skipunartími Más Guðmundssonar seðlabankastjóra rennur út 20. ágúst næstkomandi. Hann hefur gegnt stöðunni frá árinu 2009.

Hæfnisnefnd verður skipuð til að fara yfir umsóknirnar og meta hæfi þeirra sem sóttu um starfið.

Á meðal umsækjenda eru Gylfi Arnbjörnsson, fyrrverandi forseti ASÍ, Gylfi Magnússon dósent, Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi fjármála- og efnahagsráðherra, Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Sérstaka athygli vekur að aðeins tvær konur sóttu um starfið, Salvör Sigríður Jónsdóttir nemi og Katrín Ólafsdóttir lektor. Tölvupóstsvarnir Stjórnarráðsins komu í veg fyrir að umsókn Katrínar, sem send var fyrir lok tímafrests, bærist forsætisráðuneytinu og því var hennar umsókn tilkynnt síðar en hinna fimmtán.

Þrír núverandi starfsmenn Seðlabankans sækja um starfið. **– dfb**



**Gylfi Arnbjörnsson.**



**Sigurður Hannesson.**



**Ásgeir Jónsson.**

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

## VERIÐ VELKOMIN
## SUPER 1 FAXAFENI 14




OPIÐ TIL
**22:00**
ALLA DAGA

SUPER 1 - FAXAFENI 14 - 108 REYKJAVÍK

# Erlend skrif metin á 2,5 milljarða

**FERÐAÞJÓNUSTA** Um eitt þúsund erlendar blaðagreinar hafa verið birtar í erlendum fjölmiðlum frá árinu 2017 vegna verkefnisins „Ísland allt árið“, sem stýrt er af Íslandsstofu. Telur stofnunin að umfjöllunin sé verðmetin á um tvo og hálfan milljarð króna.

Þetta kemur fram í svari Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur ferðamálaráðherra við fyrirspurn Maríu Hjálmarsdóttur um markaðssetningu áfangastaða á landsbyggðinni.

Markaðsherferðir tengdar ferðaþjónustu síðustu ár hafa að miklu leyti miðað að því að fjölga ferðamönnum að vetri til og dreifa ferðamönnum betur um landið og hefur verið farinn fjöldi ferða með erlenda blaðamenn til að kynna þeim land og þjóð, utan svokallaðs álagstíma í íslenskri ferðaþjónustu. – sa



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamálaráðherra.

## Styttist í kosningar



Heitur stuðningsmaður reynir að halda mynd af úkraínska forsetaframbjóðandanum Júlíu Tíjmosjenko fastri í rokinu. Fyrri umferð forsetakosninganna fer fram á sunnudaginn og Tíjmosjenko mælist með 18,8 prósenta stuðning í nýjustu könnun BDM. Sitjandi forseti, Petro Porosjenko, mælist með 12,7 prósent og grínistinn Volodíjmíjr Selenskíj, sem eitt sinn lék forseta Úkraínu í sjónvarpi, er með 25,7 prósent. NORDICPHOTOS/AFP




Á skrifstofu kínverska tæknirisans Huawei í Brussel. NORDICPHOTOS/AFP

# Huawei fagnar afstöðu ESB

**TÆKNI** Ríkjum Evrópusambandsins verður gert skylt að deila gögnum sín á milli um netöryggisógnir við uppbyggingu 5G-farsímanetkerfis og þannig móta stefnu í hvernig á að takast á við slíkar ógnir fyrir lok árs. Þetta sagði í tilkynningu frá framkvæmdastjórn ESB í gær.

Með þessari stefnu hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að verða ekki við kröfu Bandaríkjamanna um að meina kínverska tæknirisanum Huawei að koma að uppbyggingunni.

Lengi hafa bandarískar öryggisstofnanir rætt um að Huawei stundi njósnir fyrir kínversk yfirvöld en því hefur Huawei alla tíð neitað.

Kínverska fyrirtækið fagnaði ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í gær. Í tilkynningu frá Abraham Liu, tengilið Huawei við ESB, sagði að stefnan væri hlutlaus og að Huawei hefði fullan skilning á áhyggjum Evrópuríkja.

„Huawei hlakkar til samvinnunnar við að koma upp rammaáætlun um netöryggi. Við erum staðráðin í því að vinna með öllum viðeigandi aðilum að 5G-uppbyggingu í Evrópu. – þea

# Ákvörðun Trumps ergir

**ÍSRAEL** Stjórnvöld í Sádi-Arabíu, Sameinuðu arabísku furstadæmunum, Barein, Katar, Kúveit og Íran fordæmdu í gær ákvörðun Donalds Trump Bandaríkjaforseta um að viðurkenna fullveldi Ísraelsríkis yfir Gólanhæðum. Ísraelar innlimuðu Gólanhæðir árið 1981 eftir að þær unnust í stríði við Sýrland.

Samkvæmt Reuters telja Arabaríkin að Gólanhæðir séu hernumið arabískt svæði og að ákvörðun Trumps sé friðarspillir. Íranar tóku í sama streng og sögðu ákvörðun Trumps ekki eiga sér nein fordæmi á þessari öld.

Trump tísti um ákvörðunina í síðustu viku en skrifaði formlega undir yfirlýsingu þess efnis á mánudag. Með honum var Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, sem var í opinberri heimsókn í Bandaríkjunum.



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.

Ríkisstjórn Bashars al-Assad í Sýrlandi er ekki hrifin af ákvörðun Trumps og sagði að um væri að ræða „árás“ á fullveldi Sýrlendinga. – þea

# Erfitt að manna teymi í barnageðlækningum

**Aðeins iðjuþjálfi og geðlæknir í hálfri stöðu, búsettur í Reykjavík, verða í barna- og unglingageðteymi Sjúkrahússins á Akureyri að óbreyttu um miðjan næsta mánuð. Erfiðlega gengið að manna teymið og tveir sálfræðingar hætt á hálfu ári.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Barna- og unglingageðteymi Sjúkrahússins á Akureyri, SAk, er afar illa mannað en 12. apríl hættir eini sálfræðingurinn í teyminu störfum á sjúkrahúsinu. Þá eru aðeins eftir einn iðjuþjálfi og geðlæknir í hálfri stöðu sem starfar frá Reykjavík.

Auglýst var eftir sálfræðingi á síðasta ári og sótti einn um stöðuna en hætti við. Þá voru tveir sálfræðingar starfandi við teymið. Annar þeirra hætti síðastliðið haust og hinn mun hætta um miðjan apríl að óbreyttu.

Alice Harpa Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs Sjúkrahússins á Akureyri, segir mönnunina ekki eins og best verður á kosið og það geti gengið erfiðlega að sinna skyldum gagnvart upptökusvæði stofnunarinnar, en SAk á að sinna bæði Norður- og Austurlandi.

„Fjöldi mála sem koma inn á borð BUG-teymis er mikill og það segir sig því sjálft að við værum til í að hafa betri mönnun. Við erum að vinna í að fullmanna teymið og ég á von á að það náist á næstunni. Á meðan leysum við málin með öðrum leiðum svo ekki myndist skörð í þjónustuna,“ segir Alice Harpa.

Alice Harpa er bjartsýn á að manna teymið. Eins og staðan sé hins vegar núna er ekkert í hendi og ef áfram heldur sem horfir verður aðeins iðjuþjálfi í fullu starfi við teymið eftir rúman hálfan mánuð. „Við erum að skoða ákveðnar leiðir og ég tel að við náum að manna þetta teymi á næstunni. Bráðamálum er að sjálfsögðu sinnt strax. Áhersla okkar er sem fyrr að tryggja góða og örugga þjónustu fyrir okkar skjólstæðinga,“ segir Alice Harpa.




Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> **Við erum að skoða ákveðnar leiðir og ég tel að við náum að manna þetta teymi á næstunni.**
>
> Alice Harpa Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs Sjúkrahússins á Akureyri

Mikið hefur verið rætt um barna- og unglingageðlækningar á síðustu misserum og á sama tíma eru biðlistar hjá BUGL í Reykjavík. Einnig hefur verið erfitt að manna sérfræðistöður á Sjúkrahúsinu á Akureyri síðustu árin og hefur Fréttablaðið áður greint frá því, þó að það hafi færst til betri vegar á allra síðustu misserum.

sveinn@frettabladid.is

# Reyna að ná meirihluta

**Breska þingið mun greiða atkvæði um ýmsar tillögur um hvernig skuli hátta útgöngumálum. Framtíð Bretlands er afar óljós vegna málsins.**

**BRETLAND** Breska þingið greiðir í dag atkvæði um tillögur um hvað skuli gera í Brexit-málinu, annað en að samþykkja samninginn sem Theresa May forsætisráðherra hafði náð við Evrópusambandið. Þingmenn hrifsuðu til sín völdin yfir Brexit á mánudag eftir að útgöngu var frestað.

Ríkisstjórnin hefur frest til 12. apríl til þess að stinga upp á nýrri nálgun við ESB ef ekki er hægt að ná samningi May í gegnum þingið. Atkvæðagreiðsla um tillögur hefst klukkan 19 í kvöld en það er undir þingforsetanum John Bercow komið um hvaða tillögur verða greidd atkvæði. Samkvæmt BBC er líklegt að gengið verði til atkvæðagreiðslu um til að mynda aðild að EFTA, fríverslunarsamning sem svipar til þess sem ESB og Kanada gerðu og aðra þjóðaratkvæðagreiðslu um Brexit.

Þrír ráðherrar í stjórn May sögðu af sér á mánudaginn vegna þess að þeir voru ósáttir við gang mála. Einn þeirra, Alistair Burt, sagði við BBC að það væri afar brýnt að tryggja að útgangan yrði ekki samningslaus. Fleiri ráðherrar eru sagðir hafa komið því á framfæri við May að þeir myndu segja af sér ef hún beitti sér ekki af hörku gegn samningslausri útgöngu.



**Theresa May, forsætisráðherra Bretlands.** NORDICPHOTOS/AFP

The Guardian hafði eftir heimildarmönnum að ósáttir þingmenn Íhaldsflokksins hefðu verið spurðir um það á fundi á sunnudag hvort þeir gætu stutt samninginn ef May segir af sér. Svör liggja ekki fyrir.

Ef þingmenn ná meirihluta um einhverja tillögu í dag þarf ríkisstjórnin annaðhvort að fylgja henni eða hundsa hana. Ef hún er hundsuð, eða ef enginn meirihluti næst, þykir líklegt að atkvæðagreiðsla fari fram í þriðja sinn um samning May. Ef það tekst ekki er staðan enn erfiðari. Þá þyrfti að ganga út án samnings, fresta útgöngu enn frekar eða jafnvel hætta alfarið við Brexit.

**thorgnyr@frettabladid.is**


OPNUM MÁNUDAGINN 1. APRÍL Í

HLÍÐASMÁRA 11



**Tryggingastofnun flytur** frá Laugavegi í Hlíðasmára 11 í Kópavogi. Vegna flutninganna verður **lokað fimmtudaginn 28. mars og föstudaginn 29. mars**. Opnað verður á nýjum stað mánudaginn 1. apríl með betra aðgengi og nægum bílastæðum. **Verið velkomin.**

TR

Tryggingastofnun
Hlíðasmára 11 | 201 Kópavogur
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is




Það besta úr báðum heimum.

IONIQ Plug-in Hybrid sameinar það besta úr báðum heimum.
Þú getur ekið allt að 63 km á rafmagni án nokkurs útblásturs eða sett á Hybrid-stillingu fyrir bensín og rafmagn og farið hvert á land sem er.

ENNEMM / SÍA / NM92142

HYUNDAI

**Hyundai IONIQ PHEV. Verð frá: 4.390.000 kr.**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.




# Málefni WOW hafa áhrif víða

Stjórn WOW Air fór á fund í fjármálaráðuneytinu í gær, en stjórnvöld fylgjast grannt með stöðu mála. Fundi Samtaka atvinnulífsins og stéttarfélaga var frestað vegna málsins. Ríkisstjórnin hittist í gær og þótt málefni WOW hafi ekki verið formlega á dagskrá má gera ráð fyrir að málið hafi borið á góma á fundi helstu ráðamanna í Stjórnarráðinu í gær.







# Baráttan um streymið



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Bandaríska stórfyrirtækinu Apple tókst að valda uppnámi í að minnsta kosti þremur rótgrónum atvinnugreinum í einu vetfangi á mánudag þegar fyrirtækið kynnti ýmsar nýjungar. Forsvarsmenn í banka-, sjónvarps- og fjölmiðlageiranum víða um heim hafa sennilega hugsað um fátt annað síðan.

Á kynningunni var Apple-kreditkortið kynnt. Kortinu fylgir enginn falinn kostnaður og engin árgjöld. Þótt ekki verði hægt að nota kortið nema í Bandaríkjunum, að minnsta kosti fyrst um sinn, hljóta forsvarsmenn hefðbundinna banka og greiðslukortafyrirtækja að hugsa sinn gang. Þjónustugjöld sumra korta með fríðindum geta numið tugum þúsunda á ári og verið allmikill hluti tekna fyrirtækja í geiranum.

Þá fjallaði Apple um nýja fréttaveitu fyrirtækisins, Apple News+, þar sem meira en 300 dagblöð og tímarit verða aðgengileg notendum. Fréttaveitunni hefur verið lýst sem „Netflix fjölmiðlanna“. Útgefendur fjölmiðla standa frammi fyrir erfiðu vali um hvort þeir vilja miðla sína inn í fréttaveitu Apple, en hlutur fjölmiðlanna af tekjum áskriftarinnar er sagður rýr. Stórblöð á borð við New York Times og Washington Post hafa sagst ekki vilja taka þátt. The Wall Street Journal og Los Angeles Times líta hins vegar svo á að þarna sé tækifæri til að fjölga lesendum, þótt hagnaðurinn renni að stórum hluta til Apple.

Síðast en ekki síst kynnti forstjórinn, Tim Cook, ásamt Hollywood-stjörnunum Steven Spielberg og Opruh, nýtt Apple TV+, þar sem þættir verða aðgengilegir frá hinum ýmsu streymisveitum á borð við Hulu og HBO. Þá boðar Apple eigin framleiðslu á efni.

Margir eru um hituna í efnisveitum. Disney hefur boðað stærstu efnisveitu heims, Disney +, síðar á árinu. Í Bandaríkjunum er Warner Bros í svipuðum hugleiðingum. Í Bretlandi eru BBC og ITV á sömu slóðum. Fyrir á markaði eru risar á borð við Amazon, Netflix og Hulu.

Disney, stærsti einstaki eigandi sjónvarpsefnis og kvikmynda í heiminum, hefur þegar tekið til við að þynna út sitt efni í banka Netflix, sem hefur haft sýningarrétt á miklu efni úr smiðju fyrirtækisins.

Erfitt er að sjá fyrir þróunina til lengri tíma. Augljóslega er dýrt að vera áskrifandi að öllum þessum efnisveitum. Ef til vill mun áskrift hefðbundins heimilis í framtíðinni ekki vera jafn ólík áskrift kynslóðarinnar á undan og menn hafa haldið – heldur verði einhvers konar pakki efnisveitna tekinn saman. Ekki svo ólíkt áskrift að sjónvarpsstöðvum þar sem flakkað var á milli stöðva, þótt tími línulegs sjónvarpsáhorfs sé nú liðinn.

Einhverjir munu verða undir. Þeir sem fyrir eru munu þurfa að laga sig að breyttum aðstæðum. Netflix hefur undanfarið haft markaðsráðandi stöðu og eytt háum fjárhæðum í vandað sjónvarpsefni. Spurningin er hvort samkeppnin verður veitunni byr undir báða vængi eða til þess að hún þurfi að draga saman seglin.

Eitt er ljóst. Baráttan um streymið er hafin fyrir alvöru.

**Ef til vill mun áskrift hefðbundins heimilis í framtíðinni ekki vera jafn ólík áskrift kynslóðarinnar á undan og menn hafa haldið.**

BÍLGREINASAMBANDIÐ

**AÐALFUNDUR BGS 2019**

verður haldinn fimmtudaginn 11. apríl n.k.
kl. 15:00 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík
Fundarsalur: Hylur, 1. hæð

**Dagskrá:**
- Venjubundin aðalfundarstörf
- Áhugaverðir gestafyrirlesarar
- Í lok fundar verður boðið upp á léttar veitingar

Nánari dagskrá og skráning verður auglýst á bgs.is

Við skorum á félagsmenn að mæta!

*Stjórn Bílgreinasambandsins*

## Halldór




## Frá degi til dags

**Vá!**

**Sú langvarandi ókyrrð sem WOW hefur flogið í gegnum, út í endalausa óvissuna, með króniskt bjartsýnan Skúla Mogensen við stjórnvölinn, hefur áhrif víða. Eðlilega þar sem jafnvel verkalýðurinn og Samtök atvinnulífsins kúldrast í háloftaóvissu. Samningafundum hefur meira að segja verið frestað vegna óvissunnar. Enda hætt við því að brostnar forsendur nú þegar forsendubrostinnar stöðu bresti aftur ef Skúla fatast aðflugið í enn einni nauðlendingartilraun. Ekki boðar heldur gott ef verkalýðsforystan er svo taugatrekkt að framvegis þurfi að gera kjarasamninga til einnar viku í senn, frekar en til dæmis árs. Framtíðin er og verður á stöðugu iði.**

**„Fráleit vitleysa“**

**Hugmyndafræðingurinn Gunnar Smári Egilsson kann illa við þessa töf í samningaferlinu svo líklega munu félagar hans í verkalýðshreyfingunni fljótlega komast yfir flughræðsluna. Hann bendir á það á Facebook að örlög WOW breyti „sáralitlu fyrir ykkur eða þjóðarbúið“ og að frestun kjaraviðræðna „meðan beðið er eftir einhverjum úrslitum fyrir atvinnu- og efnahagslífið er svo hamark vitleysunnar, byggt á vísvitandi oftúlkun á mikilvægi þess hver verði örlög WOW“.**

thorarinn@frettabladid.is

# Í forystu í mannréttindaráðinu



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Ísland var í forystu 36 aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna fyrr í þessum mánuði þegar fastafulltrúi okkar í mannréttindaráðinu flutti sameiginlegt ávarp um ástand mannréttindamála í Sádi-Arabíu. Þetta framtak markar þáttaskil því á vettvangi ráðsins hefur aldrei náðst slík samstaða um gagnrýni á sádiarabísk stjórnvöld. Þau hafa ekki aðeins gengist við morðinu á blaðamanninum Jamal Khashoggi heldur fangelsa þau einnig konur (og karla) fyrir það eitt að beita sér fyrir bættum réttindum kvenna í landinu.

Mannréttindi eru hornsteinn í utanríkisstefnu Íslands. Við erum stolt af því að hafa látið verkin tala, jafnvel þorað á meðan aðrir þegja, og vonum að gagnrýnin skili árangri. Ekkert er gefið í þeim efnum – en dropinn holar steininn. Frelsi og mannréttindi eru forsendur velsældar og um leið einn helsti mælikvarði hennar. Það á við um Sádi-Arabíu eins og önnur ríki.

Ísland hefur tekið virkan þátt í störfum mannréttindaráðsins frá kosningunni í fyrrasumar. Á dögunum sótti ég í þriðja sinn svonefnda ráðherraviku, fyrstur íslenskra utanríkisráðherra. Ýmislegt má bæta í starfsemi ráðsins og talar Ísland áfram fyrir umbótum og breytingum á starfsháttum þess.

Margt er hins vegar vel gert. Mannréttindaráðið afgreiddi 29 ályktanir í lok fyrstu fundahrinu ársins í vikunni sem leið. Þar ber einna hæst sérstaka ályktun um mannréttindaástandið í Níkaragva. Hin ályktunin er söguleg og fjallar um konur og stúlkur í íþróttum. Þar ályktar ráðið í fyrsta sinn um réttindi fólks með óhefðbundin kyneinkenni og áréttar að einstaklingar eigi ekki að þurfa að undirgangast ónauðsynlegar aðgerðir. Einnig samþykkti ráðið ályktanir sem sneru að stöðu mannréttinda í Íran, Sýrlandi og Mjanmar, svo dæmi séu tekin. Ísland studdi þessar ályktanir með virkum hætti og lagði ennfremur lóð á vogarskálar við samþykkt ályktunar um vernd þeirra sem berjast fyrir mannréttindum er tengjast umhverfismálum. Ísland lætur skýrt að sér kveða í störfum mannréttindaráðsins og er öflugur málsvari mannréttinda. Af því er ég stoltur.

**Þetta framtak markar þáttaskil því á vettvangi ráðsins hefur aldrei náðst slík samstaða um gagnrýni á sádiarabísk stjórnvöld.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Nokkur orð um hlutverk Soffíu frænku



**Tyrfingur Tyrfingsson**
leikskáld, í tilefni Alþjóðlega leiklistardagsins í dag

Það er fræg saga af íslenskri leikkonu á 20. öld sem fékk hlutverk Soffíu frænku í Kardemommubænum og sló í gegn, þannig að í næstu uppfærslu á allt öðru leikriti ákvað hún að leika Soffíu frænku bara aftur. Og í næstu uppfærslu aftur. Þeir segja að hún hafi gert Soffíu frænku úr öllum persónum síðan og að um sjötugt hafi þær Soffía runnið saman í eitt og orðið sama konan.

Hún er minna fræg sagan af vinkonu minni sem mætir í fermingarveislur í karakter. Í ár keypti hún sér mussu og ætlar að leika keramiker bæði í kirkjunni og í veislunni. Ástæðan er sú að keramiker hefur um nóg að tala – hún getur drullað yfir leirtauið og gert grín að keramikdýrum við gamlan homma. Í fyrra mætti hún sem djákni en vissi ekkert um hvað djáknar talar. Það tekur enginn eftir því að hún er í karakter því að það man til dæmis enginn alveg hvernig hún þekkir fermingarbarnið. En henni leið samt illa því að henni fannst hún hafa klúðrað hlutverki djáknans og ákvað að mæta aldrei aftur sem önnur persóna í fermingarveislu.

**Ég er ekki einhver höfundur sem skrifar þetta, ég er það sem er að baki þessum höfundi sem skrifar þetta. Og það er stærra og merkilegra af því að það er hið sama og liggur að baki þér.**

En hún gæti aldrei mætt sem hún sjálf og sumum finnst það sorglegt en hún er samt aldrei nær sér en þegar hún er í hlutverki annarra. Þá rétt á meðan fær hún frið. Þannig að í ár hefur hún, eins og áður segir, ákveðið að mæta sem keramiker.

Að fara út í búð sem faðir, áhugamaður um osta og eiginmaður konu á túr. Að nota sama símann til að senda mynd af typpinu á sér og til að skipuleggja bingó í Hjallastefnunni. Fólk brennur út alls staðar og þar er leiklistinni um að kenna. Fólk stundar method leik. Það lifir sig inn í hlutverk sín og hverfur sjálfu sér. Og hlutverkin eru of mörg og það er ómögulegt að sætta þau. Fólk trúir eigin leik.

Það sem keramikerinn og leikkonan gera, er kannski fyrsta skrefið í átt að því að komast handan hlutverksins. Þær ákveða báðar hvaða hlutverki þær gegna og leika ekki bara það sem þær eru beðnar um. Sama má segja um eina dragdrottningu úti á landi sem kemur oft óumbeðin fram sem Soffía frænka og sofnar ölóð og lætur sig dreyma um það að Kasper, Jesper og Jónatan ræni henni um miðja nótt.

Ég er ekki einhver höfundur sem skrifar þetta, ég er það sem er að baki þessum höfundi sem skrifar þetta. Og það er stærra og merkilegra af því að það er hið sama og liggur að baki þér.

Það er auðvelt að vera dónalegur við búðarmann. Það er hins vegar erfiðara að vera dónalegur við mann sem vinnur í búð. Um leið og ég byrja að sjá í gegnum mín eigin hlutverk fer ég að sjá í gegnum hlutverk annarra og líf mitt fyllist af raunverulegu fólki.

Það er ekki hægt að hætta neinu, það er bara hægt að byrja á nýju:

Það eru 47 áhugaleikfélög á landinu. Þar er fólk sem fannst ekki nóg að leika keramiker án þess að nokkur sæi til. Á www.leiklist.is geturðu fundið áhugaleikfélagið í þinni byggð. Kannski er verið að leita að Soffíu frænku og kannski finnst hún í þér.

Við hina segi ég: Þú ert ekki bara einhver drullusokkur sem svarar ekki emailum. Þú ert sjálfur alheimurinn, ekki leika neitt minna.



**Á www.leiklist.is geturðu fundið áhugaleikfélagið í þinni byggð. Kannski er verið að leita að Soffíu frænku og kannski finnst hún í þér.**




# Ársfundur 2019

**Ársfundur SL lífeyrissjóðs verður haldinn mánudaginn 8. apríl 2019 kl. 16.30, að Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.**

**DAGSKRÁ**

1. Fundur settur
2. Skýrsla stjórnar
3. Gerð grein fyrir ársreikningi
4. Tryggingafræðileg úttekt
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
6. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 19. 03. 2019
**Stjórn SL lífeyrissjóðs**

**SL lífeyrissjóður**
Borgartún 29 · 105 Reykjavík · Sími 510 7400 · www.sl.is



# Gólfefnadag

## 26. mars - 6. apríl

**Yfir 100 tegundir flísa**
Veggflísar frá **950** kr. $m^2$
Gólfflísar frá **950** kr. $m^2$
Bílskúrsflísar frá **1.490** kr. $m^2$

ceraviva

## Gegnheilar gæða flísar **MÚRBÚÐARVERÐ**



CERAVIVA SN #2



CERAVIVA SN #3



CERAVIVA NERO SN #4



CERAVIVA TWILIGHT TT #4

## Flísalím & fúga á flottu verði!




**MUREXIN Profiflex flísalím**
Vatnsþétt og frostþolið flísalím, inni, úti, votrými og yfir hitalagnir.
Þyngd: 25kg
Verð **2.590** kr.




**MUREXIN FM 60 Flexfúga**
Frostþolin flísafúga
Margir litir
Þyngd: 2kg
Verð: **795** kr.
Einnig til í 8 kg, verð **2.140** kr.
Einnig til í 25kg, verð **2.890** kr.

## DÚKUR Í DÓS




**MUREXIN rakaþéttikvoða**
Frábær kvoða fyrir votrými.
7kg – **5.290** kr.
14kg – **8.190** kr.
25kg – **14.290** kr.



CERAVIVA TWILIGHT TT #6










## HARÐPARKET

8mm frá **1.490** kr. m²
10mm frá **2.590** kr. m²
12mm frá **2.490** kr. m²
Undirlag frá **176** kr. m²





netgíró

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Bikarinn fór á loft á Hlíðarenda




Valur er deildarmeistari í Domino's-deild kvenna í körfubolta en liðið fékk sigurverðlaunin fyrir þann titil eftir stórsigur sinn gegn Snæfelli í lokaumferð deildarinnar í gærkvöldi. Valur mætir KR í úrslitakeppni deildarinnar og Keflavík og Stjarnan eigast við. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Stórleikir fram undan hjá Söru

**Wolfsburg, liðið sem Sara Björk Gunnarsdóttir leikur með, á harma að hefna þegar það mætir Lyon í seinni leik liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu kvenna í Þýskalandi í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, og samherjar hennar hjá Wolfsburg eiga fyrir höndum mikilvæga leiki fyrir framvindu keppnistímabilsins.

Þýska liðið, sem varð lands- og bikarmeistari síðasta vor, mætir franska liðinu Lyon í seinni leik liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í Wolfsburg í kvöld. Þá leikur Wolfsburg við Bayern München í undanúrslitum þýsku bikarkeppninnar um komandi helgi.

Wolfsburg og Lyon mættust í úrslitaleik Meistaradeildarinnar á síðustu leiktíð en þar hafði Lyon betur eftir framlengdan leik. Franska liðið fer með 2-1 forystu inn í leikinn í kvöld.

Eugénie Le Somme og Wendie Renard komu Lyon í 2-0 í upphafi leiks í fyrri leiknum en Nilla Fischer opnaði einvígið upp á gátt með marki í seinni hálfleik.

„Fyrri leikurinn þróaðist þannig að þær voru mun sterkari aðilinn í fyrri hálfleik og við tókum stjórnina í leiknum í þeim seinni. Við erum náttúrulega að mæta gríðarlega sterku liði og það var smá stress í okkur í upphafi leiksins. Við förum hins vegar mjög vel yfir hlutina í hálfleik og lékum mun betur í þeim seinni," segir Sara Björk í samtali við Fréttablaðið.

Lyon er sigursælasta lið keppninnar með fimm titla en liðið hefur þar að auki farið tvisvar sinnum í úrslitaleik keppninnar þar sem það hefur lotið í gras.




**Sara Björk Gunnarsdóttir fagnar hér marki Nillu Fischer vel og innilega í fyrri leik Wolfsburg og Lyon fyrir sléttri viku.** NORDICPHOTOS/GETTY

Wolfsburg lagði Lyon að velli í úrslitaleik keppninnar vorið 2013 og tryggði sér þar af leiðandi fyrri titil sinn af tveimur en sá seinni kom eftir sigur gegn sænska liðinu Tyresö í úrslitaleiknum ári síðar.

„Liðin þekkjast auðvitað mjög vel og hafa bæði á að skipa hágæða leikmönnum í öllum stöðum. Það verður því ekki nein taktísk snilld eða eitthvað óvænt sem kemur til með að ráða úrslitum í leiknum í dag. Við náðum sem betur fer mikilvægu útivallarmarki í fyrri leiknum og dugir því 1-0 sigur til þess að fara áfram. Það er klárlega kominn tími á að vinnum Lyon og sláum þær úr leik," segir Sara um komandi verkefni.

Tapið gegn Lyon í fyrri leiknum var eitt af tveimur töpum Wolfsburg á yfirstandandi leiktíð en liðið laut í lægra haldi fyrir Bayern München í öðrum leik liðanna í þýsku deildinni.

Þar fyrir utan eru 23 sigurleikir og þrjú jafntefli og Wolfsburg ætti því að fara með gott sjálfstraust inn í leikinn. Þá ættu leikmenn að vera úthvíldar í þessum leik þar sem liðið þurfti ekki að hafa mikið fyrir sigrinum í síðasta leik sínum.

Wolfsburg rótburstaði þar Borussia Mönchengladbach 8-0 í deildarleik liðanna en Sara Björk Gunnarsdóttir var einn lykilleikmanna liðsins sem voru hvíldar í þeim leik.

Það er svo skammt stórra högga á milli hjá Wolfsburg en liðið mætir Bayern München í undanúrslitum þýsku bikarkeppninnar á sunnudaginn kemur.

„Við erum með stóran leikmannahóp og það kemur lítið niður á gæðum liðsins þó svo að við gerum margar breytingar á liðinu eins og við gerðum í leiknum um helgina. Við erum ferskar og það eru allir leikmenn liðsins heilir og klárir í slaginn í kvöld. Undirbúningurinn hefur gengið vel og við erum mjög einbeittar í því verkefni að fara áfram. Við höfum leikgreint Lyon vel og gætum ekki verið betur undirbúnar," segir miðvallarleikmaðurinn öflugi.

Eftir leikinn í dag og bikarleikinn á sunnudaginn eru fimm umferðir eftir af þýsku efstu deildinni en þar berjast Wolfsburg og Bayern München um þýska meistaratitilinn. Liðin eru jöfn að stigum á toppi deildarinnar en Wolfsburg situr í toppsætinu þar sem liðið hefur 15 mörkum betri markatölu en Bayern München. hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

### Domino's kvenna

**Valur - Snæfell 82-56**
**Valur:** Heather Butler 30, Dagbjört D. Karlsdóttir 10, Helena Sverrisdóttir 10, Ásta Júlía Grímsdóttir 10, Dagbjört Samúelsdóttir 9.
**Snæfell:** A. Kowalska 14, Helga H. Björgvinsdóttir 14, K. Matijevic 12, Berglind Gunnarsdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir 4.

**KR - Keflavík 95-97**
**KR:** Kiana Johnson 29, Orla O'Reilly 28, Unnur T. Jónsdóttir 17, Perla Jóhannsdóttir 12, V. Kesanen 4 Þorbjörg A Friðriksdóttir 3.
**Keflavík:** Sara R. Hinriksdóttir 30, B. Dinkins 23, Emelía Ó. Gunnarsdóttir 11, Erna Hákonardóttir 9, Birna V. Benónýsdóttir 9.

**Breiðablik - Stjarnan 82-86**
**Breiðablik:** S. Orazovic 18, Þórdís J. Kristjánsdóttir 17, Sóllilja Bjarnadóttir 17, Ivory Crawford 11, Eyrún Ó. Alfreðsdóttir 11.
**Stjarnan:** Danielle Rodriguez 29, Ragnheiður Benónísdóttir 20, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 13, Bríet Sif Hinriksdóttir 11.

**Haukar - Skallagr. 104-59**
**Haukar:** Þóra Kristín Jónsdóttir 22, Rósa Björk Pétursdóttir 19, Eva Margrét Kristjánsdóttir 16, Sigrún Björg Ólafsdóttir 12, Magdalena Gísladóttir 11.
**Skallagrímur:** Ines Kerin 20, Shequila Joseph 12, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 9.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 44 | Snæfell | 32 |
| Keflavík | 42 | Haukar | 18 |
| Stjarnan | 36 | Skallagrímur | 12 |
| KR | 32 | Breiðablik | 8 |

### Undankeppni EM 2020

**D-riðill**

**Írland - Georgía 1-0**
1-0 Conor Hourihane (36.).

**Sviss - Danmörk 3-3**
1-0 Remo Freuler (19.), 2-0 Granit Xhaka (66.), 3-0 Breel Embolo (76.), 3-1 Mathias Jörgensen (84.), 3-2 Christian Gytkjær (88.), 3-3 Henrik Dalsgaard (90.).

Írland 6, Sviss 4, Danmörk 1, Gíbraltar 0, Georgía 0.

**F-riðill**

**Malta - Spánn 0-2**
0-1 Alvaro Morata (31.), 0-2 Morata (73.).

**Noregur - Svíþjóð 3-3**
1-0 Bjoern Maars Johnsen (41.), 2-0 Joshua King (59.), 2-1 Viktor Claesson (70.), 2-2 Haavard Nordtveit (sjálfsmark) (86.), 2-3 Robin Quaison (86.), 3-3 Ola Kamara (90.).

**Rúmenía - Færeyjar 4-1**
1-0 Ciprian Ioan Deac (26.), 2-0 Keseru (29.), 3-0 Keseru (33.), 3-1 Viljormur Davidsen (vítaspyrna) (40.), 4-1 George Puscas (63.).

Spánn 6, Svíþjóð 4, Rúmenía 3, Malta 3, Noregur 1, Færeyjar 0.

**J-riðill**

**Armenía - Finnland 0-2**
0-1 Fredrik Jensen (14.), 0-2 Pyry Soiri (78.).

**Bosnía - Grikkland 2-2**
1-0 Visca (10.), 2-0 Pjanic (15.), 2-1 Fortounis (vítaspyrna) (64.), 2-2 Kolovos (86.).

**Ítalía - Liechtenstein 6-0**
1-0 Stefano Sensi (17.), 2-0 Marco Verratti (32.), 3-0 Quagliarella (vítaspyrna) (35.), 4-0 Quagliarella (vítaspyrna) (45.), 5-0 Moise Kean (70.), 6-0 Leonardo Pavoletti (76.).

Ítalía 6, Grikkland 4, Finnland, Bosnía 4, Finnland 4, Armenía 0, Liechtenstein 0.

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. mars 2019 — 12. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Ekki öll von úti

Viðskiptaáætlun WOW air til 2021 gerir ráð fyrir miklum viðsnúningi. Lausafjárstaðan jákvæð um meira en milljarð í júní. Vaxtaberandi skuldir verði nánast engar eftir skuldaafskriftir. Indigo aftur fengið að borðinu. »2

**8,7**

milljarðar króna er áætlaður rekstrarhagnaður árið 2021.

»

Gert er ráð fyrir að farþegum WOW air fjölgi og verði 3,2 milljónir 2021.





»2

### Segir fásinnu að tala um bankalán sem ríkisaðstoð

Forstjóri Icelandair Group segir fásinnu að bera 10 milljarða lán sem Landsbankinn veitti félaginu saman við ríkisábyrgð eða ríkisaðstoð. Telur mjög erfitt að reka lítið lággjaldaflugfélag frá Íslandi.

»4

### Útlánatöp í ferðaþjónustu ógna ekki bönkunum

Fari svo að WOW air yrði gjaldþrota og það yrði samdráttur í ferðaþjónustu er eiginfjárhlutfall bankanna hátt. Útlán til ferðaþjónustu um tíu prósent af útlánasafninu, mest hjá Íslandsbanka.

»6

### Hluthöfum skráðra félaga fækkar ört

Hluthöfum félaga í Kauphöllinni hefur fækkað um 15 prósent frá ársbyrjun 2017 ef litið er fram hjá afskráningu Össurar og nýskráningum Arion banka og Heimavalla. Forstjóri Kauphallarinnar segir að það sé „óplægður akur“ að auka þátttöku almennings.




# Forstjóri Icelandair Group segir fásinnu að tala um ríkisábyrgð

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, segir það fásinnu að tala um ríkisábyrgð í samhengi við lán sem Landsbankinn veitti flugfélaginu nýverið. Bæði erlendir og innlendir fjármögnunaraðilar hafi sóst eftir viðskiptum við félagið enda séu góðar tryggingar fyrir hendi og fjárhagsstaða félagsins sé sterk.

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, vakti athygli á því í viðtölum við fjölmiðla í gær að í sögulegu samhengi hefði Icelandair fengið „miklar ívilnanir og fyrirgreiðslur með margvíslegum hætti“ frá ríkinu, nú síðast fyrr í mánuðinum þegar Landsbankinn hefði lánað félaginu hátt í tíu milljarða króna „á kostakjörum“.

Þó svo að ríkið teldi ekki rétt að fjárfesta með beinum hætti í flugrekstri væri öllum ljóst að ríkið kæmi að slíkum rekstri á ýmsan máta.

Bogi Nils bendir á að Landsbankinn og Icelandair Group hafi átt í áratuga viðskiptasambandi og að bankinn hafi um árabil leitað eftir því að auka þau viðskipti, ekki síst á sviði langtímalána.

„Um nokkurra mánaða skeið hefur Icelandair Group unnið að endurfjármögnun á hluta af skuldum félagsins og hafði félagið marga kosti í þeim efnum enda efnahagsreikningur félagsins mjög sterkur og svo til allar flugvélar félagsins óveðsettar,“ nefnir hann.

Margir hafi sóst eftir viðskiptunum og niðurstaðan hafi verið sú að ganga til samninga við Landsbankann.

„Það er því fásinna að tala um ríkisábyrgð eða ríkisaðstoð í þessu samhengi,“ segir hann.

Bogi Nils segist vonast til þess að endurskipulagning WOW air gangi eftir og að flugfélagið bjargi sér í gegnum þá erfiðleika sem það glími við. Hins vegar hljómi þau viðskipti sem um sé rætt óneitanlega einkennilega.

> **Ég tel því að það sé mjög erfitt að reka lítið lággjaldaflugfélag frá Íslandi svo ekki sé minnst á svokölluð últra-lággjaldaflugfélög.**

„Af fréttum að dæma er fyrirtækið ekki gjaldfært og eigið fé verulega neikvætt. Það segir sig því sjálft að ótryggðar kröfur á félagið eru verðlausar. Að þeir sem leggja nýtt áhættufjármagn til félagsins á þessum tímapunkti eignist það ekki að fullu er erfitt að skilja,“ nefnir hann.

Það sé jafnframt mun ódýrara að stofna nýtt flugfélag frá grunni með þennan fjölda leiguvéla sem talað sé um en nemur þeirri fjárhæð sem fréttir segja að félagið vanti.

„Að mínu mati væri því mun skynsamlegra að stofna nýtt félag fyrir mun lægri fjárhæð og eiga það að fullu,“ segir Bogi Nils.

Hann segist auk þess hafa áhyggjur af viðskiptalíkani WOW air. Ísland sé mjög dýrt land fyrir fyrirtækjarekstur. Keflavíkurflugvöllur sé auk þess einn dýrasti flugvöllur Evrópu og eðli málsins samkvæmt sé helmingur lendinga og flugtaka héðan.

Jafnframt sé mikil stærðarhagkvæmni í flugrekstri. Alþjóðlegu lággjaldaflugfélögin sem séu í góðum rekstri séu flest með nokkur hundruð flugvéla.

„Ég tel því að það sé mjög erfitt að reka lítið lággjaldaflugfélag frá Íslandi svo ekki sé minnst á svokölluð últra-lággjaldaflugfélög sem einhvers staðar hefur verið talað um í þessu samhengi. Þetta er frekar einfalt: Til lengri tíma verða tekjurnar að vera hærri en kostnaðurinn.

En ég ítreka að ég vona að WOW air takist að leysa sín vandamál og verði í rekstri áfram,“ segir forstjóri Icelandair Group. **– kij**



**Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.,** Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

VIÐ ERUM GÓÐIR Í FRÁVEITUHREINSUN




Biorock ódýrar lífrænar hreinsistöðvar fyrir fráveituvatn
- Hreinsieiningar fyrir íbúðarhús og húsaþyrpingar
- Lífræn hreinsun, ekkert rafmagn. Geta verið eftirlitslausar í langan tíma
- Henta vel fyrir hótel í sveit, bóndabæi, tjaldstæði, sumarhús og fjallaskála
- Tengjast við rotþró, einfaldar í uppsetningu, stuttur gangsetningartími

VARMA & VÉLAVERK EHF.
Vandað og varanlegt
Knarrarvogi 4 104 Rvk. Simi 585 1070 vov@vov.is www.vov.is

# Gera ráð fyrir miklum rekstrarbata WOW air

**Viðskiptaáætlun til 2021 gerir ráð fyrir miklum viðsnúningi í rekstri félagsins. Lausafjárstaðan verði jákvæð um meira en milljarð í júní. Eigandi 51 prósents hlutar með forgang að arðgreiðslum. Indigo aftur fengið að borðinu.**

Gangi áform forsvarsmanna og ráðgjafa WOW air um endurskipulagningu flugfélagsins eftir er gert ráð fyrir að lausafjárstaða félagsins verði orðin jákvæð um meira en níu milljónir dala, jafnvirði 1,1 milljarðs króna, um mitt næsta ár. Til samanburðar er hún sem stendur neikvæð um 11 milljónir dala og er búist við að hún versni enn frekar og verði, að öðru óbreyttu, tæpar 45 milljónir dala í lok annars fjórðungs ársins.

Þetta kemur fram í drögum að kynningu á endurskipulagningu WOW air sem Markaðurinn hefur undir höndum. Áætlanir félagsins hafa verið kynntar fjárfestum, innlendum sem erlendum, á undanförnum dögum af Arctica Finance, ráðgjafa flugfélagsins, og starfsmönnum fjárfestingarbankasviðs Arion banka.

Áform stjórnenda WOW air miða að því að breyta skuldum þess við skuldabréfaeigendur og aðra lánardrottna upp á samanlagt 120,4 milljónir dala, jafnvirði um 14,6 milljarða króna, í hlutafé og gefa í kjölfarið út ný forgangshlutabréf fyrir 40 milljónir dala, sem jafngildir 4,8 milljörðum króna, til þess að fullfjármagna rekstur flugfélagsins.

Í tilkynningu sem WOW air sendi frá sér í gær kom fram að formlegar viðræður væru hafnar við fjárfesta um að leggja því til nýtt hlutafé. Þær viðræður beinast meðal annars að Indigo Partners, samkvæmt heimildum Markaðarins, en fyrir tæpri viku var greint frá því að bandaríska félagið væri hætt við að fjárfesta í WOW air fyrir allt að 90 milljónir dala, jafnvirði 10,5 milljarða króna.

Í kjölfar umræddrar niðurskriftar á skuldum WOW air verða vaxtaberandi skuldir félagsins 6,6 milljónir dala og verður eiginfjárhlutfall þess 20 prósent, að því er fram kemur í kynningunni.

Fjárfestirinn sem mun leggja flugfélaginu til 40 milljónir dala í nýtt hlutafé mun eignast 51 prósents hlut í félaginu sem og forgangsrétt að arðgreiðslum og öðrum útgreiðslum félagsins. Á móti munu skuldabréfaeigendur og lánardrottnar félagsins fara með 49 prósenta hlut í því.

Í áðurnefndri kynningu er tekið fram að umrædd fjárhæð, 40 milljónir dala, byggi á endurskoðaðri viðskiptaáætlun flugfélagsins og sé enn fremur háð því að skuldir félagsins verði endurskipulagðar og að lausafjárstaðan fari ekki undir níu milljónir dala.

Eigendur skuldabréfa WOW air, sem samþykktu í gær að breyta kröfum sínum á hendur félaginu í hlutafé, munu eignast 23 prósenta hlut í félaginu og aðrir lánardrottnar 26 prósenta hlut en í áætlun flugfélagsins er gert ráð fyrir að allir lánardrottnarnir, þar á meðal Arion banki og Isavia, samþykki að breyta kröfum sínum í hlutafé.

Óvíst er hvort Isavia – en WOW air skuldar ríkisfyrirtækinu um 1,8 milljarða króna – muni fallast á slíka ráðstöfun, að sögn þeirra sem þekkja vel til mála, en það er sem stendur til skoðunar hjá fyrirtækinu. Ekki hafði fengist formlegt samþykki frá öllum lánardrottnunum í gær, eftir því sem Markaðurinn kemst næst, en fastlega er búist við því að flestir þeirra muni samþykkja tillögur flugfélagsins.

Auk Arion banka og Isavia eru stærstu lánveitendur WOW air flugvélaleigurnar Avolon, sem á 16 milljóna dala kröfur á hendur félaginu, og Air Lease Corporation en kröfur þess gagnvart félaginu standa í um 13,6 milljónum dala, samkvæmt upplýsingum sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Þá hefur Airport Associates, sem þjónustar WOW air á Keflavíkurflugvelli, þegar samþykkt að fella niður 1,6 milljóna dala kröfur sínar á hendur flugfélaginu og leggja félaginu til nýtt hlutafé að samsvarandi fjárhæð.

Samkvæmt áætlunum forsvarsmanna WOW air verður víkjandi láni sem Títan fjárfestingafélag, móðurfélag WOW air, hefur veitt flugfélaginu auk þess breytt í hlutabréf sem verða án atkvæðisréttar. Lánið stendur í um 6,3 milljónum dala, jafnvirði 760 milljóna króna.



**Stjórn WOW air, ásamt fulltrúa skuldabréfaeigenda félagsins, kemur út úr fjármálaráðuneytinu að loknum fundi í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Bjartsýn sviðsmynd

Lánardrottnar og eigendur skuldabréfa WOW air, sem munu eignast 49 prósenta hlut í flugfélaginu, gætu fengið 17 til 29 prósenta árlega ávöxtun af fjárfestingu sinni ef áform forsvarsmanna félagsins ganga að öllu leyti eftir og hluthafarnir selja hlut sinn í apríl árið 2021. Þetta kemur fram í kynningu stjórnenda og ráðgjafa WOW air um endurskipulagningu félagsins.

Árleg ávöxtun þess fjárfestis sem eignast 51 prósents hlut í félaginu gæti á sama tíma, í apríl 2021, numið 102 til 124 prósentum, samkvæmt þeirri sviðsmynd sem dregin er upp í kynningunni.

Er þá gert ráð fyrir að viðskiptaáætlun félagsins til næstu ára heppnist og að EBITDAR – afkoma þess fyrir afskriftir, fjármagnsliði, leigu og skatta – verði 75 milljónir dala árið 2020.

**3,2**

**milljónir er áætlað að farþegar félagsins verði árið 2021.**

### Sextán vélar árið 2021

Áætlanirnar gera ráð fyrir verulegum bata í rekstri WOW air á næstu árum og sérstaklega á árinu 2021. Þannig kemur fram í áðurnefndri kynningu að lausafjárstaða félagsins geti verið orðin jákvæð um 79,5 milljónir dala, 9,6 milljarða króna, í lok árs 2021 og að á sama ári verði rekstrarhagnaður þess 72,3 milljónir dala eða 8,7 milljarðar króna.

Til samanburðar miðar viðskiptaáætlun WOW air að því að 7,8 milljóna dala tap verði á rekstri flugfélagsins í ár en að rekstrarhagnaður næsta árs verði 20,6 milljónir dala.

Gert er ráð fyrir því að floti flugfélagsins í ár muni samanstanda af níu Airbus A321 farþegavélum og einni Airbus A320 vél, að því er fram kemur í kynningunni, en að vélarnar verði orðnar sextán árið 2021. Til upprifjunar var floti félagsins skorinn niður úr tuttugu vélum í ellefu í lok síðasta árs. Um leið var stöðugildum fækkað um 350.

Jafnframt gera áætlanirnar ráð fyrir að WOW air fækki áfangastöðum og flytji 2,1 milljón farþega í ár borið saman við 3,5 milljónir í fyrra. Er búist við að farþegar félagsins verði 2,3 milljónir á næsta ári og 3,2 milljónir árið 2021.

Á sama tíma er gert ráð fyrir að starfsmönnum WOW air fækki úr 1.400, eins og fjöldi þeirra var í fyrra, í 915 á þessu ári en að þeim fjölgi í 975 á næsta ári og verði orðnir 1.261 talsins árið 2021.

Af kynningunni má ráða að flugfélagið hafi í hyggju að reka harða lággjaldastefnu þar sem mikil áhersla verði lögð á að lækka einingakostnað og hækka viðbótartekjur „sem gerir okkur kleift að lækka frekar farþegatekjur án þess fórna heildartekjunum“, eins og segir í kynningunni.

Samkvæmt forsendum áætlana félagsins verða viðbótartekjur á hvern farþega 71 dalur árið 2021 en þær voru 55 dalir í fyrra. Slíkar tekjur eru sem kunnugt er allar tekjur flugfélags af farþegum umfram tekjur af sölu farmiða.

Er auk þess gert ráð fyrir að farþegatekjur félagsins fari úr 114 dölum á hvern farþega, eins og þær voru í fyrra, í 117 dali árið 2021.

Þá stendur til að auka beina sölu á vef WOW air þannig að hlutfall slíkrar sölu af heildarsölu félagsins fari úr 67 prósentum, eins og það var á síðasta ári, í allt að 89 prósent 2021.

**hordur@frettabladid.is,**
**kristinningi@frettabladid.is**



ICELANDAIR OG COCA COLA LIGHT TASTE
KYNNA MEÐ STOLTI
DÍVUR
14. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU
MIÐASALA HEFST 4. APRÍL!
SVALA & JÓHANNA GUÐRÚN
DÍSELLA · FRIÐRIK ÓMAR · KATRÍN HALLDÓRA
RAGGA GRÖNDAL · SIGGA BEINTEINS
GÍTAR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN DAVÍÐ SIGURGEIRSSON TROMPET ARI BRAGI KÁRASON HLJÓMBORÐ HALLDÓR SMÁRASON HLJÓMBORÐ INGVAR ALFREÐSSON GÍTAR RÖGNVALDUR BORGÞÓRSSON
SAXAFÓNN STEINAR SIGURÐARSON BASSI VALDIMAR OLGEIRSSON TROMMUR ÞORVALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON BAKRADDIR ANNA SIGRÍÐUR SNORRADÓTTIR ARNAR JÓNSSON RAKEL PÁLSDÓTTIR
GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍNS UNDIR STJÓRN DAVÍÐS SIGURGEIRSSONAR OG JÓHÖNNU GUÐRÚNAR STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GEIRÞRÚÐAR ÁSU GUÐJÓNSDÓTTUR LEIKSTJÓRI SELMA BJÖRNSDÓTTIR
light taste
ICELANDAIR
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS/DIVUR OG Í SÍMA 528-5050
PÓSTLISTAFORSALA SENU LIVE FER FRAM 3. APRÍL KL. 10
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í FORSÖLU: SENALIVE.IS/DIVUR
sena LIVE!

# Útlánatöp ógna ekki bönkunum

**Fari svo að WOW air yrði gjaldþrota og það yrði samdráttur í ferðaþjónustu er bent á að eiginfjárhlutfall bankanna sé hátt og útlán til ferðaþjónustu séu um tíu prósent af útlánasafninu. Fjöldi ferðamanna myndi engu að síður koma til Íslands.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Fari svo að flugfélagið WOW air yrði gjaldþrota hefði það í fyrstu „mjög óveruleg áhrif“ á bankakerfið. „Helstu skuldir flugfélaga eru við flugvélaeigendur. Þau leigja ýmist flugvélar eða eru með þær á kaupleigu,“ segir Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, í samtali við Markaðinn.

„Því næst vaknar spurningin hversu hratt keppinautar bregðast við því að sætaframboð hefur dregist saman. Um það ríkir óvissa. Það gæti orðið samdráttur í ferðaþjónustu sem gæti smitast á aðrar atvinnugreinar. En reikna má með að útlánatöp banka yrðu ekki stórvægileg. Þeir eru vel í stakk búnir að mæta áföllum sem þessu. Bankarnir hafa há eiginfjárhlutföll og útlán til ferðaþjónustu eru um tíu prósent af útlánasafninu. Ekki er útilokað að útlánatöp myndu draga eitthvað úr arðsemi þeirra.

Hafa ber í huga að jafnvel þótt færri ferðamenn sæki landið heim í ár mun engu að síður fjöldi ferðamanna koma hingað. Áhrifin á efnahagslífið gætu minnt á aflabrest,“ segir hún.

Ásgeir Jónsson, forseti Hagfræðideildar Háskóla Íslands, segir að umfang útlána til ferðaþjónustu sé fremur lítið í heildarsamhengi auk þess sem íslensku bankarnir séu með mjög mikið eigið fé. Þess vegna muni útlánatöp í ferðaþjónustu ekki verða ógn við bankana jafnvel þótt mögulegt gjaldþrot WOW air hefði neikvæð áhrif á önnur fyrirtæki í atvinnugreininni. Framlegð þeirra af reglulegum rekstri sé hins vegar það lág að komi til útlánatapa muni þau þurrka út hagnað bankanna í ár.

**Gullgrafaraæði**

„Það hefur verið hálfgert gullgrafaraæði í ferðaþjónustu og bankarnir hafa að einhverju leyti tekið þátt í því. Sum útlánin byggja á forsendum um tekjustreymi og vöxt sem eru augljóslega ekki að fara að ganga eftir. Undanfarin ár voru að mörgu leyti óvenjuleg. Allar stjörnur röðuðust upp okkur til heilla. Það gat ekki staðið til langframa: Lágt verð á olíu og öðrum hrávörum og 30 prósent fjölgun ferðamanna á hverju ári. Á sama tíma fékk ríkissjóður gífurlegar fjárhæðir afhentar frá kröfuhöfum föllnu bankanna sem stöðugleikaframlög.

Það er því líklegt að niðursveiflа í ferðaþjónustu muni bitna á rekstri bankanna. Það ferli hófst raunar á síðasta ári – eftir það tók að hægja á komum ferðamanna. Mögulegt gjaldþrot WOW air mun þyngja róðurinn verulega fyrir mörg fyrirtæki í greininni – sem nú þegar þurfa að glíma við þungan rekstur. Rútufyrirtæki og fleiri hafa til að mynda verið rekin með tapi að undanförnu. Ég geri mér hins vegar ekki grein fyrir áhrifum á fjölda ferðamanna í ár ef flugfélagið verður gjaldþrota,“ segir hann.

**Fasteignir og flugvélar**

Fjárbinding í ferðaþjónustu liggur einkum í fasteignum og flugvélum. „Það er hætt við að boginn hafi verið spenntur of hátt. Fjárfestar hafi til að mynda haft óraunhæfar væntingar um þær leigutekjur sem húsnæði getur skilað til lengri tíma – hvort sem miðað er við verslun, veitingar eða gistingu. Nú þegar er ljóst að veitingarekstur og fleiri greinar standa vart undir núverandi leigu. Og svo bætast ýmsir aðrir liðir við – líkt og fasteignagjöld. Mögulega munu bankar þurfa ganga að fasteignum í kjölfar vanskila, en fasteignirnar eru trygg veð. Ferðaþjónustan er framtíðargrein á Íslandi – og að sumu leyti er hægari vöxtur hollari en hið mikla óðagot sem hefur verið í gangi. Fjárfestingarnar munu því skila arði til lengri tíma jafnvel þótt það komi tímabundið bakslag,“ segir hann.

Ásgeiri þykir ólíklegt að erfiðleikar í ferðaþjónustu muni smitast yfir í byggingariðnað – að minnsta kosti ekki til skemmri tíma. Að undanförnu hafi verktakar einkum verið að reisa íbúðarhúsnæði en ekki hótel. „Það er töluverð íbúðaþörf og því mun ekki gæta mikilla áhrifa þar svona fyrsta kastið.“



Ásgeir Jónsson segir að það hafi verið hálfgert gullgrafaraæði í ferðaþjónustu og bankarnir hafi að einhverju leyti tekið þátt í því. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Lánuðu 233 milljarða til ferðaþjónustu

Bankarnir höfðu við áramót lánað um 233 milljarða króna í atvinnugreinina, samkvæmt opinberum gögnum. Um tíu prósent útlána viðskiptabankanna þriggja eru til ferðaþjónustu.

Arion banki hafði lánað minnst eða sex prósent af lánasafninu. Það gerir um 50 milljarða króna, Landsbankinn lánaði um átta prósent af lánasafninu eða um 81 milljarð króna – við það bætast um tíu milljarðar króna sem bankinn lánaði Icelandair Group nýverið – og Íslandsbanki tólf prósent eða 102 milljarða króna.

Hafa verður í huga að skilgreining bankanna á því hvað tilheyri ferðaþjónustu kann að vera ólík.

Seðlabankinn birti niðurstöður álagsprófs á bönkunum í ritinu Fjármálastöðugleika í haust. Teiknuð var upp sviðsmynd sem spannaði þriggja ára tímabil og fól í sér mikinn samdrátt í útflutningi, verulega rýrnun viðskiptakjara, lækkað lánshæfismat og hærri fjármagnskostnað innlendra aðila. Þá veikist krónan verulega í sviðsmyndinni, verðbólga eykst, vextir hækka, fjárfesting minnkar, kaupmáttur minnkar og atvinnuleysi eykst. Samtals dregst verg landsframleiðsla saman um 6,5% fyrstu tvö árin.

„Niðurstöður álagsprófsins eru á þann veg að eiginfjárhlutföll bankanna lækka að meðaltali um liðlega 4,5 prósent. Þar sem eiginfjárhlutföllin eru tiltölulega há myndu þeir standa slíkt áfall ágætlega af sér. Engu að síður myndu þeir þurfa að ganga á eiginfjárauka sem lagðir eru á til þess að mæta tapi vegna fjármálaáfalls,“ segir í ritinu.

**Lán banka til ferðaþjónustu við áramót**

Heimild: Áhættuskýrslur bankanna og ársskýrslur




# Bætti við sig fyrir 1,7 milljarða króna í Marel

Bandaríski fjárfestingarsjóðurinn Smallcap World Fund, sem er í stýringu American Funds, bætti við tæplega hálfs prósents eignarhlut, jafnvirði um 1.700 milljóna króna miðað við núverandi gengi bréfa, í síðustu viku og fer núna með um 3,3 prósenta hlut í félaginu. Frá áramótum hefur sjóðurinn, sem er sjöundi stærsti hluthafi fyrirtækisins, tvöfaldað eignarhlut sinn í Marel.

Gildi lífeyrissjóður hélt áfram að minnka við eignarhlut sinn í Marel og seldi um 0,25 prósenta hlut í síðustu viku, sem er metinn á ríflega 900 milljónir króna, og fer nú með 5,9 prósenta hlut í félaginu.

Auk Smallcap World Fund hefur evrópski vogunarsjóðurinn Teleios Capital bætt verulega við sig í Marel frá því í janúar og fer nú með 2,45 prósenta hlut í félaginu að virði liðlega níu milljarða króna.

**12**

**milljarðar króna er markaðsvirði hlutar Smallcap World Fund í Marel.**

Hlutabréfaverð í Marel hefur hækkað um meira en 46 prósent frá áramótum. Félagið er langsamlega verðmætasta fyrirtækið í Kauphöllinni með markaðsvirði upp á 357 milljarða króna. Gengi hlutabréfa Marels standa í 541 krónu á hlut og hefur aldrei verið hærra. – kij

# GAMMA tapaði 203 milljónum í fyrra

GAMMA Capital Management tapaði 203 milljónum króna fyrir skatta á síðasta ári, að því er fram kemur í lýsingu sem móðurfélagið, Kvika banki, gaf út í gær vegna skráningar fjárfestingarbankans á aðallista Kauphallarinnar.

Til samanburðar hagnaðist verðbréfafyrirtækið um 626 milljónir króna árið 2017.

Heildartekjur GAMMA voru 1.443 milljónir króna á síðasta ári og drógust saman um ríflega 36 prósent frá fyrra ári þegar þær voru samanlagt 2.264 milljónir króna.

Þá kemur fram í lýsingunni að eignir í stýringu GAMMA hafi numið 135 milljörðum króna í lok síðasta árs en þær voru tæpir 139 milljarðar króna í lok árs 2017.

Kvika banki og hluthafar GAMMA skrifuðu sem kunnugt er undir samning um viðskiptin í nóvember í fyrra og lá samþykki hluthafa bankans og viðeigandi eftirlitsstofnana fyrir 6. mars síðastliðinn.

Samanlagðar eignir í stýringu hjá Kviku og rekstrarfélögum í eigu bankans verða um 400 milljarðar króna í kjölfar kaupanna á GAMMA.

Eins og fram kemur í lýsingunni er kaupverðið á GAMMA tæplega 2,6 milljarðar króna miðað við bókfært virði árangurstengdra þóknana hjá verðbréfafyrirtækinu í lok síðasta árs en verðið getur breyst til hækkunar eða lækkunar eftir því hvernig rekstur og verðmæti fyrirtækisins þróast á næstu misserum.

Gert er ráð fyrir að áhrif kaupanna á afkomu Kviku fyrir skatta verði um 300 til 400 milljónir króna á ársgrundvelli. – kij



Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA Capital Management.


Lemon
Veisluþjónusta Lemon
Er veisla eða
fundur framundan?
Veislubakkarnir frá Lemon
slá alltaf í gegn!
Pantaðu á veisla@lemon.is
Lemon
#lovelemon
Sælkerasamlokur og sólskin í glasi




Tæplega 23 þúsund hluthafar voru innan vébanda félaga sem eru skráð á aðallista Kauphallarinnar í lok síðasta árs en til samanburðar voru þeir samanlagt 25 þúsund talsins í lok árs 2015.

# Hluthöfum fækkað undanfarin ár

**Hluthöfum félaga í Kauphöllinni hefur fækkað um 15 prósent frá ársbyrjun 2017 ef litið er fram hjá afskráningu Össurar og nýskráningum Arion banka og Heimavalla. Forstjóri Kauphallarinnar segir að það sé „óplægður akur“ að auka þátttöku almennings.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Hluthöfum félaga sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar hefur fækkað um liðlega 15 prósent frá byrjun árs 2017 sé ekki tekið tillit til afskráningar Össurar haustið 2017 og nýskráninga Arion banka og Heimavalla á síðasta ári. Fjöldi hluthafa í félögunum var tæplega 23 þúsund í lok síðasta árs, samkvæmt samantekt Markaðarins, en til samanburðar voru hluthafarnir samanlagt 25 þúsund talsins í lok árs 2015.

„Hér er verk að vinna. Það er ekki nokkur spurning um það,“ segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, spurður um minni þátttöku almennings á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, segir þróunina áhyggjuefni. Hugmyndin um almenningshlutafélag, með þúsundir smárra hluthafa, eins og þekktist á árum áður, sé kannski ekki dauð en hún sýni lítið lífsmark.

Í hvítbók um framtíð fjármálakerfisins, sem kom út í lok síðasta árs, er íslenska hlutabréfamarkaðinum lýst sem „mjög vanburðugum“. Íslenskir lífeyrissjóðir hafi komið markaðinum aftur af stað eftir fall hans með góðri þátttöku í nýjum skráningum enda eigi þeir nú ríflega helming af skráðu markaðsvirði Kauphallarfélaga.

„Því miður hafa fáir aðrir fylgt í kjölfarið. Almennir fjárfestar virðast hálfvegis forðast markaðinn,“ segir í hvítbókinni.

Samantekt Markaðarins sem byggir á ársreikningum félaganna átján sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar leiðir í ljós að hluthöfum í félögunum fjölgaði um 31 prósent – úr um 17.500 í tæplega 23.000 – í fyrra en fjölgunin skýrist fyrst og fremst af skráningu Arion banka í júnímánuði. Voru hluthafar

**23**

**þúsund hluthafar voru innan vébanda félaga á aðallista Kauphallarinnar í lok síðasta árs.**

bankans um sex þúsund talsins í lok síðasta árs sem gerir hluthafahópinn þann fjölmennasta á meðal skráðra félaga.

Sé hins vegar litið fram hjá skráningum Arion banka og íbúðaleigufélagsins Heimavalla, sem fór á hlutabréfamarkað í maí í fyrra, fækkaði hluthöfum í Kauphöllinni um sex prósent á árinu. Er það áframhald á þróun síðustu ára, allt frá árinu 2015, þegar fjöldi hluthafa var um 25 þúsund. Fækkunin frá árslokum 2015 nemur alls átta prósentum.

Hluthöfum í Kauphöllinni fækkaði um meira en fjögur þúsund þegar hlutabréf Össurar voru tekin úr viðskiptum í nóvember árið 2017 en ef litið er fram hjá afskráningu stoðtækjaframleiðandans kemur engu að síður í ljós að verulega hefur fækkað í hópi hluthafa skráðra félaga síðustu ár. Þannig fækkaði hluthöfunum um alls þrjú þúsund talsins – um fimmtán prósent – frá ársbyrjun 2017 til loka síðasta árs sé hvorki tekið tillit til afskráningar Össurar né nýskráninga Arion banka og Heimavalla.

Taka skal fram að við talningu á fjölda hluthafa eru sumir hluthafar margtaldir enda er algengt að fjárfestar eigi hlutabréf í fleiri en einu skráðu félagi.

### Fækkaði mest hjá Reitum

Samkvæmt samantekt Markaðarins fækkaði hluthöfum í ellefu félögum á aðallista Kauphallarinnar í fyrra. Mesta fækkunin var í hluthafahópi Reita, um 501, en næstmesta fækkunin var á meðal hluthafa HB Granda sem rekja má til yfirtökutilboðs sem Útgerðarfélag Reykjavíkur, áður Brim, gerði öðrum hluthöfum sjávarútvegsfélagsins á árinu. Fækkaði hluthöfum félagsins um 285.

Þá fækkaði hluthöfum í Skeljungi, Festi, áður N1, og Eik fasteignafélagi um 200 til 300 á síðasta ári.

Mesta fjölgunin, að Arion banka undanskildum, var í hluthafahópi Icelandair Group þar sem hluthöfum fjölgaði um 623. Voru þeir samanlagt ríflega þrjú þúsund talsins í lok síðasta árs.

Þá fjölgaði hluthöfum í Marel um 285 á árinu og voru þeir nærri 2.500 í lok ársins. Búast má við því að það snarfjölgi í þeim hópi í kjölfar fyrirhugaðrar skráningar félagsins á Euronext-markaðinn í Amsterdam en Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels, hefur sagt að mikilvægt sé fyrir félagið að fá „alþjóðlegt leiksvið“ fyrir hlutabréf þess. Verðmyndun og flæði bréfa frá degi til dags verði mun virkara í alþjóðlegri kauphöll.

Aðeins eitt skráð félag, Sýn, er með færri en 500 hluthafa innan sinna vébanda, nánar tiltekið 230

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 27. MARS 2019



Fiskur er hollur og góður og ætti að vera oftar á borðum landsmanna. Það er hægt að gera margvíslega góða rétti úr fiski. 4

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.







Falleg mynd af Alexöndru umvafinni dýrum á framandi slóðum.

# Safnar dömubindum fyrir indverskar stúlkur

Alexandra Kristjánsdóttir er aðeins 26 ára en hefur engu að síður ferðast til 48 landa. Hún er nú stödd í litlu þorpi á Indlandi við hjálparstörf. Á ferðalagi sínu um heiminn hefur Alexandra komist að ýmsu sem hún ekki vissi áður.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Alexandra er núna stödd í Bandikui á Indlandi þar sem hún starfar með hópi fólks að því að skrifa bók um lífgas. „Við verðum hér í 3 mánuði en bókin er ætluð til að hjálpa indverskum bændum við að byggja sitt eigið lífgashús eða „biogas plant“ eins og það kallast á ensku. Við vonumst eftir því að útgáfa bókarinnar verði unnin í samstarfi við UNDP (United Nations Developing Program). Bókin verður þýdd yfir á hindí, ókeypis og aðgengileg öllum,“ útskýrir hún.

Um síðustu helgi var Alexandra í Nepal þar sem hún dvaldi í viku fyrir holi-hátíðina. „Við tókum þátt í ruslatínslu í einni götu, hreinsuðum rusl úr ánni og árfarveginum í Katmandú þar sem tugir manna úr samfélaginu, lögreglan og herinn koma vikulega saman til að tína rusl. Við heimsóttum líka skóla og munaðarleysingjahæli ásamt nokkrum túristastöðum á víð og dreif um borgina.“

## Blæðingar eru tabú

Alexandra hefur kynnst Indlandi vel undanfarnar vikur og meðal þess sem hefur komið henni á óvart er að blæðingar kvenna þykja mikið tabú. „Meirihluti fólks hér veit ekki af hverju blæðingar eiga sér stað hjá konum og trúir því að þetta sé bölvun frá guðunum. Konur mega til dæmis ekki fara inn í hof eða á heilaga staði á meðan á blæðingum stendur. Sömuleiðis er algengt að stúlkur mæti ekki í skólann á blæðingadögum. Mig langaði að gera eitthvað í þessu þannig að fyrir afmælið mitt núna í mars ákvað ég að kaupa endurnýtanleg dömubindi fyrir þær. Ég bað vini og ættingja um pening í staðinn fyrir gjafir en fyrir þá langaði mig að kaupa taubindi fyrir tuttugu konur. Söfnuninni var deilt á Facebook og fólk alls staðar af Íslandi og víðar í heiminum tók þátt í söfnuninni sem fór fram úr mínum björtustu vonum. Peningarnir sem söfnuðust nægðu til að kaupa meira en 1.200 endurnýtanleg dömubindi sem munu nýtast 210 stúlkum og konum,“ segir Alexandra og bætir við að hún hafi tárast yfir góðsemi fólks á afmælisdegi hennar. „Ég er svo virkilega þakklát yfir þessari gjafmildi. Við erum núna að bíða eftir sendingunni sem er á leiðinni. Ég hlakka mikið til að afhenda dömubindin. Ég verð með fræðslu fyrir þær í leiðinni um blæðingar almennt og hvernig á að nota og hirða um bindin. Ég veit að þessi gjöf mun hafa gríðarleg áhrif á líf þeirra allra.“

## Með amerískri fjölskyldu um heiminn

Ferðalag Alexöndru um heiminn byrjaði þegar hún var valin úr hópi umsækjenda til að ferðast með amerískum hjónum og þremur börnum þeirra um heim-

Framhald á síðu 2

Framhald af forsíðu ➪

inn. Í fyrstu var reyndar önnur stúlka valin en sú gafst upp eftir ferðalög til þriggja landa. Þá höfðu þau samband við Alexöndru sem ákvað að láta draum sinn um að kynnast heiminum rætast. „Hjónunum bárust alls 24.400 umsóknir árið 2017 og þau lokuðu snemma fyrir vegna þess fjölda. Ég var því of sein að sækja um starfið upphaflega og var alveg miður mín. Ég bjó til vandað myndband og sendi sem virkaði,“ segir hún. Ferðalögum hjónanna er lokið og þau eru aftur flutt til Bandaríkjanna þangað sem Alexandra hefur heimsótt þau enda skapaðist góð vinátta. „Ferðalag mitt um heiminn með þeim hófst í Búdapest í Ungverjalandi.“

Þegar Alexandra er spurð hvaða land hafi komið henni mest á óvart, svarar hún: „Líklegast Kína. Ég elska Kína en átti þó ekki von á því. Ég hafði ákveðna fordóma gagnvart landinu og ferðamönnunum sem komu þaðan. Núna skil ég menninguna og landið svo miklu betur. Tungumálið er líka svo athyglisvert, hvernig það hefur þróað og mótað land og þjóð. Annars eru nokkrir staðir sem mig langar að heimsækja aftur og get nefnt Salómonseyjar, Vanúatú, Kína, Suður-Afríku, Víetnam, Hawaii, Ástralíu og Frakkland, svo eitthvað sé nefnt.

## Hefur kynnst mörgum

Ég kynntist ótrúlega mörgu ókunnugu fólki sem endaði stundum með því að við borðuðum saman. Mér var boðið á tónlistarhátíð, í grillpartí, strandpartí og fjölskyldumatarboð til að nefna nokkur dæmi. Að kynnast nýju fólki og fá að taka þátt í lífi þess er eitt það skemmtilegasta sem ég geri á ferðalögum. Ég trúi því að ókunnugt fólk sé vinir manns sem maður á bara eftir að hitta. Eins og þeir segja á ensku: „Strangers are just friends you haven't met yet.“ Ég lærði líka ótrúlega margt. Svona ferðalög kenna manni margt, ekki bara um aðra menningarheima heldur líka um mann sjálfan og öll mannleg samskipti. Ferðalögin hafa þroskað mig og lífsreynslan hefur gert mig að betri manneskju.“

## Mengun er ekkert grín

Alexandra segir að umhverfismál hafi aldrei skipt sig jafnmiklu máli og nú.

„Ég var engan veginn að átta mig á því hversu mikilvæg umhverfismálin eru í raun og veru. Það var ekki fyrr en ég sá öll dauðu kóralrifin, allt ruslið, þurrkana, stormana og mengunina að ég fór að átta mig á því hversu virkilega slæmt ástandið er orðið alls staðar í heiminum,“ segir hún. „Á paradísareyjum eins og Hawaii sá ég hvítar beinagrindur af því sem áður höfðu verið litrík kóralrif full af lífi. Í Suður-Afríku máttum við ekki sturta niður í klósettunum vegna vatnsskorts. Í Kína fórum við á afskekktan stað, langt fyrir utan stórborgina, til þess að sjá Kínamúrinn, mengunin þar var svo mikil að það sást ekki til sólar. Vikuna eftir að við fórum frá Fídjí kom fellibylur sem eyðilagði stórt landsvæði og nokkrir létu lífið. Mengun af mannavöldum er ekkert grín. Við verðum að axla ábyrgð og gera eitthvað í þessu strax, allar þjóðir, öll saman sem eitt. Það er svo mikið í húfi.“

Alexandra segir að ferðalögin hafi víkkað sjóndeildarhring sinn og skilning á mismunandi menningarheimum. Ég hef lært sögu þjóða sem mér finnst núna að við hefðum átt að fræðast meira um



Á Hawaii í barnfóstrustörfum.



Strandlíf á Möltu.



Alexandra í Aþenu í Grikklandi.



Á ferðalagi um Ísrael.



Í Courmayeur, Mont Blanc.



Í Höfðaborg í Suður-Afríku.

í skóla, til dæmis þjóðarmorðin í Armeníu sem voru aðdragandi alls þess sem átti sér stað í seinni heimsstyrjöldinni. Ég mæli eindregið með því að ungt fólk ferðist um heiminn og kynnist innfæddum af eigin raun.“

## Í móðurhlutverki

Á ferðalaginu með amerísku fjölskyldunni var Alexandra ekki bara barnfóstra heldur einnig kennari og jafnvel aukamóðir. „Börnin hoppuðu stundum upp í rúm til mín á morgnana og ég fékk að upplifa það að vera mamma án þess að vera mamma. Ætli ég sé ekki ágætlega búin undir móðurhlutverkið þegar að því kemur. Ég hef líka lært að nýta tíma minn núna fyrir sjálfan mig,“ segir hún og bætir við að hún hafi ekki fengið heimþrá. „Að sjálfsögðu voru dagar sem ég vildi að ég hefði getað verið með fjölskyldunni minni eins og í afmæli litla bróður míns, en í heildina var ég alltaf sátt og ánægð þar sem ég var hverju sinni. Stundum óska ég þess samt að þau gætu verið með mér til þess að sjá og upplifa hlutina með mér,“ segir Alexandra en foreldrar hennar eru Unnur Elfa Þorsteinsdóttir og Kristján Kristjánsson. „Þau hafa að sjálfsögðu áhyggjur af mér en eru ánægð fyrir mína hönd. Þau hafa alltaf stutt við bakið á mér og hvatt mig áfram í öllu því sem ég tek mér fyrir hendur. Þau gátu alltaf fylgst með mér á meðan ég ferðaðist með fjölskyldunni því Five Take Flight, eins og þau kölluðu sig, hlóð alltaf niður myndbandi á sunnudögum frá því sem á daga okkar hafði drifið. Það varð vikulegur viðburður hjá foreldrum mínum og litla bróður að horfa myndböndin.

## Hrædd í Portúgal

Þegar Alexandra er spurð hvort hún hafi einhvern tíma orðið hrædd á ferðalaginu, svarar hún: „Já, ég var einu sinni að ferðast ein í leigubíl á leiðinni heim af safni í Lissabon og leigubílstjórinn fór að tala um hversu hrifinn hann væri af rauðhærðum konum. Hann var mjög ágengur og sagðist hreinlega vilja ræna mér og taka mig heim til sín. Mér fannst þetta virkilega óþægilegt og leið ekki vel undir þessum kringumstæðum. Ég ákvað að vera mjög ákveðin og talaði skýrt við hann um að fólk biði mín heima. Ef ferðamenn eru í óþægilegum aðstæðum getur verið gott ráð að hringja (eða þykjast hringja ef síminn er batteríslaus) í einhvern og segja þeim hvar maður sé staddur, með hverjum og hvert að fara,“ útskýrir Alexandra reynslunni ríkari.

## Góður matur

Það var ekki hægt að sleppa Alexöndru án þess að spyrja hana um matinn á þeim framandi stöðum sem hún hefur heimsótt. „Úff, þetta er erfið spurning. Mér fannst víetnamskur matur rosalega góður og sömuleiðis eþíópískur. Alvöru indverskur matur er líka alveg frábær. Svo allt öðruvísi en maturinn sem boðið er upp á hjá indversku veitingastöðunum í Evrópu og annars staðar. Ég hef fengið margar spurningar frá fólki varðandi mataræði mitt og hvernig það sé að ferðast á svona afskekkta staði sem vegan. Það var lítið mál, það er alls staðar hægt að finna eitthvað, eða fá veitingastaðina til þess að útbúa grænmetisrétti fyrir mann. Helsti vandinn er alltaf tungumálaerfiðleikar en í þeim tilfellum er Google Translate besti vinur minn. Það er reyndar einn veitingastaður í miklu uppáhaldi hjá mér en hann heitir Mantra Raw og er í Mílanó. Svo voru búddistahlaðborðin í Kína virkilega skemmtileg,“ segir Alexandra sem býst við að koma heim í sumar.

„Ég stefni á að koma heim í vor eða sumar. Ég hlakka mikið til að koma heim í íslenska náttúru og hitta fjölskyldu og vini. Ég á mér langtímamarkmið, eitt þeirra er að gera eitthvað stórbrotið til þess að gera heiminn betri. Einn daginn myndi mig langa til að stofna mín eigin góðgerðarsamtök eða einhverja stofnun, helst tengda umhverfismálum. Það væri draumurinn,“ segir hún.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


Kjólaveisla
20% afsláttur
af kjólum frá 27.- 30. mars
Mikið úrval af kjólum
frá RUNDHOLZ, japanska MOYURU og YAYA
bóel
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 22, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 fb BOEL insta boelisland

# Fiskur er herramannsmatur

Samkvæmt rannsóknum borðum við ekki nægilega mikinn fisk. Hann ætti að vera á borðum að minnsta kosti tvisvar í viku enda vítamínríkur, hollur og góður.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Fiskur er ríkur af ómega-3 og gefur okkur D-vítamín sem allir þurfa á að halda hér á norðurhveli jarðar. Fiskur er sömuleiðis góður prótíngjafi. Fiskur getur verið mikill veislumatur og hægt að matreiða hann á margvíslegan máta. Hér eru nokkrar hugmyndir.



Það er hægt að framreiða fiskinn á glæsilegan máta. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fiskur í kókos og karrí

Þetta er bragðmikill og góður hversdagsréttur. Uppskriftin miðast við fjóra.

**200 g brún hrísgrjón**
**800 g þorskflak**
**1 tsk. salt**
**½ blaðlaukur**
**½ græn paprika**
**2 msk. olía**
**4 dl létt kókosmjólk**
**2 msk. rautt karrímauk (curry-paste)**
**Safi og börkur af hálfri límónu**
**½ rauðlaukur, smátt skorinn**
**½ chilli-pipar**
**4 msk. ferskt kóríander**

Hrísgrjónin eru soðin samkvæmt leiðbeiningum á pakkanum. Skerið þorskinn í bita og kryddið með salti. Skerið blaðlaukinn í sneiðar og papriku í bita. Setjið olíu í djúpa pönnu. Steikið blaðlauk og papriku þar til mýkist. Bætið þá karrímauki á pönnuna og steikið áfram í 1-2 mínútur. Hrærið allt saman. Bætið því næst kókosmjólkinni við og látið suðuna koma upp. Lækkið hitann og látið malla í tíu mínútur. Loks eru fiskbitarnir settir saman við og safi og börkur af límónu. Setjið lok á pönnuna og allt látið sjóða varlega í um það bil fimm mínútur. Bragðbætið með salti og pipar. Dreifið kóríander yfir í lokin ásamt smátt skornum chilli-pipar. Berið fram með hrísgrjónunum.

## Rjómalöguð fiskisúpa

Þetta er góð súpa sem einfalt er að gera og hún smakkast mjög vel. Það má vel bæta í hana fleiri tegundum af fiski, til dæmis rækjum eða kræklingi. Einnig má vel setja tómata út í eða annað grænmeti. Uppskriftin er fyrir fjóra.

**2 gulrætur**
**6 dl fiskisoð**
**2 dl mjólk**
**2 msk. hveiti**
**200 g lax**
**200 g þorskur eða annar fiskur eftir smekk**
**1 dl frosnar baunir**
**1 dl rjómi**
**½ tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**1 msk. ferskur smátt skorinn graslaukur**

Sjóðið upp á fiskisoðinu í potti og setjið gulrætur í bitum út í. Látið malla í 3-4 mínútur. Blandið saman mjólk og hveiti í glasi með loki og hristið vel saman. Hellið blöndunni í fiskisoðið svo það þykkni. Látið sjóða í 5 mínútur. Lækkið hitann og setjið fiskibitana í súpuna ásamt baunum. Allt soðið áfram á lágum hita í 5 mínútur. Þá er rjóminn settur saman við og bragðbætt með salti og pipar. Setjið meiri vökva ef ykkur finnst súpan of þykk. Dreifið graslauk yfir. Berið fram með nýbökuðu brauði.

## Þorskur með tómat og ólífum

Mjög góður réttur í tómatsósu. Passar vel með kartöflum eða hrísgrjónum. Uppskriftin er fyrir fjóra.

**800 g þorskur, roðflettur**
**1 laukur**
**3 hvítlauksrif**
**½ kúrbítur**
**4 msk. ólífuolía**
**1 dós tómatar í bitum**
**1 msk. tómatmauk**
**1 dl vatn**
**½ grænmetisteningur**
**1 tsk. salt**
**½ tsk. nýmalaður pipar**
**12 steinlausar ólífur**
**½ dl fersk skorin, fersk blaðsteinselja**

Hitið ofninn í 180°C. Skerið lauk, hvítlauk og kúrbít smátt. Hitið olíu á pönnu og steikið lauk og kúrbít þar til mýkist. Hellið því næst tómötum á pönnuna, tómatmauki og teningnum. Látið suðuna koma upp og bragðbætið með salti og pipar. Skerið fiskinn í bita og gætið að því að hann sé beinlaus. Bragðbætið fiskinn með salti og pipar. Hellið tómatsósunni í eldfast mót og leggið fiskstykkin þar ofan á. Dreifið ólífum yfir. Setjið formið mitt í ofninn og bakið í 10-15 mínútur, eftir því hversu þykkar fisksneiðarnar eru. Takið formið út og dreifið steinselju yfir. Berið fram beint úr ofninum.

## Léttsaltaður þorskur með beikoni

Mörgum finnst léttsaltaður fiskur mjög góður. Hægt er að bera hann fram með kartöflumús, steiktu beikoni og gulrótum. Einfalt og gott. Uppskriftin miðast við fjóra.

**800 g léttsaltaður þorskur**
**250 g beikon í litlum bitum**
**1 msk. smjör**
**200 g gulrætur**

### Kartöflumús

**1 kg mjölmiklar kartöflur**
**1 msk. smjör**
**2 dl mjólk**
**1 tsk. salt**
**½ tsk. nýmalaður pipar**

Skrælið kartöflurnar og sjóðið þær þangað til þær verða mjúkar. Hreinsið fiskinn og skerið í hæfilega bita. Sjóðið vatn og leggið fiskbitana í og látið sjóða undir loki í 8-9 mínútur.
Steikið beikonið í smjöri og setjið til hliðar. Skerið gulrætur í litla bita og sjóðið smástund í söltuðu vatni. Sigtið vatnið frá og setjið smá smjör saman við.
Takið kartöflurnar upp og hellið vatninu. Maukið þær gróft og setjið smjör og mjólk saman við. Bragðbætið með salti og pipar. Hrærið kartöflurnar þar til blandan verður jöfn og fín. Bætið mjólk við ef það þarf.
Berið fiskinn fram rjúkandi heitan með kartöflumúsinni. Sumum finnst gott að hafa sinnep með.

GERRY WEBER - TAIFUN
25% afsláttur



Af NÝLEGUM LÍNUM skoðið Laxdal.is/inspiring green
BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ
Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



AUKIÐ FRELSI
AUKIN HAMINGJA
31. mars - 5. apríl 2019
Fimm daga námskeið frá sunnudegi til föstudags. Rósa Richter sálfræðingur og listmeðferðarfræðingur

Ert þú tilbúin(n) að bæta líðan þína og/eða breyta skaðlegu hegðunarmynstri með því að skoða rót vandans, vinna úr erfiðum minningum og byggja upp nýja von og framtíðarsýn?

Með hjálp EMDR sem talin er áhrifaríkasta áfallameðferð sem býðst í dag, göldrum listmeðferðarinnar, mætti hugleiðslunnar og útiveru í náttúrunni býður þetta námskeið upp á raunveruleg tækifæri til sjálfskoðunar, endurnýjunar og breytinga.

Þetta námskeið hentar þeim sem eru tilbúnir að:

- Takast á við rót vandans, öðlast skilning á afleiðingum áfalla, meðvirkni og áhrifum tengsla í uppeldisfjölskyldu
- Endurheimta bælda hluta persónuleikans sem hafa að geyma mikla orku og sköpunarkraft

Þátttakendur læra að tileinka sér öflug verkfæri til að fást við erfiðar tilfinningar s.s. morgunvenjur sem auka vellíðan. Einnig er stunduð dagleg hugleiðsla, létt hreyfing og útigöngur.

Innifalið:
Gisting, ljúffengur og hollur matur
Aðgangur að baðhúsi og líkamsrækt

Umsjón:
Rósa Richter sálfræðingur og listmeðferðarfræðingur

Verð 165.000 kr.
20 % afsláttur fyrir félagsmenn NLFR og NLFA

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Berum ábyrgð á eigin heilsu www.heilsustofnun.is

# Fyrirtækjaþjónusta

MIÐVIKUDAGUR 27. MARS 2019

Kynningar: Wise, A4, N1, Þekking, Múlalundur, Sensa



# Skýjalausnir Wise aldrei öflugri

Staðlaðar lausnir sem gera fyrirtækjum kleift að byrja með nýtt bókhald í skýinu á styttri tíma og með minni vinnu en nokkru sinni fyrr. Á þriðja þúsund notenda nýta sér lausnir Wise í dag. →2

Jón Heiðar Pálsson, sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs Wise sem hefur um 20 ára skeið verið leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir fjölda fyrirtækja hérlendis og erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



WiseFish var innleitt í fyrirtæki í Súrínam, sem er á norðausturströnd Suður-Ameríku. Innleiðing var framkvæmd í gegnum fjartengingu og þannig sparaðist tími og peningar. NORDICPHOTOS/GETTY

Hugbúnaðarfyrirtækið Wise sérhæfir sig í viðskiptalausnum fyrir allar greinar atvinnulífsins. Wise hefur um 20 ára skeið verið leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir fjölda fyrirtækja hérlendis og erlendis. Auðvelt er að aðlaga hugbúnaðinn hverju fyrirtæki fyrir sig en sérlausnir Wise svo sem laun, banki, innheimta og WiseFish eru í raun allsherjarlausn sem notar Microsoft Dynamics NAV, nú í nýrri útgáfu sem kallast Microsoft Dynamics 365 Business Central eða Business Central (BC).

Wise vinnur nú að því að uppfæra núverandi viðskiptavini í nýjustu útgáfur staðlaðra kerfa og sérkerfa Wise. Starfsmenn Wise á Íslandi eru yfir 80 með um 2.500 viðskiptavini um allan heim en Wise hefur verið leiðandi í sölu viðskiptahugbúnaðar frá árinu 1995.

Um þessar mundir er starfsfólk Wise meðal annars að vinna að spennandi þróunarverkefni fyrir alþjóðlega fyrirtækið Cargill í samstarfi við sænska hugbúnaðarfyrirtækið HiQ. Í verkefninu sér Wise um að hanna vöruhús gagna (data warehouse), Tabular teninga og ýmsar þjónustur (API) í skýinu.

„Markmiðið er að taka saman upplýsingar frá fiskeldisstöðvum um allan heim til að geta borið saman vöxt, fóðurnýtingu, áhrif sjúkdóma o.fl. á milli svæða og landa,“ segir Stefán Torfi Höskuldsson, sviðsstjóri rekstrar- og tæknisviðs. Viðskiptavinum Cargill er síðan veittur aðgangur að þessum þjónustum eða greiningum í gegnum vefsíðu sem heitir SeaCloud.

Cargill er eitt stærsta fyrirtæki í heimi í einkaeigu með yfir 150.000 starfsmenn og veltu yfir 14 þúsund milljarða.

Auk þess má nefna að Omicron, sjávarútvegsfyrirtæki í Súrínam á norðausturströnd Suður-Ameríku, innleiddi WiseFish hugbúnað fyrir þremur árum. Innleiðing var framkvæmd í gegnum fjartengingu. „Að innleiða hugbúnaðinn án þess að þurfa að fara á staðinn sparaði bæði tíma og peninga fyrir okkur sem og viðskiptavininn,“ segir Jón Heiðar Pálsson, sviðsstjóri sölu- og markaðssviðs Wise. Svo vel tókst til við innleiðingu og framkvæmd að annað fyrirtæki frá Súrínam, Marisa Fisheries, er að fara í innleiðingu á WiseFish.

WiseFish lausnir Wise spanna alla virðiskeðju sjávarútvegsins frá fiskeldi og veiðum til sölu og dreifingar. „WiseFish annast utanumhald veiða, hversu miklu er landað og hvaða tegundum. Einnig nýtist forritið til að vakta kvótastöðu og halda utan um framleiðsluferla. WiseFish tengist öðrum kerfum á gólfinu eins og Innova hugbúnaði frá Marel og má tengja kerfið við jaðartæki svo sem vogir og handtölvur,“ segir Jón Heiðar.

WiseFish hugbúnaðurinn hefur verið í þróun hér heima um áratuga skeið og seinni ár hefur hróður hans borist víða, m.a. til Ástralíu, Suður-Ameríku, Noregs og Þýskalands. Sérfræðingar WiseFish hafa undanfarin 15 ár unnið náið með fyrirtækinu Euro Baltic í Þýskalandi að þróun og uppfærslu kerfisins. Euro Baltic er hluti af Parlevliet & Van der Plas Group (P&P Group) í Hollandi og er stærsti verkandi síldar við Eystrasaltið. „Í næstu uppfærslu verða allar tengingar við framleiðslukerfin skilvirkari og einfaldari og hún leysir af hólmi mikinn fjölda Excel skjala sem notuð hafa verið til að halda utan um veiðar, löndun og sölu. Reynslan af notkun WiseFish hjá Euro Baltic hefur skilað því að P&P Group hefur ákveðið að innleiða WiseFish hjá fleiri dótturfélögum, m.a. hjá túnfisksútgerðinni CFTO í Frakklandi,“ segir Andrés Helgi Hallgrímsson, sölustjóri WiseFish, og bætir við að starfsmenn CFTO séu spenntir að fá í hendurnar eitt kerfi sem haldi utan um allan ferilinn frá veiðum til sölu. „Þar með er hægt að rekja feril hráefnisins og fylgja eftir þeim gæðakröfum sem kaupendur gera.“



Starfsmenn Wise á Íslandi eru yfir 80 með um 2.500 viðskiptavini um allan heim. Wise hefur verið leiðandi í sölu viðskiptahugbúnaðar frá árinu 1995.



> WiseFish tengist öðrum kerfum á gólfinu eins og Innova hugbúnaði frá Marel og má tengja kerfið við jaðartæki svo sem vogir og handtölvur.
>
> Jón Heiðar Pálsson

## Kosturinn við að vera hjá Wise

- Gerir vinnslu við bókhaldið fljótlegra, skilvirkara og skemmtilegra.
- Tilbúnar Power BI skýrslur fylgja stöðluðu kerfi sem sýnir mælaborð stjórnandans á símum, iPad, vef hvar og hvenær sem er.
- Sjálfvirkni í móttöku og sendingu rafrænna reikninga með tengingu við alla skeytamiðlara landsins, einfaldar líf bókarans, dregur úr villuhættu og tryggir réttari meðhöndlun gagna.
- Bankakerfi sem annast sjálfvirka afstemmingu bankareikninga og sýnir raunstöðu bankareikninga á einum stað.
- Öll vinnsla á sér stað í kerfinu og ekki þarf lengur að skrá sig inn í netbanka til að greiða og móttaka reikninga
- Tengingar við allar helstu vefbúðir sem gerir okkur kleift að tengja vefbúðir á skemmri tíma en áður.
- PDF reikningar til viðskiptamanna og frá birgjum eru sendir og mótteknir og tengdir við færslur þar sem við á.
- Myndir af reikningum eru einfaldlega tengdar færslum í ferða- og kortauppgjörum sem sparar mikla vinnu við skráningu kostnaðar og eykur skilvirkni.
- Office 365 er fullkomlega samhæft við Micrsoft Dynamics NAV, nú Microsoft Dynamics 365 Business Central.
- Hægt er að meðhöndla tilboð, innkaup og reikningagerð í Outlook.
- Reikningar, eyðublöð og útlit er breytt og aðlagað í Word.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, | Veffang: frettabladid.is

# SAMSUNG

# VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ NÁ ATHYGLI

## Spennandi, snjallir og fallegir upplýsinga-, auglýsinga- og snertiskjáir



- HÓTEL
- VEITINGASTAÐIR
- VERSLANIR
- VERSLANAMIÐSTÖÐVAR
- FLUGSTÖÐVAR
- UMFERÐAMIÐSTÖÐVAR
- SKÓLAR ° KIRKJUR
- STÓRIR VINNUSTAÐIR
- ...o.fl. og o.fl.




SNERTISKJÁIR

# SMART LAUSNIR FYRIR HÓTEL OG GISTISTAÐI

- Einfaldar og þægilegar lausnir.
- Einstök upplifun fyrir hótelgesti.
- Hágæða sjónvarpstæki.
- Gagnvirk notkun.
- Notendaviðmót sem auðvelt er að laga að þörfum hvers og eins.



# SHARP SJÓÐVÉLAR OG AFGREIÐSLUKERFI



SJÓÐVÉLAR

# FRAMTÍÐIN TIL SÝNIS - MEÐ SKJÁ FRÁ SAMSUNG




TÖLVUSKJÁIR



ORMSSON

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

SAMSUNG SETRIÐ

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15

# Góð móttaka bætir frammistöðu

Mikilvægt er að taka vel á móti nýjum starfsmönnum. Það bætir starfsánægju og frammistöðu. Móttaka nýliða á vinnustað nefnist námskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Markviss móttaka nýrra starfsmanna á vinnustað er talin vera eitt af aðalatriðunum til að tryggja hollustu þeirra og tryggð. Hún ýtir jafnframt undir betri frammistöðu starfsmanna, þeir gera færri mistök og eru fljótari að komast inn í starfið. Góð móttaka nýliða er einnig talin geta dregið úr starfsmannaveltu, en ein af helstu ástæðum þess að starfsmenn hætta í starfi á fyrstu mánuðunum er talin vera ómarkviss þjálfun og móttaka,“ segir Harpa Björg Guðfinnsdóttir, leiðtogi fræðslumála hjá Rio Tinto á Íslandi, sem verður kennari á námskeiði Endurmenntunar.

Hún segir ýmsar leiðir til að taka á móti nýjum starfsmönnum. „Það er afar mikilvægt að nánustu samstarfsmenn séu meðvitaðir um að nýr starfsmaður er væntanlegur og gott fyrir þá sem taka á móti nýliðum að styðjast við gátlista til að tryggja að hlutir gleymist ekki. Hverja þarf nýliðinn til dæmis að hitta, hvaða upplýsingar þarf hann, hver á að kenna honum starfið og hefur hann þau tæki og tól sem til þarf?“

Harpa segir mörg stærri fyrirtæki vera með formlegt fóstrakerfi þar sem eldri og reyndari starfsmenn taki á móti þeim nýju og eru þeim innan handar fyrstu vikur í starfi. „Þetta er góð leið til að tryggja góða móttöku nýliða og auðvelda aðlögun þeirra að nýja vinnustaðnum.“



Allir muna eftir fyrsta vinnudegi sínum á nýjum vinnustað. Góðar móttökur geta skipt sköpum til að skapa jákvætt viðhorf. NORDICPHOTOS/GETTY

Innt eftir því hvort þessum málum sé nægilega vel sinnt af íslenskum fyrirtækjum segir Harpa að það sé sín upplifun. „Fyrirtæki eru alltaf að leggja meiri og meiri áherslu á góða móttöku nýliða. Hjá stærri fyrirtækjum er þessi þáttur yfirleitt í föstum skorðum og litið á góða móttöku nýliða sem einn af mikilvægum þáttum í rekstri fyrirtækja.“

*Hvað gerist ef fólk fær ekki góðar móttökur?*

„Það skiptir okkur öll miklu máli að tekið sé vel á móti okkur, fyrstu kynni skipta miklu máli í öllum samskiptum. Þegar ég spyr fólk að því hvort það muni eftir fyrsta vinnudeginum svara flestir játandi, hvort sem þeir upplifðu góðar eða slæmar móttökur. Það er mjög mikilvægt að aðlagast vinnustaðnum vel, upplifa okkur velkomin og að við séum hluti af hópnum og einnig er mikilvægt að við fáum fljótt þá tilfinningu að við völdum starfinu. Séu móttökurnar ekki góðar aukast líkurnar á að við gefumst upp og hættum í starfi. Kostnaður við starfsmannaveltu er gríðarlega hár og því vilja öll fyrirtæki halda henni í lágmarki.“

Harpa telur forsvarsmenn fyrirtækja áhugasama um að bæta þennan þátt í starfseminni. „Námskeið og fundir um þennan þátt eru yfirleitt vel sóttir og greinilegt að margir leggja áherslu á góða móttöku og þjálfun nýliða. Þetta er þáttur sem alltaf má bæta. Það þarf til dæmis stöðugt að endurskoða innihald fræðslunnar og hverju hún er að skila. Það verður líka þróun í þessu eins og öðru í fyrirtækjarekstri, æ fleiri eru til dæmis að nýta sér leiðir í veffræðslu sem er góð viðbót við aðrar leiðir sem notaðar eru í þjálfun.“

Harpa verður kennari á stuttu námskeiði hjá Endurmenntun Háskóla Íslands mánudaginn 1. apríl næstkomandi. Námskeiðið ber heitið Móttaka nýliða á vinnustað og er ætlað stjórnendum, millistjórnendum, starfsmönnum mannauðsmála í fyrirtækjum og stofnunum og öllum þeim sem hafa áhuga á málefninu og vilja tryggja góða móttöku nýliða á vinnustað.



**Harpa Björg Guðfinnsdóttir er með MA-gráðu í mannauðsstjórnun og starfar sem leiðtogi fræðslumála hjá Rio Tinto á Íslandi.**

Á námskeiðinu verður meðal annars fjallað um starfsánægju, starfsmannaveltu og tengsl við móttöku nýliða, aðlögun nýliða, ferlið við nýliðamóttöku og fóstrakerfi.

Nánari upplýsingar má nálgast á endurmenntun.is.







# dk iPos snjalltækjalausn
## fyrir verslun og þjónustu
### Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi

dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.

2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2018

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

dk hugbúnaður




# Fagleg og persónuleg ráðgjöf

A4 er framsækið og lifandi fyrirtæki sem býður fjölbreyttar vörur fyrir skrifstofuna, skólann og heimilið.

Hjá fyrirtækjaþjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem veita faglega og persónulega ráðgjöf er varðar innkaup á rekstrar- og skrifstofuvörum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Um er að ræða kraftmikinn og samhentan hóp starfsmanna sem leggur áherslu á að veita viðskiptavinum góða þjónustu og hafa gaman í vinnunni.

Lögð er áhersla á að viðskiptavinir geti nálgast fyrirtækjaþjónustuna með fjölbreyttum hætti, hvort sem er í gegnum sölumenn, verslun, síma eða vef.

„Við trúum því að með því að hafa hæft og ánægt starfsfólk séum við að veita okkar viðskiptavinum betri þjónustu. Við hlustum á viðskiptavininn, greinum þarfir hans og finnum þær lausnir sem henta best,“ segir Bylgja Bára Bragadóttir, sölustjóri fyrirtækjaþjónustu A4.



**Hjá fyrirtækjaþjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem veita faglega og persónulega ráðgjöf.**

# Merktar vörur og gjafavara

A4 býður upp á fjölbreytt úrval vara til sérmerkinga. Algengt er að fyrirtæki gefi starfsfólki eða viðskiptavinum merktar gjafir. Dæmi um slíkt eru ferðatöskur, bakpokar, hitabrúsar og pennar sem merktir eru nafni fyrirtækis, lógói eða slagorði.








# Gæðavara á góðu verði

A4 býður fjölbreytt úrval vara á sviði skrifstofu-, skóla-, húsgagna, gjafa-, föndur- og hannyrðavara. Þeirra á meðal eru heimsþekkt vörumerki sem eiga það sammerkt að vera í háum gæðaflokki. Í skrifstofuvörum má nefna Faber-Castell, Stabilo, Acco, 3M, Novus og Durable. Áhersla er lögð á gæðavörur á góðu verði.

Boðið er upp á alhliða lausnir fyrir skrifstofuna og má þá nefna ritföng í miklu úrvali, ljósritunarpappír og pappírsvörur, hylki í prentara, pappírstætara, plöstunarvélar, merkivélar og ýmsar aðrar rekstrarvörur.

A4 er auk þess með mikið úrval af fallegri gjafavöru og býður upp á marga spennandi valkosti þegar kemur að fyrirtækjagjöfum eða öðrum tækifærisgjöfum til starfsmanna.







Atticus stóllinn frá Johanson er fáanlegur í mörgum flottum útfærslum. MYND/A4

# Hágæða skandinavísk hönnun

A4, í samstarfi við öfluga skandinavíska húsgagnaframleiðendur, býður upp á heildstæðar lausnir fyrir skrifstofur, stofnanir og almenningsrými. Góð og vel hönnuð húsgögn eru hluti af skapandi og hvetjandi vinnuumhverfi. Vinnustaðurinn er ekki bara staður sem þú mætir á og dvelur, heldur staður sköpunar, afkasta og um leið vellíðunar.

„Við leggjum mikla áherslu á þjónustu og ráðgjöf því hver viðskiptavinur er einstakur. Við erum með fjölbreytt úrval af vinnuvistfræðilegum og sveigjanlegum lausnum sem henta þörfum hvers og eins og veitum ráðgjöf við heildarlausnir að innra skipulagi,“ segir Valgerður Vigfúsardóttir, sölustjóri húsgagna A4.

Vegna vaxandi umsvifa í húsgagnasölu er unnið hörðum höndum að því að stækka sýningarsal húsgagna í A4 í Skeifunni. Sýningarrýmið er því tímabundið að Köllunarklettsvegi 10.



Valgerður Vigfúsardóttir, sölustjóri húsgagna A4.

# Með hagræðingu og góðri þjónustu lækkar þú rekstrarkostnaðinn

A4 þjónustar fyrirtæki og stofnanir af öllum stærðum og gerðum. Mikill metnaður er lagður í að veita góða þjónustu. Þarfir viðskiptavina eru ólíkar og lögð er áhersla á að finna hagkvæmar lausnir fyrir hvern og einn. Fyrirtæki og stofnanir geta óskað eftir því að fá viðskiptastjóra fyrirtækjaþjónustunnar í heimsókn og finna leiðir til að hagræða í innkaupum á rekstrarvörum.

„Við leggjum áherslu á að eiga gott samband við okkar viðskiptavini, þekkja þarfir þeirra og finna leiðir til að mæta þeim á sem hagkvæmastan hátt. Við erum til dæmis með viðskiptastjóra menntastofnana sem sérhæfir sig alfarið í að sinna grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum og annan viðskiptastjóra sem sinnir leikskólum og frístundaheimilum. Með því að þekkja viðskiptavini okkar getum við aðlagað vöruframboðið í takt við þarfir þeirra. Þetta samband og traust er svo mikilvægt,“ segir Bylgja Bára Bragadóttir, sölustjóri fyrirtækjaþjónustu A4.

**„Við leggjum mikið upp úr því að veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu enda er ánægður viðskiptavinur okkar metnaður.**

Bylgja hvetur fyrirtæki til að skrá sig á póstlista A4 en þannig er hægt að fylgjast með nýjustu tilboðunum og fá upplýsingar um nýjungar í vöruframboði A4. Hægt er að skrá sig á www.a4.is/postlisti.

„Við skorum á viðskiptavini að gera verðsamanburð og hafa samband við fyrirtækjaþjónustu okkar,“ segir Bylgja.



Bylgja Bára Bragadóttir sölustjóri.



Stóllinn Åhus frá nýjasta samstarfsaðila A4, Blå Station.



Dent frá Blå Station er svansvottaður í öllum útfærslum.

# Nauðsynlegt að ráðast gegn streitu

**Streita og kulnun er eitt af stóru vandamálunum í íslensku samfélagi. Margir upplifa að þeir séu að missa stjórn á lífi sínu vegna álags í starfi. Nauðsynlegt er að fyrirbyggja streitu en hún hefur slæm áhrif á heilsuna.**


Allir þurfa að hjálpast að við að koma í veg fyrir streitu og kulnun á vinnustað. NORDICPHOTOS/PHOTOS



Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is


Í Svíþjóð hefur verið unnið markvisst að því að fá fólk aftur út í atvinnulífið sem orðið hefur fyrir kulnun í starfi vegna streitu og álags. Sænska verkefnið kallast Hugsandi vinnustaðir (Reflective workplaces) og er stutt af heilbrigðisráðuneytinu til að skapa heilbrigðara atvinnulíf í Svíþjóð. Verkefnið varð fyrst til í Karlstad árið 1990.

Stefnt er að því að draga úr veikindum á vinnumarkaði auk þess að fá fleiri útbrunna starfsmenn aftur til vinnu. Verkefnið hefur einnig verið kynnt í Noregi á ráðstefnu sem fram fór í Tromsø.

Starfsmenn fá sinn tíma á einum vinnudegi í viku til að vinna með sjálfa sig, fá hvatningu og hugleiðslu til að læra að slaka á. Fagfólk hefur tekið þátt í að byggja fólkið upp, jafnt félagsfræðingar, kennarar og stjórnendur fyrirtækja. Verkefnið stendur yfir í fjórar vikur. Margir starfsmenn hafa lýst yfir ánægju með þetta fyrirkomulag sem hefur mikla þýðingu til að koma í veg fyrir streitu á vinnustað. Í ljós kom að veikindadögum fækkaði umtalsvert hjá þeim fyrirtækjum sem tóku þátt í verkefninu. Í hraða nútímans og álagi á vinnustöðum, þar sem atvinnuöryggi er lítið og erfitt að taka sér hlé yfir daginn, er streita mikil hjá starfsmönnum. Álagið getur skaðað mannleg félagsleg tengsl og heilsu starfsmanna. Með sænska verkefninu er farið í gegnum hugsanaferlið á vinnustaðnum og ástæður streitu og álags fundnar út. Það stuðlar að betri frammistöðu hjá starfsmönnum auk þess sem lífsgæði þeirra aukast og líðanin verður betri.

> **Álagið getur skaðað mannleg félagsleg tengsl og heilsu starfsmanna.**

Kristian Tilander sem stendur á bak við verkefnið segir að allir vinnustaðir ættu að hafa efni á að láta starfsfólki sínu líða vel í vinnunni. „Það þarf að hindra að fólk brenni út og veikist vegna álags.“

Í rannsókn sem gerð var í fjórtán Evrópulöndum árið 2012 kom fram að fólk sem vinnur í streitumiklu umhverfi hefur síður orku til að stunda líkamsrækt í frítíma. Í ljós komu sterk tengsl milli streitu í vinnu og líkamlegrar virkni í frítíma. Því meira álag í vinnunni, þeim mun minni líkamleg virkni í frítíma. Í rauninni er það áhyggjuefni því hreyfing er besta lausnin við streitu. Þótt rannsóknin sé ekki alveg ný er hún í fullu gildi. Aldurinn í þessari rannsókn var að meðaltali 43,5 ár en hún birtist á sínum tíma í American Journal of Epidemiology.

Á Íslandi hefur orðið vitundarvakning um þessi mál og margs konar námskeið í boði fyrir þá sem vilja ná tökum á streitu í sínu daglega lífi. Það er allra hagur, jafnt vinnuveitenda sem starfsmanna, að öllum líði vel í vinnunni.






„Við leggjum áherslu á að vöruframboðið taki mið af þörfum atvinnulífsins í nágrenni hverrar verslunar fyrir sig," segir Sylvía Þórarinsdóttir, verslunarstjóri N1 í Klettagörðum. MYND/STEFÁN

# Þar sem fagmennskan ræður ríkjum

Í verslunum N1 veitir fagfólk ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja í fjölbreyttum rekstri. Vöruvalið er sveigjanlegt og tekur mið af þörfum atvinnulífsins í nágrenni hverrar verslunar.

N1 rekur sjö verslanir um land allt þar sem fagfólk á ýmsum sviðum veitir aðstoð og ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga. Helstu vöruflokkarnir sem verslanirnar selja eru m.a. smurolíur, vinnufatnaður, gas, rafgeymar, perur, þurrkublöð og útgerðarvörur ásamt mörgum öðrum vörum, segir Sylvía Þórarinsdóttir, verslunarstjóri N1 í Klettagörðum 13 í Reykjavík. „Einnig má nefna að við bjóðum mikið úrval af efnavörum, pappír, hreinlætisvörum og rekstrarvörum fyrir verktaka, sjávarútveg, verkstæði, bændur, iðnað og einstaklinga. Í verslunum N1 er auk þess hægt að sérpanta ýmsar vörur sem N1 býður upp á."

## Sveigjanlegt vöruúrval

Verslanir N1, sem eru staðsettar hringinn í kringum landið, búa yfir dreifineti sem er með því besta sem gerist á landinu segir Sylvía. „Klettagarðar er þeirra stærst og um leið eina verslunin á höfuðborgarsvæðinu. Vöruval verslana N1 er sveigjanlegt og misjafnt eftir stærð verslunar. Við leggjum áherslu á að vöruframboðið taki mið af þörfum atvinnulífsins í nágrenni hverrar verslunar fyrir sig og í Klettagörðum erum við með alla vöruflokka."

Verslanir N1 á landsbyggðinni eru staðsettar á Akureyri, Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Patreksfirði, í Ólafsvík og Vestmannaeyjum. Flestar verslanirnar eru opnar alla virka daga, frá kl. 8 til 17. Einnig eru litlar verslunareiningar á þjónustustöðvum N1 á Blönduósi, Húsavík og Höfn.



N1 býður upp á traust vörumerki í fjölda vöruflokka, m.a. í vinnufatnaði.



N1 býður upp á flott merki í olíum og efnavörum, t.d. Mobil, Q8 og Comma.



Verslun N1 í Klettagörðum 13 er í Reykjavík.

## Föstudagskaffi í Klettagörðum

„N1 þjónustar breiðan hóp viðskiptavina, einstaklinga og fyrirtæki, t.d. verktaka, bændur, verkstæði, iðnað og fyrirtæki í sjávarútvegi," útskýrir Sylvía.

„Við viljum stöðugt bæta þjónustuna og ná til fleiri viðskiptavina og þá sérstaklega til smærri verktaka og einstaklinga. Við hvetjum fólk til þess að koma við hjá okkur og kynna sér þjónustuna en fyrir tveimur árum byrjuðum við á því að bjóða upp á meðlæti með kaffinu á föstudögum. Við ætlum svo sannarlega að halda því áfram þar sem það hefur tekist einstaklega vel og er alltaf gaman að sjá hvað margir hafa gert það að föstum lið að kíkja inn á föstudögum. Gestum gefst þá gott tækifæri til þess að eiga við okkur spjall og kynna sér hvað við höfum upp á að bjóða."

## Traust vörumerki

Í þeim fjölda vöruflokka sem N1 býður upp á eru traust vörumerki í boði. „Í fatnaði, skóm og öryggisvörum má nefna Dimex, Fristads, Uvex, Jalas, Ejendals, Dunlop, Cofra og Kwear. Í olíum og efnavöru erum við með frábær merki eins og Mobil, Q8 og Comma en það getur margborgað sig að velja réttu efnin. Einnig erum við með pappír, box og hreinlætisvörur frá Tork," segir Sylvía.

## Merking samdægurs

Vöruhús N1 er við hlið verslunarinnar í Klettagörðum og þaðan er dreifikerfi vara á alla aðra sölustaði.

„Í Klettagörðum erum við einnig með merkingadeild þar sem hægt er að fá allan vinnufatnað merktan. Sérstaða okkar hefur verið snör merkingaþjónusta. Viðskiptavinur getur fundið fatnað í verslun okkar sem hentar starfsemi hans og fengið hann merktan meðan hann bíður. Þjónustustaðir okkar úti á landi, til dæmis Akureyri, geta afhent merktan fatnað daginn eftir að hann er pantaður. Einnig erum við með litla saumastofu þar sem að við sinnum minniháttar viðgerðum á fatnaði.

Það má því sannarlega segja að ýmislegt sé í boði hér hjá N1 og hvetjum við sem flesta til að kíkja í heimsókn og skoða úrvalið," segir Sylvía að lokum.



Guðmundur Arnar Þórðarson stýrir sviðinu Viðskiptaþróun og ráðgjöf hjá Þekkingu. MYND/ANTON BRINK

# Þekking í 20 ár

## Um tveggja áratuga skeið hefur Þekking þjónustað atvinnulífið í allri almennri upplýsingatækni hér á landi. Nú hefur fyrirtækið stóraukið sérfræðiráðgjöf sína sem tekur mið af þörfum hvers og eins viðskiptavinar.

Þekking hf. hefur í 20 ár sérhæft sig í ráðgjöf og rekstri á sviði upplýsingatækni. Hjá Þekkingu starfa ríflega 70 manns en fyrirtækið er með starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Guðmundur Arnar Þórðarson stýrir sviðinu Viðskiptaþróun og ráðgjöf hjá Þekkingu og segir hann fyrirtækið vera að ná miklum árangri í samstarfi við viðskiptavini við að aðgreina sig á markaði og setja fókus á eigin kjarnastarfsemi. „Möguleikarnir eru margir og ótal þættir sem þarf að taka tillit til, tæknilegir, stjórnunarlegir og mannlegir.“

### Gerum flókna hluti einfalda

Guðmundur segir að þrátt fyrir hraðar breytingar hafi Þekking haldið í grunngildi sín sem felast í að fyrirtækið er óháð, með skýrar áherslur og lipurð í þjónustu. „Þekking flytur ekki inn vélbúnað né þróar hugbúnað og erum við því ekki bundin við neina lausn. Rekstur og hugbúnaðarleyfi eru oftar en ekki með stærstu kostnaðarþáttum tölvukerfa og með því að hafa óháðan samstarfsaðila eins og Þekkingu, sem getur veitt ráðgjöf um hvaða lausnir eru að koma best út, getur viðskiptavinurinn náð betri árangri en ella.“

Þjónusta Þekkingar er margþætt og tekur mið af þörfum hvers og eins viðskiptavinar. Þekking tekur m.a. að sér ráðgjöf, stefnumótun í upplýsingatækni, verkefnastýringu upplýsingatækniverkefna eða tölvudeild fyrirtækja með öllu stjórnskipulagi sem því fylgir. „Í grunninn hefur allur rekstur upplýsingatækni álíka þarfir, helstu breytur eru stærð og ytri kröfur. Innri þættir varða svo m.a. stefnumótun, ferla og menningu sem er mjög mikilvægt að taka mið af og hafa í huga. Með öllum valkostunum sem bjóðast í dag getur heildarmyndin oft virst flókin og mörg fyrirtæki í upplýsingatækni keppast um athygli viðskiptavina. Ráðgjöf okkar miðast því við að koma að stefnumörkun í upplýsingatækni og hjálpa viðskiptavinum okkar að finna lausnir sem eru sérsniðnar að þörfum hvers og eins. Þekking býr yfir þeirri sérstöðu í krafti þess að vera óháð og með skýrar áherslur, þ.e. að geta unnið með flestöllum á markaði auk þess sem við búum yfir þéttofnu tengslaneti fyrirtækja í upplýsingatækni,“ segir Guðmundur.

### Árangur á hagkvæman hátt

Þekking hefur til margra ára sinnt rekstrarþjónustu en hefur nú stóraukið sérfræðiráðgjöf með það til hliðsjónar að taka upp nýjar lausnir og vinnuaðferðir. „Fyrirtæki eru að tileinka sér meira af skýjalausnum en einnig í auknum mæli að taka upp staðlaðar lausnir. Þá er gott að geta leitað til sérfræðinga sem þekkja reksturinn og geta ráðlagt réttar lausnir. Við aðstoðum viðskiptavini okkar við að ná árangri á sem hagkvæmastan hátt með snjallri nýtingu upplýsingatækni. Og þar koma óháðir sérfræðingar Þekkingar til sögunnar.“

Guðmundur segir það vera sífellt algengara að sérfræðingar Þekkingar setjist niður með stjórnendum fyrirtækja og ræði við þá um hvernig upplýsingatæknin yrði byggð upp ef fyrirtækið væri að byrja með hreint borð. „Við hjálpum til við að raungera þá breytingu og leiðum þá að því marki.“

### Útvistun í sókn

Í efstu þjónustulínu Þekkingar, „Tölvudeildin þín“, leggur Þekking til stjórnendur í upplýsingatækni. Í þeirri þjónustulínu fylgir m.a. ráðgjöf og þátttaka í verkefnum þannig að viðskiptavinurinn fær óháða sérfræðinga sér við hlið sem hjálpa til við að nýta upplýsingatækni til aðgreiningar á markaði, segir Guðmundur. „Sem dæmi býður Þekking nú upp á að fá leigðan upplýsingatæknistjóra, eða CIO, sem sér þá um rekstur kerfa. Með því að velja slíka þjónustu vita stjórnendur fyrirtækja að rekstur upplýsingakerfa er í öruggum höndum sérfræðinga og geta þar með nýtt starfsfólk sitt betur í að sinna kjarnastarfsemi. Við finnum að stjórnendur eru mjög meðvitaðir um mikilvægi réttrar nýtingar upplýsingatækni og tengsl hennar við gögn, ferla, tækifæri og áskoranir fyrirtækja sinna.“

Útvistun er einnig stór liður í þessari þróun og segir Guðmundur starfsmenn Þekkingar verða vara við vakningu í útvistun á upplýsingatækni. „Hún er líkt og sjálfvirkniväðingin, ein af þeim leiðum sem má fara til að auka sérhæfingu, fókus og betri nýtingu á tíma starfsfólks. Mikilvægt er að undirbúa útvistun vel og gera það með stefnumiðuðum hætti, en það er mjög gaman að sjá að fleiri og fleiri aðilar eru að taka slík skref og hef ég trú á að það muni aukast enn frekar.“

> Við erum í raun að straumlínulaga og auka í starfsemi sem þegar var til staðar innan fyrirtækisins. Við teljum að þetta sé rétti tíminn fyrir stofnun sviðsins enda er vöxtur í þessari starfsemi og eftirspurn eftir slíkri þjónustu.

### Þungt að læsast inni

Eins og fyrr segir stýrir Guðmundur Arnar Viðskiptaþróun og ráðgjöf, en sviðinu er fyrst og fremst ætlað að ná utan um og styðja við starfsmenn og verkefni í ráðgjöf, viðskiptaþróun og verkefnastýringu. „Við erum í raun að straumlínulaga og auka í starfsemi sem þegar var til staðar innan fyrirtækisins. Við teljum að þetta sé rétti tíminn fyrir stofnun sviðsins enda er vöxtur í þessari starfsemi og eftirspurn eftir slíkri þjónustu. Sviðið er að sinna framtíðarávinningi viðskiptavina með því að nýta bestu fáanlegu lausnir sem henta hverjum og einum því það er okkar bjargfasta trú að það geti reynst fyrirtækjum og stofnunum þungur baggi að „læsast“ inni hjá einum þjónustuaðila. Lykillinn er að nýta það besta frá hverjum og einum.“

Aðspurður um dæmi um verkefni tengd ráðgjöf nefnir hann stafræna umbreytingu (e. digital transformation) en í henni felast oft á tíðum stór umbótaverkefni og jafnvel útskipti á stórum kerfum. „Þekking vinnur þar með mörgum aðilum og sér til þess að allt gangi upp. Mikilvægt er að hafa í huga að svona umbreytingarverkefni eru aðeins að hluta tæknileg og hlutverk Þekkingar því mun víðtækara. Ég hef oft sagt að í upplýsingatækni er það mannlegi þátturinn og samskipti sem eru mun mikilvægari en tækni eða tæknileg hæfni. Má þar nefna mikilvægi samskipta og sameiginlegs skilnings. Séu slíkir hlutir ekki til staðar er hætta á að litið þokist áleiðis með tækninni.“

### Fjórða iðnbyltingin byrjuð

Það er ljóst að þróunin er áfram hröð í upplýsingatækni og hefur fjórða iðnbyltingin mikið verið rædd síðustu misseri. Guðmundur segir að sem dæmi um slíkt megi nefna „róbótavæðinguna“ eða sjálfvirknivæðinguna í rekstri á upplýsingatækni. Slíkt sé orðið að veruleika. „Það er mjög mikilvægt að taka þátt í þessari þróun þar sem skortur á tæknimenntuðu fólki mun því miður aukast. Fyrir íslenskt atvinnulíf og þar með hagkerfið okkar er mjög mikilvægt að nýta vel það starfsfólk sem við höfum í faginu og taka skynsamlegar ákvarðanir og horfa á heildarmyndina til lengri tíma. Góður árangur þar mun hjálpa íslensku atvinnulífi og þar með Íslendingum að feta sig ofar í virðiskeðjuna og auka framleiðni. Stöðnun í þessum efnum þýðir hnignun og er því til mikils að vinna,“ segir Guðmundur Arnar Þórðarson, sviðsstjóri Viðskiptaþróunar og ráðgjafar hjá Þekkingu.

# Daglegt starf fléttað saman við samfélagsverkefni

**Múlalundur vinnustofa SÍBS hefur í 60 ár boðið einstaklingum og fyrirtækjum allt fyrir skrifstofuna en sinnir auk þess fjölbreyttum sérverkefnum fyrir viðskiptavini.**







Verkefnin hjá Múlalundi eru afar fjölbreytt. MYND/ERLING ÁRNASON

Hjá Múlalundi tökum við að okkur mjög fjölbreytt verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir víðs vegar um samfélagið til lengri eða skemmri tíma. Öll þessi verkefni skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku auk þess að skila hágæðaverki til viðskiptavina. Mörg fyrirtæki ná með viðskiptum sínum við Múlalund að flétta saman daglega starfsemi og samfélagsverkefni sem er frábær blanda. Þetta eru ýmist sérframleiðsluverkefni eða fjölbreytt verk sem þarf að vinna í höndunum. Verkefni til lengri tíma eru sérstaklega mikilvæg,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS. Þar vinna dugmiklir einstaklingar sem hafa þurft að takast á við fötlun og veikindi, bæði andleg og líkamleg, í kjölfar slyss eða heilsubrests.

## Vörur sérframleiddar fyrir viðskiptavini

Múlalundur sérframleiðir vörur sem hannaðar eru sérstaklega fyrir tiltekna viðskiptavini með þeirra útliti, áletrunum eða hönnun. Dæmi um þetta eru sérhæfðir plastvasar, möppur eða fundabækur með áletrun viðskiptavinar. Stór hluti landakorta á Íslandi er seldur í plastvasa frá Múlalundi til að auka endingu, Andrésar Andarmöppurnar eru þekktar og matseðlar og hótelmöppur Múlalundar eru notuð víða um land.

## Alúð í hverju handtaki

„Auk sérframleiðslunnar tökum við að okkur ýmiss konar handavinnuverkefni. Mörg fyrirtæki kjósa að nýta sitt starfsfólk í annað og fá okkur í handavinnuna. Ef þú þarft að raða, klippa, pakka, líma eða hvað sem er þá erum við til í tuskið. Innflutningsfyrirtæki fá okkur til að líma íslenskar leiðbeiningar og strikamerki á vörur, við brjótum öskjur fyrir Valitor sem fylgja með greiðslukortum í bönkum,




Hér má sjá fallega matseðla sem Múlalundur hefur framleitt.

brjótum öskjur, vigtum og göngum frá holla HAp+ brjóstsykrinum fyrir IceMedico, höfum pakkað fatnaði og merkt fyrir hönnuði og fataframleiðendur, framleitt ýmiss konar markpóst fyrir fyrirtæki þegar nauðsynlegt er að gera eitthvað alveg sérstakt sem þarfnast alúðar og mannskaps, og margt fleira. Tvisvar í viku pökkum við fyrir Ávaxtabílinn og sjáum algjörlega um þann þátt í þeirra starfsemi. Þá tökum við að okkur að plasta vörur, t.d. bækur, og erum með góðan búnað í það.

Margir tengja Múlalund fyrst og fremst við möppur og plastvasa en fjölbreytni verkefna er miklu meiri,“ segir Sigurður.

## Einfaldasta samfélagsverkefnið og gott verð

„Hjá Múlalundi fást svo allar almennar skrifstofuvörur, pappír og ritföng á einum stað. Við segjum að þetta sé einfaldasta samfélagsverkefnið, bara að panta og fá vörurnar sendar um allt land daginn eftir,“ segir Sigurður.

Hann segir ánægjulegt að byggja upp sjálfstraust og þrótt fólks með þátttöku á vinnumarkaði. „Fólki er mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu.“

Allar upplýsingar má finna á heimasíðu Múlalundar og úrvalið í vefversluninni kemur svo sannarlega á óvart. „Eru ekki einhver verkefni sem taka óþarfa tíma á vinnustaðnum? Þá er um að gera að láta Múlalund sjá um þau,“ segir Sigurður að lokum.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni www.mulalundur.is.

# Sveigjanleg og lausnamiðuð þjónusta

Múlalundur hefur verið í góðu samstarfi við fyrirtækið IceMedico sem stýrt er af Þorbjörgu Jensdóttur.

„Múlalundur pakkar fyrir IceMedico 200 g og 500 g magnumbúðum af tannvænu HAp+ molunum sem Tannlæknafélag Íslands mælir með. IceMedico er einnig með 39,8 g umbúðir sem fást í apótekum og verslunum um land allt. Magnumbúðirnar sem Múlalundur pakkar eru fyrst og fremst fyrir fyrirtækjamarkað og má nálgast á www.happlus.com,“ segir Þorbjörg.

*Hvar og hvernig fer vinnslan fram?*

„Vinnslan fer fram á Múlalundi. Varan er framleidd erlendis og er send á Múlalund í stórum einingum sem Múlalundur síðan vigtar og pakkar í minni einingar. Með þessu drögum við úr kolefnissporinu sem verður við flutning vara á milli landa og búum til störf í íslensku samfélagi.“

*Hvernig kom það til að þið völduð Múlalund til að þjónusta ykkur?*

„Það hefur alltaf verið vilji og áhugi hjá IceMedico á að styðja við samfélagsgildi og skapa störf eftir því sem félagið stækkaði og hafði bolmagn til. Þegar það myndaðist þörf fyrir að pakka á Íslandi í umbúðir sem hentuðu ekki í hefðbundnar pökkunarvélar, þá kom Múlalundur strax til greina.“

*Hvernig hefur samstarfið gengið?*

„Reynslan af samstarfinu er mjög góð. Múlalundur hefur tök á að hugsa í lausnum og mæta mögulegum sérþörfum viðskiptamanna sinna, sem er ekki alls staðar hægt, og mikill virðisauki meðal annars fyrir okkur.“

*Mælir þú með því að fyrirtæki nýti sér þjónustu Múlalundar?*

„Já, hiklaust, ef það eru verkefni sem henta ekki hefðbundnum lausnum þá er Múlalundur frábær samstarfsfélagi, sveigjanlegur og lausnamiðaður.“



**Þorbjörg Jensdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri IceMedico, er mjög ánægð með samstarfið við Múlalund.**

# Múlalundur vinnur vel fyrir Ávaxtabílinn

Flestir kætast þegar þeim berst fersk sending frá Ávaxtabílnum sem dreifir ávöxtum og grænmeti til fyrirtækja. Það sem fáir vita er að starfsfólk Múlalundar sér um að pakka þessu góðgæti svo það skili sér rétt í hendur kaupenda en Múlalundur tekur að sér verkefni fyrir fyrirtæki í öllum atvinnugreinum.

Haukur Magnússon, eigandi Ávaxtabílsins, er mjög ánægður með samstarfið við Múlalund og segir því sinnt af alúð og trúmennsku. „Ég hef rekið Ávaxtabílinn í fjórtán ár og fyrir rúmum tveimur árum varð að ráði að Múlalundur tæki að sér pökkun fyrir fyrirtækið. Þetta var nýtt verkefni fyrir Múlalund og ég hef heyrt að starfsfólkinu finnist það skemmtilegt og öðruvísi,“ segir Haukur og tekur sérstaklega fram að samstarfið hafi gengið einstaklega vel.

Haukur tekur sjálfur á móti pöntunum viðskiptavina og setur pöntunarseðla í þar til gerða poka sem síðan eru sendir á Múlalund. „Ég fæ ávextina frá mínum birgi, 2-3 tonn í hvert sinn, senda á Múlalund. Vænn hópur starfsmanna Múlalundar sér um að pökkunin gangi hratt og örugglega fyrir sig og að henni lokinni koma sendibílar Ávaxtabílsins, sækja pantanir og keyra þær út til viðskiptavina. Þetta ferli gengur allt hratt og vel fyrir sig,“ segir Haukur ánægður.

„Ég hef verið með þessa pökkun á nokkrum stöðum en hún hefur aldrei gengið jafn vel og nú. Starfsfólk Múlalundar er það besta sem hefur sinnt þessu verkefni fyrir mig. Starfsfólkið vandar sig, fylgist vel með hvað það er að gera og er í góðu sambandi við mig. Ég fæ skýrslu eftir hverja pökkun þar sem kemur fram hvernig allt hafi gengið. Bæði almennir starfsmenn og yfirmenn hafa tekið þetta verkefni mjög alvarlega,“ segir Haukur sem fer reglulega í heimsókn á Múlalund.

„Það er ávallt mikil stemning í ávaxtapökkuninni. Ég mæli hiklaust með samstarfi á borð við þetta við Múlalund,“ segir Haukur.



**Starfsfólk Múlalundar sér um að pakka ávöxtum og grænmeti fyrir Ávaxtabílinn. Haukur Magnússon, eigandi Ávaxtabílsins, mælir með samstarfi við Múlalund.**

## Sensa er ekki sama

Okkur er ekki sama er mottó Sensa og það sem drífur fyrirtækið áfram í að veita framúrskarandi þjónustu með hag viðskiptavinarins að leiðarljósi.



„Við erum ekki að ráðleggja neinum að gera neitt eða fara í neitt sem er ekki rétt fyrir viðskiptavininn. Það er það sem við stöndum fyrir,“ segir Ívar. „Ef það þýðir að viðskiptavinurinn sé að fara í lausnir sem lækka reikninginn til okkar en það henti viðskiptavininum betur þá gerum við það. Skýjavegferðin er gott dæmi um það. Við viljum ná árangri í því sem við erum að gera og okkur er ekki sama.“



## Einfalt, öruggt, aðgengilegt

Grétar Gíslason, tæknilegur leiðtogi skýjalausna, segir að öryggið sé númer eitt, tvö og þrjú. Sensa leiði alla vinnu við öryggi og þegar aðgengið er orðið svo mikið sé nauðsynlegt að stíga skref til að herða öryggið til muna. Eitt það einfaldasta, en jafnframt öruggasta sem fyrirtæki geta gert er að vera með tveggja þátta auðkenningu. Það er ekki nóg að komast yfir notandanafn og lykilorð heldur þarf notandi einnig að auðkenna sig gegnum símtæki sitt sem dæmi. „Í skýinu er gervigreind sem heldur utan um notandann og greinir notkun hans. Ef viðkomandi hagar sér almennt á vissan hátt en byrjar allt í einu að haga sér öðruvísi þá greinir gervigreindin það og kemur með öryggismeldingu. Við getum þá látið loka á viðkomandi sem dæmi. Öryggið og rekjanleikinn er orðið það svakalegt í skýinu. Microsoft ætlar að eyða einum milljarði dollara í öryggislausnir árlega næstu fimm árin, sem ekkert íslenskt fyrirtæki getur keppt við.

Skýið er orðið töluvert betra en flesta óraði fyrir.“

Ívar Hákonarson, sölustjóri hýsingar-, rekstrar- og skýjalausna hjá Sensa, bætir við að oftar en ekki sé það fjárhagslegt hagræði að fara upp í skýið. „Þessir aðilar eru af þeirri stærðargráðu að þeir ná að bjóða verð sem hafa ekki þekkst áður. Margir eru þegar farnir eingöngu með tölvupóstinn í skýið, en við það opnast hellingur af tækifærum sem allt of fáir eru að nýta sér.

Við erum ekki bara að flytja nýja aðila yfir í lausnir Microsoft 365, heldur einnig að hjálpa þeim sem eru þegar komnir af stað að innleiða og fá eitthvað út úr því sem þeir eru jafnvel þegar að greiða fyrir.“

## Sérfræðingar í Microsoft 365

Sensa er gullvottaður samstarfsaðili Microsoft í Cloud Productivity – vottað í að hjálpa fyrirtækjum að ná virði úr skýþjónustum. Fyrirtækið hefur flutt hundruði fyrirtækja upp í Microsoft 365.

Sensa hefur búið til staðlaða nálgun á að kortleggja heildarupplýsingar fyrirtækja sem að það kallar upplýsingakort. Þetta er einföld vinnustofa sem skilar korti af upplýsingum fyrirtækja og tillögu á flutning þeirra upp í Microsoft 365.

Sensa getur boðið upp á staðlaðar og sérsniðnar lausnir og er framþróunin stöðug. Öll ný þróun hugbúnaðarframleiðandanna fer fram í skýjaþjónustum. Flow, Teams, Planner, Delve o.fl. eru dæmi um lausnir frá Microsoft sem eru eingöngu í boði í skýinu.

Sensa sérhæfir sig í ráðgjöf og sérfræðiþjónustu á:

- Hýsingu og rekstri
- Skýjalausnum
- Öryggislausnum
- Samskiptalausnum
- Netkerfum



Grétar Gíslason, Sigurborg Gunnarsdóttir, Ívar Hákonarson og Þröstur Sigurjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Skrifstofan í skýið

**Sensa hefur sérhæft sig í að flytja upplýsingar fyrirtækja í skýjaþjónustur á borð við Microsoft 365. Fyrirtækið er gullvottaður samstarfsaðili Microsoft og vottaður samstarfsaðili Amazon Web Services svo eitthvað sé nefnt.**

Ólíkt því sem flestir halda, þá er skýið almennt talið öruggara heldur en að vera með gögnin á sínum eigin búnaði. Upplýsingafyrirtækið Sensa hefur sérhæft sig í að flytja skrifstofuumhverfi fyrirtækja í skýjaþjónustur. Sensa er með mikla reynslu þegar kemur að því að flytja fyrirtæki upp í skýið en fleiri þúsund notendur eru á vappinu um Microsoft skýið á þeirra vegum í dag. „Raunin er sú að erlendu skýjaþjónustuaðilarnir, þessir risar úti í heimi með sína ógnarstóru vélasali, eru að vinna samkvæmt ströngustu mögulegu öryggisskilyrðum. Almennt eru flestir hættir að óttast skýið en margir vita kannski ekki alveg hvert gögnin þeirra fara,“ segir Þröstur Sigurjónsson, rekstrarstjóri skýjalausna hjá Sensa.

Þröstur segir að skýið uppfylli allar helstu kröfur og vottanir sem fyrirtæki þurfi á að halda. Og sökum stærðar sé hægt að bjóða upp á verð sem hafi ekki sést áður. „Þessir stóru aðilar eru að bjóða upp á öryggi og verð sem hefur ekkert verið í boði áður,“ bætir Grétar Gíslason, tæknilegur leiðtogi skýjalausna, við. Sensa hefur flutt hundruð fyrirtækja upp í skýið og er kominn mikil þekking og reynsla innan fyrirtækisins. „Við erum orðin mjög reynd í þessum bransa. Við höfum rekist á alls konar veggi og byggt þannig upp mikla þekkingu um hvernig best sé að standa að svona flutningum,“ segir Ívar Hákonarson, sölustjóri hýsingar-, rekstrar- og skýjalausna, hjá Sensa og heldur áfram:

„Okkar nálgun er að byrja á þarfagreiningu sem er grundvöllurinn að því sem gerist í kjölfarið. Því næst veljum við réttu leyfin þannig að kúnninn sé ekki að ofgreiða eða kaupa leyfi sem hann þarf síðan ekkert á að halda. Svo veitum við aðstoð við að setja umhverfið upp og tryggjum öryggi þess. Í kjölfarið er hjálpað að kortleggja gögnin og upplýsingar og hvað eigi að fara upp í skýið. Að lokum leggjum við áherslu á kennslu og samstarf til framtíðar.“

Fyrirtækið er gullvottaður samstarfsaðili Microsoft í svokölluðu Cloud Productivity. „Þetta þýðir að Microsoft er búið að votta fyrirtækið og okkar tæknimenn sem aðila sem eru búnir að sérhæfa sig í að ná virði úr lausnum þeirra. Við erum búin að sækja okkur ákveðin réttindi til að geta kallað okkur gullvottaðan samstarfsaðila,“ segir Ívar.

Fræðsla og undirbúningur skiptir töluverðu máli ef fyrirtæki ætlar að ná því mesta út úr þessum lausnum. Þetta segja þau vera breytt vinnubrögð sem krefjist kennslu ef vel á að fara. „Þarna eru komin tæki og tól sem flestir kannast jafnvel ekkert við,“ segir Sigurborg, sérfræðingur í skýjalausnum hjá Sensa. „Allir þekkja tölvupóst og drifin sem skjölin eru vistuð á en nú eru komnar lausnir sem eru verkefnadrifnar og bjóða upp á öfluga samvinnumöguleika hvort sem um er að ræða innan eða utan fyrirtækis. Þetta eru hópvinnulausnir sem fyrirtæki hefur verið að dreyma um lengi og nú eru til og þrepi ofar en flestir þorðu að vona. Þarna geta allir verið inni í sama skjalinu að vinna á sama tíma sem er mikill munur frá því sem áður var,“ segir hún.

### Nálgun Sensa í hnotskurn:

- Greina þarfir og velja réttu leyfin.
- Uppsetning umhverfis og öryggis þess.
- Hjálpum þér að skipuleggja gögnin/upplýsingarnar þínar í skýinu. Tölvupóstur, heimadrif og önnur skjöl, spjallið o.fl.
- Kennum á nýjar lausnir.
- Samstarf til framtíðar.


RÁÐNINGAR
Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.
Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.
Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.
Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.
intellecta
Intellecta ehf.
Síðumúla 5
108 Reykjavík
511 1225
intellecta.is


SIÐFERÐISGÁTTIN
Eflir vellíðan á vinnustað
www.sidferdisgattin.is
SIÐFERÐISGÁTTIN

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól. Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.

**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Sendibílaþjónusta

**SENDIBÍLAÞJÓNUSTA.**
Tökum að okkur allar flutningar,traust og góð þjónusta og vanir menn,
**Upplýsingar í síma:**
**Árni 661-3166**
**Ásgeir 869-3741**

### Pípulagnir

Lögg. Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Trésmíði

Get bætt við mig verkefnum sem byggingastjóri. Uppl. sendist til stjorninn@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

### Nudd

THAI
Nuddstofan

Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og olíunudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

**HEILSUNUDD.**
Nuddstofan, opið frá 9-20. Einnig um helgar S. 832 8863

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

HUMBAUR

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

**Topplausnir**
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

### Þjónusta

# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***Verð 7.000,-***

**Munið gjafabréfin okkar.**

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

## Fasteignir







Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími:697 9300
svan@miklaborg.is



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Glæsilegar íbúðir með lokuðum svölum
Sýnum samdægurs
**Bókið skoðun**
Afhending: Apríl 2019

Verð frá : **43,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


## Tilkynningar


Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

**Seljahlíð, heimili aldraðra.**

### Aðstaða fyrir fótaaðgerðafræðing

Seljahlíð er með aðstöðu til leigu fyrir fótaaðgerðafræðing í húsnæði Seljahlíðar, Hjallaseli 55, 109 Reykjavík.

Áhugasamir skulu senda inn ferilskrá fyrir **12. apríl 2019**, aðstaðan er tilbúin til leigu frá 1. júní 2019, eða fyrr eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Árdís Ósvaldsdóttir, forstöðumaður Seljahlíðar, sími: 540 2400 netfang: margret.ardis.osvaldsdottir@reykjavik.is eftir 1. apríl 2019





# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Aðalskipulagsmál**

*Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar skipulagslýsingar fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:*

**1. Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, Miðmundarholt 1-6.**
Kynnt er skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022.
Tillagan gerir ráð fyrir breyttri landnotkun í Miðmundarholti, úr Í3 sem er íbúðarbyggð, í verslunar- og þjónustusvæði, þar sem gert er ráð fyrir gistingu í rekstrarflokki II.

**2. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, Bitra, þjónustumiðstöð.**
Kynnt er skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að byggingarmagn á lóðinni fyrir verslunar- og þjónustureit Bitru (VÞ8) verði aukið úr 5.000 m2 í 8.500 m2 og gististarfsemi verði heimiluð á lóðinni.

*Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar tillögur fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:*

**3. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, Launrétt, Laugarási**
Tillagan felur í sér að lóðinni er breytt úr samfélagsreit, í verslunar- og þjónustureit, þannig að heimilt verði að gefa út rekstraleyfi í fl. II á lóðinni til sölu gistingar í atvinnuskyni.

**4. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, Leynir Rimatjörn**
Tillagan felur í sér að hluti frístundasvæðis, merkt F42 í aðalskipulagi, minnkar um 9 ha og þessum hluta svæðisins breytt í landbúnaðarsvæði.

**Deiliskipulagsmál**

*Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:*

**5. Deiliskipulag, Þingvellir, Bratti í Botnsúlum, Bláskógabyggð**
Kynnt er lýsing vegna nýs deiliskipulags sem tekur til Bratta í Súlnadal í Botnssúlum. Á staðnum var lítill skáli sem hefur verið fjarlægður. Til stendur að reisa nýjan skála allt að 80m2 að stærð fyrir allt að 30 manns í gistingu. Ekki er vegur að staðnum og ekki heimilt að aka að skálanum. Svæðið er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

**6. Deiliskipulag, Svartárbotnar (Gíslaskáli), Afréttur norðan vatna, Bláskógabyggð**
Kynnt er lýsing vegna nýs deiliskipulags sem tekur til Svartárbotna (Gíslaskála) á Kili í Bláskógabyggð. Á staðnum er gangnamannahús og aðstaða til að taka á móti hestahópum. Þar er einnig rekin þjónusta við ferðamenn. Í Gíslaskála er gistipláss fyrir 45-50 manns. Til stendur að stækka skálann fyrir allt að 70 manns í gistingu. Einnig stendur til að bæta aðstöðu fyrir hesta. Aðkoma er af Kjalvegi. Á svæðinu er núverandi 270 m2 svefnskáli, 96 m2 hesthús og 20 m2 starfsmannahús. Svæðið er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

**7. Deiliskipulag, Geldingafell, FramafrétturBláskógabyggð**
Kynnt er lýsing vegna nýs deiliskipulags sem tekur til skálasvæðis í Geldingafelli á Kili vestan við Bláfell. Á svæðinu eru alls 7 byggingar, ýmist fyrir starfsfólk og búnað vegna þjónustu vélsleðaferða á Langjökul. Aðkoma er af Kjalvegi á um Skálpanesveg. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 50 gesti. Einnig er gert ráð fyrir byggingum fyrir búnað vegna ferða á Langjökul. Stærð svæðisins er um 2 ha. Geldingafell er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem skálasvæði.

**8. Deiliskipulag, Árbúðir, Afréttur norðan vatna, Bláskógabyggð**
Kynnt er lýsing vegna nýs deiliskipulags sem tekur til Árbúða sem eru við Svartá, skammt norðan við Hvítá á Kili og er aðkoma af Kjalvegi. Á svæðinu eru alls 4 byggingar, ýmist fyrir gisti- og þjónustu, starfsfólk, salernisaðstöðu og hesthús. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 70 gesti. Stærð svæðis er um 2 ha. Árbúðir eru í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem hálendismiðstöð.

**9. Deiliskipulag, Skálpanes, Framafréttur, Bláskógabyggð**
Kynnt er lýsing vegna nýs deiliskipulags sem tekur til Skálpaness sem er við Langjökul, nokkuð vestan Geldingafells. Aðkoma er af Kjalvegi á um Skálpanesveg. Á svæðinu eru alls 2 byggingar, ýmist fyrir ferðaþjónustu og starfsfólk. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu, einungis viðhaldi á núverandi mannvirkjum. Stærð svæðis er um 2ha. Skálpanes er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

**10. Deiliskipulag, Fremstaver, Framafréttur, Bláskógabyggð**
Kynnt er lýsing vegna nýs deiliskipulags sem tekur til Fremstavers sem er sunnan við Bláfell, vestan Hvítár. Aðkoma er af Kjalvegi. Nokkur gróður er umhverfis húsið og einnig hafa verið útbúin áningarhólf fyrir hesta. Á svæðinu eru alls 3 byggingar, ýmist fyrir ferðaþjónustu, salernishús og hesthús. Gistipláss er fyrir 30 manns. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 50 gesti og bæta aðstöðu reiðhópa. Stærð svæðis er um 2 ha. Fremstaver er í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:*

**11. Deiliskipulagsbreyting, Kálfholt 2 K2, L165296 í Ásahreppi.**
Breytingin fellst í að í stað 5 smáhýsa á reit F1, verður heimilt að byggja allt að 120m2 hús ætlað ferðaþjónustu. Svæðið er í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022 , skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

**12. Deiliskipulag, Húsar 1 land, L165337 í Ásahreppi.**
Deiliskipulagstillagan tekur til byggingar íbúðarhúss, hesthúss, skemmu og gestahúsa. Landeigandi hyggst byggja jörðina upp og hafa þar fasta búsetu. Aðkoma að jörðinni er af Kálfholtsvegi nr. 288 og um núverandi aðkomuveg. Í aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 eru Húsar 1, skilgreindir sem landbúnaðarland en einnig sem frístundasvæði F4 og er gert ráð fyrir þeim þremur frístundahúsum sem eru á Húsa-jörðunum.

**13. Deiliskipulagsbreyting, Dalbraut 6 og 8 á Laugarvatni, Bláskógabyggð.**
Tillagan gerir ráð fyrir að sameina lóðir nr. 6 og 8 við Dalbraut og að byggingarreitur á Dalbraut 8 stækki til suðurs, austurs og vesturs. Einnig er óskað eftir að skilmálabreyting verði vegna þakforms þ.e. 10-30 gráður eða einhallandi þak. Ofangreindar breytingar eru skilgreindar í gildandi deiliskipulagi frá 2012 fyrir lóðirnar Dalbraut 6-12. Markmið breytingarinnar er að gera mögulega stækkun á núverandi verslunarhúsnæði ásamt öðrum smærri verslunar- og eða þjónusturekstri til viðbótar.
14. Deiliskipulagsbreyting, Freyjustígur 13, Ásgarði, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breyting á gildandi deiliskipulagi gerir ráð fyrir breytingu á lið 3. í greinargerð/skilmálum undir grein um "Húsagerðir og byggingarlag", að í stað kröfu um að byggingarefni húsa sé timburhús, verði byggingarefni húsa gefin frjáls.

**15. Deiliskipulag, Hellnaholt, Fossnesi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Deiliskipulagstillagan tekur til byggingar íbúðarhúss, hesthúss, átta frístundalóða og einnar landbúnaðarlóðar. Aðkoma að jörðinni er af Gnúpverjavegi nr. 325 og um núverandi aðkomuveg að frístundahúsum norðan hans.

**16. Endurskoðun deiliskipulags, Árnes, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi þéttbýliskjarna í Árnesi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Markmiðið með breytingunni er að laga skipulagsgrunninn til samræmis við raunveruleg lóðamörk skv. nýrri mælingu lóða og gatna innan þéttbýlisins í Árnesi ásamt fleiri breytingum s.s. skilmálabreytingum, breytingum á heitum ofl.

**17. Deiliskipulag, Götumelur úr landi Birkikinnar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Deiliskipulagið tekur til lóðarinnar Götumels úr landi Birkikinnar sem er 8.829 m2 að stærð. Gert er ráð fyrir að byggt verði allt að 160 m2 frístundahús, auk gestahúss og geymslu. Nýtingarhlutfall lóðar fari þó ekki yfir 0,03. Aðkoma að lóðinni er um Hælisveg (326)

**18. Deiliskipulag, Vorsabær 1 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar tveggja lóða, annarsvegar fyrir hesthús ásamt reiðskemmu og hinsvegar fyrir frístundahús. Aðkoma að lóðunum er af Vorsbæjarvegi (312). Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.utu.is.
Skipulagstillögur nr. 1 - 10 eru í kynningu frá 27. mars 2019 til 17. apríl 2019, en tillögur nr. 11 - 18 frá 27. mars til 8. maí 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 1 - 10 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 17. apríl 2019, en 8. maí 2019 fyrir tillögur nr. 11 - 18. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

***Rúnar Guðmundsson***
***Skipulagsfulltrúi***
***runar@utu.is***

Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsingar um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Skálafell

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 20. febrúar 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. mars 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Skálafelli, sem er í samræmi við samþykkt framtíðaráform samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Í breytingunni felst m.a. að fella út og sameina byggingarreiti fyrir skíðalyftur, færa byggingarreiti fyrir smáhýsi, minnka það svæði sem skilgreint er fyrir skíðabrekkur, fækka mögulegum bílastæðum og fjölga valkostum um vatnslón fyrir snjóframleiðslu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Borgartún 1 og 3

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 20. febrúar 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. mars 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðanna nr. 1 og 3 við Borgartún. Í breytingunni felst m.a. stækkun byggingarreits nr. 1 til austurs og byggingarmagn aukið, hækkun hámarkshæðar, breyting á bílastæðakröfu og lóð nr. 3 minnkar sem nemur stækkun lóðarinnar nr. 1 við Borgartún. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Freyjubrunnur 23

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 20. febrúar 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. mars 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi að Freyjubrunni 23. Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum úr fimm í átta og auka byggingarmagn. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Lækjargata 8

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 20. febrúar 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. mars 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.140.5, Pósthússtrætisreits, vegna lóðarinnar nr. 8 við Lækjargötu. Í breytingunni felst m.a. að einnar hæðar bakbyggingar gamla hússins og skúr við gafl Lækjargötu 6b verði fjarlægðar og endurbyggðar að hluta, byggðar eru 2 hæðir, portbyggt ris með kvistum yfir innkeyrslu, byggt upp að gafli Lækjargötu 6b og gert ráð fyrir kjallara undir gamla húsinu og nýbyggingu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Úlfarsárdalur - breyting vegna reits A

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. mars 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna Skyggnisbrautar 25-27 og 29-31, Gæfutjarnar 20-24 og 26-28 og Silfratjarnar 2-4. Í breytingunni felst m.a. að bæta við 10 bílastæðum, þar af eru 7 bílastæði staðsett ómerkt í göturými Silfratjarnar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Kjalarnes, Esjumelar

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. mars 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. að rýmka heimildir iðnaðarstarfsemi á tiltekinni lóð í samræmi við aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið sem verður auglýst samhliða og jafnframt er gert ráð fyrir lóð undir veitumannvirki við norðvesturenda svæðisins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Suður Selás og Norðlingaholt

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. mars 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður Seláss og Norðlingaholts. Í breytingunni felst að gera byggingarreit fyrir nýtt lokahús norðan við Breiðholtbraut neðan við Þingás. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Háskóli Íslands

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. mars 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða, vegna lóðanna nr. 15-19 og 21 við Sæmundargötu. Í breytingunni felst breyting á kröfum um fjölda bílastæða á lóðunum og samnýtingu bílageymslu á lóð nr. 21 við Sæmundargötu, felld niður krafa um ramp í bílakjallara á lóð nr. 19 við Sæmundargötu og felldur er niður dálkur í nýrri skilmálatöflu um heildarfjölda bílastæða á lóðunum auk þess sem dálkur með C-rýmum er felldur niður. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag í Reykjavík.

### Hlemmur, reitur 1.240.0, lýsing

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. mars 2019 var lögð fram lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. mars 2019, vegna nýs deiliskipulags reits 1.240.0 Hlemmur í kjölfar hugmyndasamkeppni um svæðið, sem felst í endurskipulagningu svæðisins fyrir forgangsakreinar hágæða almenningssamgangna, ný gatnamót við Snorrabraut/Bríetartún, nýtt torg og göngugötur, afmörkun byggingarreits fyrir flutningshúsið Norðurpóll, nýrra léttra mannvirkja fyrir verslun og þjónustu og ný afmörkun deiliskipulagsreita á svæðinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 8. maí 2019. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

27. mars 2019
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

**Seljahlíð, heimili aldraðra.**

## Aðstaða fyrir hárgreiðslumeistara

Seljahlíð er með aðstöðu til leigu fyrir hárgreiðslumeistara í húsnæði Seljahlíðar, Hjallaseli 55, 109 Reykjavík.

Áhugasamir skulu senda inn ferilskrá fyrir **12. apríl 2019**, aðstaðan er tilbúin til leigu frá 1. júní 2019, eða fyrr eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Árdís Ósvaldsdóttir, forstöðumaður Seljahlíðar, sími: 540 2400 netfang: margret.ardis.osvaldsdottir@reykjavik.is eftir 1. apríl 2019

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_
capacent.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hluthafa í lok síðasta árs, en viðmiðunarkrafa Kauphallarinnar, samkvæmt reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, er sú að hluthafar í félagi séu að lágmarki 500.

Viðmælandi Markaðarins bendir á að fjöldi fagfjárfesta á íslenska hlutabréfamarkaðinum hafi tekið litlum breytingum á síðustu árum og því megi leiða að því líkur að breytingar á fjölda hluthafa, eins og þær birtast í ársreikningum félaganna, endurspegli ágætlega fjölda og umfang almennra fjárfesta, til dæmis almennings.

Upplýsingar sem Kauphöllin hefur birt sýna jafnframt fram á hve takmörkuð þátttaka almennings hefur verið á hlutabréfamarkaðinum.

Þrátt fyrir að hafa aukist lítillega undanfarin misseri, í kjölfar hlutafjárútboðs Arion banka, er þátttakan enn sögulega lítil. Þannig hefur bein hlutabréfaeign heimila í skráðum félögum numið um fjórum til fimm prósentum af heildarmarkaðsvirði fyrirtækja í Kauphöllinni á síðustu árum en til samanburðar var hlutfallið á bilinu ellefu til sautján prósent á árunum fyrir fall fjármálakerfisins.

### Dramatískari þróun hér

Gylfi segir beint eignarhald almennings á hlutabréfum hafa verið mjög á undanhaldi, hér á landi sem og víðar. Það sé áhyggjuefni.

„Þetta er þróun sem við höfum séð víðar," nefnir hann.

„Almennt hefur eignarhald heimila á skráðum fyrirtækjum verið að færast í æ ríkari mæli í hendur einhvers konar sjóða eða sjóðastjórnunarfyrirtækja. Hluthöfum hefur þannig verið að fækka á meðan þeim sem eiga hlutabréf óbeint, í gegnum sjóði, hefur eitthvað fjölgað. Hér á landi hefur þessi þróun verið mun dramatískari en annars staðar," segir hann.

Gylfi bendir á að á tíunda áratugnum og í upphafi nýrrar aldar, meðal annars í kjölfar einkavæðingar, hafi hluthafar verið mjög margir, tugir þúsunda, í mörgum skráðum fyrirtækjum. Á árunum fyrir hrun hafi þeim hins vegar fækkað allverulega, meðal annars vegna afskráningar hlutabréfa og yfirtaka.

„Síðan þegar megnið af hlutafélögum landsins varð verðlaust í hruninu snarfækkaði auðvitað hluthöfum. Þótt hlutabréfamarkaðurinn hafi að nokkru marki náð sér aftur á strik hafa þeir hins vegar ekki komið aftur. Venjulegir launþegar hafa ekkert látið sjá sig á markaðinum nema í gegnum lífeyrissjóðina," nefnir Gylfi.

Sú eign, það er í gegnum lífeyrissjóðina, sé óbein og veiti meðal annars engan atkvæðisrétt í viðkomandi félögum.

„Atkvæðisrétturinn liggur hjá forsvarsmönnum lífeyrissjóðanna. Auðvitað gæta þeir hagsmuna sjóðsfélaga en sjóðsfélagar hafa ekkert með stjórnun félaganna að gera beint og virðast heldur ekki hafa mjög sterka tilfinningu fyrir því að þetta séu félög í þeirra eigu. Það er að mínu að mati ókostur," segir Gylfi.

Auk þess sé áhyggjuefni hvaða áhrif þessi þróun hafi á verðmyndun á markaði. „Hún verður ekki mjög lífleg við þessar aðstæður. Það er lítið um viðskipti og fáir að sýna þessum félögum áhuga."

Jafnframt geti það haft skaðleg áhrif á samkeppni þegar eignarhaldið er samþjappað og sömu fjárfestar eru eigendur að keppinautum á sama markaði. „Það er vandamál sem menn eru víða um heim að glíma við vegna þeirrar þróunar að eignarhald er meira að færast í sjóði. Þá er sama staða uppi þótt þar sé ekki endilega um lífeyrissjóði að ræða, heldur einhvers konar verðbréfasjóði og fleiri sem eiga stóran hlut í keppinautum."

Hér á landi er einnig áhyggjuefni, að mati Gylfa, hve fá félög eru skráð á markað. „Það gæti hangið saman við lítinn áhuga á bréfunum að félögin eru ekki að sækjast eftir skráningu í ríkum mæli. Og það er auðvitað áhyggjuefni ef hlutabréfamarkaðurinn virkar ekki almennilega til þess að fyrirtæki geti sótt þangað fjármagn," nefnir Gylfi.

> **Venjulegir launþegar hafa ekkert látið sjá sig á markaðinum nema í gegnum lífeyrissjóðina.**
>
> Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands



### Setið á hliðarlínunni

Páll segir að það sé „óplægður akur" að auka þátttöku almennings á hlutabréfamarkaðinum. Mikil tækifæri séu þar fyrir hendi.

„Við höfum séð það síðustu ár að almenningur hefur að þó nokkru leyti setið á hliðarlínunni. Ég held að það sé alveg klárt að ef við ætlum að byggja upp markað sem stenst samanburð við allt það besta á öðrum mörkuðum, þá þurfum við að stórauka þátttöku almennings.

Þetta skiptir lítil fyrirtæki sérstaklega sköpum. Ef við berum til dæmis saman Nasdaq-markaðina á Norðurlöndunum og hér heima þá má segja að það vantar minnstu fyrirtækin inn á markaðinn hér. Þá er ég að tala um fyrirtæki sem eru mikið að leita inn á First North markaðinn erlendis þar sem einstaklingar eru mjög virkir. Hlutfallslega eru einstaklingar langvirkastir í viðskiptum með litlu félögin," nefnir Páll.

Í nágrannaríkjunum hafi þátttaka almennings verið lyftistöng fyrir fjármögnun smárra og meðalstórra fyrirtækja.

„Óneitanlega þyrftu fleiri að tengjast atvinnulífinu beint með þessum hætti. Það er bæði æskilegt fyrir fjárfestana sjálfa og síðan skiptir það líka máli fyrir fyrirtækin sem við viljum byggja hér upp og eru undirstaða að framtíðarvelmegun landsins að þau geti fengið þann stuðning sem þau þurfa hér á markaði. Við höfum verk að vinna," segir Páll.

Hann nefnir að ýmsir ytri þættir skýri meðal annars minni þátttöku almennings. „Fyrstu árin eftir hrunið hafði fólk takmörkuð fjárráð. Síðan tekur auðvitað tíma að byggja upp traust og það verður að gerast hægt og bítandi. Það er eðli trausts. Til viðbótar hefur húsnæðismarkaðurinn tekið við sér," tekur Páll fram.

### Horfi til skattaafsláttar

Aðspurður um leiðir til þess að auka beina þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði, svo sem að endurvekja skattaafslátt vegna hlutabréfakaupa, segir Gylfi að sú aðferð hafi gefist ágætlega á sínum tíma. Slíkur afsláttur geti haft raunveruleg áhrif, jafnvel þótt um litlar fjárhæðir væri að ræða.

„Síðan er einnig hægt að hugsa sér breytingar í lífeyriskerfinu, sérstaklega séreignarsparnaðarkerfinu, þannig að fólk geti átt eign í hlutabréfum eða skuldabréfum með beinum hætti í gegnum séreignarsparnaðinn, frekar en að eignarhaldið sé í gegnum sjóðinn. Slíkt fyrirkomulag myndi kannski ekki gerbreyta ástandinu en hugsanlega myndu einhverjir hafa áhuga á því að eiga beint í félögum í stað þess að eignarhaldið sé í gegnum sjóði," segir Gylfi.

Páll tekur í svipaðan streng og segir forsvarsmenn Kauphallarinnar lengi hafa bent á að „gríðarlegir möguleikar" séu fólgnir í því að innleiða aftur hóflegan skattaafslátt til hlutabréfakaupa. Jafnframt sé Kauphöllin hlynnt tillögu sem fram komi í hvítbók um fjármálakerfið þess efnis að fólki verði í meira sjálfsvald sett hvað það geri við hinn frjálsa viðbótarlífeyrissparnað.

„Hann er eðlisólíkur hefðbundna skyldulífeyrissparnaðinum," útskýrir Páll, „og er það í sjálfu sér mjög æskilegt að fjárfestar hafi aðrar leiðir til þess að koma honum í vinnu, ef svo má að orði komast, heldur en í gegnum nokkra lífeyrissjóði," nefnir hann og bendir á að um fjórir lífeyrissjóðir ráði yfir um þriðjungi af hlutabréfamarkaðinum sé miðað við markaðsvirði.

„Þetta er ekki gagnrýni á sjóðina heldur er ég að benda á að við búum við kerfi sem í raun heldur aftur af fjárfestingum í atvinnulífinu," segir Páll.

> **Við höfum séð það síðustu ár að almenningur hefur að þó nokkru leyti setið á hliðarlínunni.**
>
> Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar



## Segir almenning hafa „hálfvegis forðast" hlutabréfamarkaðinn

Í álitsgerð sem Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, skrifaði fyrir starfshóp sem vann hvítbók um framtíð fjármálakerfisins er áhyggjum lýst yfir áhugaleysi almennra fjárfesta á íslenska hlutabréfamarkaðinum. Svo virðist sem þeir hálfvegis forðist markaðinn.

„Enginn hlutabréfamarkaður stendur undir nafni nema að almenningur eigi þar aðkomu og hann sé aðeins vettvangur fyrir sem flesta hópa en ekki aðeins stofnanafjárfesta eða einhverja fjármálaelítu," segir í áliti Ásgeirs.

Ein af afleiðingum fjármálaáfallsins árið 2008 hafi verið sú að íslenskur almenningur hefur glatað trausti á íslenskum mörkuðum og stofnunum, svo sem hlutabréfamarkaðinum og krónunni, og jafnvel hagkerfinu í heild sinni. Það hafi meðal annars orðið til þess að almennir fjárfestar hafi tekið tiltölulega lítinn þátt í fjármálamarkaðinum á síðari árum.

Tekið er fram að á sínum tíma – þegar hlutabréfamarkaðurinn var byggður upp á tíunda áratug tuttugustu aldar – hafi almenningur verið hvattur til hlutabréfakaupa með skattalegum hvötum.

„Það má því vel velta þeirri hugmynd að endurtaka leikinn og hvetja þannig fleiri til að taka þátt í markaðinum," segir í álitsgerðinni. Hvatarnir myndu þannig miðast við að fólk yrði langtímafjárfestar í ákveðnum sjóðum eða einstökum félögum, að sögn Ásgeirs.

Hvað varðar leiðir til þess að efla virkni íslensks fjármálamarkaðar með því að fjölga virkum fjárfestum leggur Ásgeir meðal annars til að frelsi fólks til þess að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað, sem er nú á forræði lífeyrissjóðanna, verði aukið.

Jafnframt eigi að leyfa frjálsa för erlendra langtímafjárfesta inn á markaðinn, án bindiskyldu. Ísland þurfi enda nauðsynlega á slíkum fjárfestum að halda, ekki vegna þess að það vanti pening í landinu, heldur til þess að tryggja samkeppni og fjölbreytni á fjármálamarkaði.

„Það er jafnframt heppilegra að hið erlenda fjármagn renni inn í íslenskt efnahagslíf í gegnum fjármálamarkaðinn fremur en efnahagsreikninga fjármálastofnana. Og þá sem bein fjármögnun fyrirtækja, hvort sem miðað er við kaup á skuldabréfum þeirra eða hlutafé," segir í álitsgerð Ásgeirs.




# Efla MBA-nám með samstarfi við Yale

**Háskóli Íslands hefur hafið samstarf við Yale og IESE í Barcelona til að efla MBA-nám skólans enn frekar. Ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda og gera þá betur í stakk búna til að fást við viðfangsefni sín á vinnumarkaði hér á landi.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Háskóli Íslands hefur gengið til samstarfs við Yale School of Management í Bandaríkjunum og IESE Business School of Navarra í Barcelona, sem báðir eru í allra fremstu röð í heiminum á sviði MBA-náms. Samstarfið felur í sér að MBA-nemar Háskólans sitja afar krefjandi og öflug námskeið í hvorum samstarfsskóla á námstímanum.

Dr. Svala Guðmundsdóttir, dósent og stjórnarformaður Viðskiptafræðistofnunar og MBA-námsins við Háskóla Íslands, segir kröfur til MBA-náms miklar og því þurfi stöðugt að endurskoða námsframboðið.

*Hvers vegna var ákveðið að fara í samstarf við erlenda skóla?*

Við höfum verið í samstarfi við mjög góðan háskóla í Washington D.C. En ástæða þessara breytinga er sú að við erum að bjóða upp á MBA-nám þar sem kröfur eru mjög miklar. Við þurfum því að vera í takt við breytt umhverfi og undirbúa okkar nemendur sem best til að takast á við þær áskoranir sem blasa við okkur á næstu árum. Þess vegna þurfum við stöðugt að endurskoða allt okkar námsframboð.

*Hvað felst í samstarfinu við Yale og IESE?*

Þeir sem hefja nám hjá okkur í haust munu fara næsta vor til IESE í kennslu. Það sem meðal annars verður tekið fyrir er liðsheildir og hvernig stjórnendur geta með árangursríkum hætti byggt upp gott teymi í kringum sig sem líklegt er til að ná árangri. Í því felst meðal annars að lesa dæmisögu um árangur knattspyrnufélagsins Barcelona (FC Barcelona).



Svala segir nauðsynlegt fyrir nemendur í MBA-námi að fá innsýn í starf erlendra háskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Í þessu felst að lesa dæmisögu um árangur knattspyrnufélagsins Barcelona. Félagið hefur þjálfað marga af hæfileikaríkustu fótboltamönnum heims, og við skoðum hvað það er í menningu þess sem stuðlar að þessum góða árangri.**

Félagið hefur þjálfað marga af hæfileikaríkustu fótboltamönnum heims, og munum við skoða hvað það er í menningu þess sem stuðlar að þessum góða árangri. Dæmisagan er svo rædd með prófessor frá IESE á æfingavelli félagsins og mun fyrrverandi þjálfari liðsins einnig miðla af reynslu sinni og hvernig má nýta hana í viðskiptalífinu.

Nemendur á öðru ári fara síðan til námsdvalar til Yale-háskólans í New Haven. Þar verður meðal annars fjallað um aðferðir sem stjórnendur geta nýtt sér til að leysa flókin og erfið úrlausnarefni.

*Hvert er mikilvægi alþjóðlegrar reynslu í MBA-námi?*

Þar sem Ísland er lítið land sem er mjög háð utanríkisviðskiptum og alþjóðlegu samstarfi, er nauðsynlegt að nemendur okkar fái innsýn í starf erlendra háskóla og kynnist menningu annarra landa. Það víkkar sjóndeildarhringinn og gerir nemendur betur í stakk búna til að fást við viðfangsefni sín á vinnumarkaði hér á landi að námi loknu.

*Fyrir hverja er MBA-nám?*

MBA-námið er fyrir einstaklinga með að lágmarki 3-5 ára stjórnunarreynslu. Námið miðar að því að nemendur þrói sinn leiðtogastíl og bæti við sig þekkingu í rekstri fyrirtækja. Við sjáum að yfir 70 prósent þeirra sem hafa útskrifast með MBA frá HÍ hafa bæði fengið stöðuhækkun eftir að námi lauk sem og hækkað í launum. Námið gerir miklar kröfur og miðast við að undirbúa nemendur við að takast á við ný og fjölbreytt verkefni þar sem störfum er sífellt að fækka vegna aukinnar tæknivæðingar.

### Skólar í fremstu röð

Yale Shchool of Management er hluti af Yale-háskóla sem er í áttunda sæti yfir bestu háskóla heims samkvæmt röðun Times Higher Education. Yale School of Management er auk þess í ellefta sæti yfir þá skóla sem skara fram úr á heimsvísu í MBA-námi og IESE er í því tólfta samkvæmt mati Financial Times. Þeir sem hefja MBA-nám í haust í Háskóla Íslands munu fara í námsferð til IESE í Barcelona á vorönn árið 2020 og til Yale í New Haven í Bandaríkjunum á haustönn sama ár.

# Laun og árangur í Meistaradeildinni



Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri Íslandsbanka

Þátttökulið Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu deila með sér um 270 milljarða króna verðlaunafé þetta keppnistímabilið. Heildartekjur keppninnar hafa meira en þrefaldast frá því Barcelona lagði Arsenal að velli í París árið 2006 og fjárhagslegur ávinningur liða af árangri í keppninni hefur sömuleiðis margfaldast.

Það skyldi því engan undra að keppnin um þennan eftirsóttasta bikar Evrópu sé hörð. Rekstur fjölmargra liða veltur auk umtalsverðu leyti á þátttöku í keppninni og barist er um þá leikmenn sem talið er að geti skipt sköpum, en launaverðbólgan hjá bestu knattspyrnumönnum álfunnar hefur verið með ólíkindum undanfarin ár.

**Árangur í Meistaradeild 2013-2018**

17 lið sem greiddu hæstu launin á tímabilinu og árangur þeirra borinn saman við launagreiðslur.




Skila há laun þó samsvarandi árangri í keppninni? Ef við lítum aftur til ársins 2013 og berum launagreiðslur saman við frammistöðu til og með síðustu leiktíð sést að há laun eru alls engin trygging fyrir góðum árangri. Real Madrid, sem greitt hefur hæstu launin, hefur vissulega einnig náð bestum árangri (þó Ajax hafi sett risastórt strik í reikninginn á dögunum) en uppskera annarra liða er ansi misjöfn.

Áberandi er hversu vel Atlético frá Madríd hefur gengið að nýta sína starfskrafta, þrátt fyrir að greiða lægst laun þeirra 17 liða sem oftast hafa verið meðal þeirra útgjaldahæstu á tímabilinu. Einungis Real Madrid, Bayern og Barcelona hefur vegnað betur.

Það ætti ekki að koma mörgum á óvart hverjum hefur mistekist, umfram aðra, að snúa háum launagreiðslum í sigra á vellinum. Árangur Manchester United, sem er í fjórða sæti þeirra sem hæstu launin greiða, hefur frá 2013 verið hvað mest undir væntingum og er liðið átta sætum neðar á lista yfir árangur félaganna. Með fræknum sigri á PSG í síðustu viku lagfærir liðið þó nokkuð stöðu sína í þessum samanburði. Ekki má þó gleyma gömlu ítölsku stórveldunum frá Mílanó, sem hefur saman einungis einu sinni tekist að að komast í keppnina á þessu fimm ára tímabili þrátt fyrir háar launagreiðslur.

Þessi einfaldi samanburður sýnir því ekki fram á fylgni milli launagreiðslna og árangurs stærstu félaganna en það væri þó fullmikil einföldun að halda öðru fram en að fjárhagslegir burðir leiki lykilhlutverk í nútímafótbolta. Þegar litið er til stærstu deilda álfunnar er það einungis Barcelona á Spáni sem unnið hefur flesta deildarmeistaratitla á tímabilinu, þrátt fyrir að greiða örlítið lægri laun en erkifjendurnir hjá Real Madrid. Það er því enn hægt að kaupa árangur. Það er bara aðeins erfiðara í Meistaradeildinni.



# Tilnefningarnefndir í hlutafélögum



**Friðrik Friðriksson**
hagfræðingur og fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

> Erum við með tilnefningarnefndum að þrengja að hluthafalýðræðinu og milliliðalausu sambandi hluthafa við stjórn?

Áhugamenn um stjórnun gerðu vel í að fylgjast með hraðri þróun, einkum í skráðum félögum þar sem tilnefningarnefndir gera tillögur um stjórnarmenn í hlutafélögum. Grunnspurningarnar eru tvær: Eru tilnefningarnefndir í hlutafélögum líklegar til að bæta stjórnarhætti í félögum, sem er hið yfirlýsta markmið þeirra, og hins vegar má spyrja hvort þeirra sé þörf hér á landi ef horft er til smæðar fyrirtækjanna í alþjóðlegu samhengi. Samhliða er mikilvægt að ræða mismunandi fyrirkomulag þessara nefnda á milli félaga í Kauphöllinni.

Óhætt er að segja að margt er óljóst í störfum þeirra og hvernig þeim hefur verið veitt umboð frá hluthöfum. Ekki er ofsagt þegar fullyrt er að mikið ósamræmi ráði við framkvæmdina. Gögn um tilnefningarnefndir í skráðum félögum er best að sækja á vef Kauphallarinnar eða viðkomandi félaga. Verklagið við þær er þannig að tilnefningarnefnd sem valin hefur verið, oftast skipuð þremur nefndarmönnum, undirbýr næsta aðalfund með því að leggjast í talsverða vinnu við að greina stjórnarhætti, kalla eftir framboðum og eftir að hafa metið frambjóðendur leggur fram lista yfir þá sem lagðir eru til sem ráðgefandi upplegg fyrir aðalfund. Þessar skýrslur eru ítarlegar og erfitt að verjast þeirri hugsun að áherslan sé á umbúðirnar. Það er vandséð að tilnefningarnefndir verði breytingaafl við skipun á stjórnum. Einnig er í mörgum félögum gert ráð fyrir aðkomu tilnefningarnefnda þegar stjórnarkjör fer fram á hluthafafundum, þ.e. öðrum en aðalfundum.

Verði það ofan á að tilnefningarnefndir festist í sessi blasir við að gott væri að samræma umgjörð þeirra eftir því sem við á. Markmið tilnefningarnefnda er að tryggja gagnsætt og faglegt ferli við tilnefningu stjórnarmanna og styðja við upplýsta ákvarðanatöku hluthafa við stjórnarkjör eins og því er lýst. Hröð þróun í átt til tilnefningarnefnda hérlendis má örugglega rekja bæði til skráningar félaganna í Kauphöllinni og erlendra fjárfesta í þessum félögum. Líklega er tilvist þeirra því fremur viðbrögð við kröfum annarra en að þörfin sé talin brýn innan fyrirtækjanna. Í stærri fyrirtækjum erlendis eru tilnefningarnefndir starfandi þannig að spurningin er því frekar hvort þeirra er í raun þörf á okkar litla markaði. Tilnefningarnefndir mynda vissa fjarlægð á milli hluthafa og stjórna sem er ekki æskileg.

Hluthafar velja stjórnarmenn í fyrirtækjum til að gæta hagsmuna sinna enda gegna stjórnir mikilvægu hlutverki í gangverki fyrirtækjanna. Í aðdraganda aðalfunda þinga tilnefningarnefndirnar og gefa síðan gjarnan út skýrslu um störf sín og tillögu um þá sem skipa eigi sæti í næstu stjórn.

Hingað til hefur gengið ágætlega að manna stjórnir hérlendis. Leitað er að reynslu, sérþekkingu og almennu hæfi frambjóðanda samhliða því að gætt er jafnréttissjónarmiða. Í flestum stærstu fyrirtækjum landsins ráða lífeyrissjóðir landsmanna orðið miklu og tilnefna fólk til stjórnarsetu. Þeir hafa þannig mikið um það að segja hvernig velst í stjórnir. Innan stærstu lífeyrissjóðanna eru í reynd valnefndir sem hafa það verkefni að finna gott fólk í stjórn og aðrir hluthafar hafa sama leiðarljós – að fyrirtækinu vegni vel. Stjórnir skipta síðan með sér verkum.

Í þessu ljósi má spyrja: Bæta tilnefningarnefndir mannval í stjórnum? Tryggja þær meiri endurnýjun í stjórnum? Hvernig eru nefndirnar sjálfar mannaðar? Hvert sækja þær umboð sitt? Hvaða verkefni er þeim ætlað? Hvernig er þeim fyrir komið í skipulagi eða samþykktum viðkomandi félags? Efla þær eða minnka lýðræði við stjórnarkjör? Hver er kostnaðurinn af þeim?

Hvað framkvæmdina áhrærir þá er margt sem er þvers og kruss við núverandi stöðu. Í stuttri grein er ekki hægt að nefna nema nokkur atriði og stikla þar á stóru. Hvert sækja tilnefningarnefndir umboð sitt? Þær ættu að sækja það í samþykktir/lög félagsins þar sem ljóst er hvaða tilgangi þeim er ætlað að þjóna og starfsháttum lýst. Við lauslega athugun eru fá félög með tilnefningarnefndir í samþykktum, heldur ýmist þannig að gert sé ráð fyrir því að þær starfi sem undirnefnd stjórnar eða heyri beint undir stjórn. Við þær aðstæður að tilnefningarnefndir starfi sem undirnefndir stjórnar má halda því fram að hætta sé á að nefndin verði verkfæri stjórnar félagsins.

Í flestum nefndanna eru tveir óháðir nefndarmenn kjörnir á aðalfundi en einn tilnefndur af stjórn. Sjá má að Eik fasteignafélag tekur forystu á sínum aðalfundi með því að gera tillögu um breytingar á samþykktum í þá veru að stjórnarmenn sitji ekki í tilnefningarnefndum. Þetta virðist nokkuð augljóst þegar horft er til þess að stjórnarmaðurinn í nefndinni er væntanlega að mæla með sjálfum sér til framboðs sé hann í endurkjöri. Þessu ætti að verða breytt í öðrum félögum, þótt vissulega megi færa rök fyrir því að stjórnarmaðurinn hafi betri innsýn í störf viðkomandi stjórnar. Ljóst er að þegar tilnefningarnefnd hefur stillt upp „lista“ af frambjóðendum þá eiga aðrir frambjóðendur erfiðara uppdráttar, þegar búið er að gefa línuna. Í mörgum félaganna núna eru lagðar til óbreyttar stjórnir, nema að losni sæti. Erum við með tilnefningarnefndum að þrengja að hluthafalýðræðinu og milliliðalausu sambandi hluthafa við stjórn?

Að síðustu er vert að vekja athygli á þeim kostnaði sem fylgir stjórnum og þeim nefndum sem þeim fylgja. Hann virðist aukast hratt. Festi auglýsti nokkuð nákvæmlega hvað lagt er til að greiða stjórnarmönnum og fulltrúum í nokkrum nefndum fyrir nefndarvinnu, þar á meðal í tilnefningarnefnd. Samkvæmt tillögunni slagar stjórnartengd fjárhæðin í 50 milljónir á ári hjá því félagi.




FRAMTÍÐIN ER Í ÞÍNUM HÖNDUM

MBA-námið við Háskóla Íslands er tveggja ára hagnýtt meistaranám ætlað þeim sem hafa reynslu af stjórnunarstörfum og vilja auka þekkingu sína og hæfni til að takast betur á við forystuhlutverk í viðskiptalífinu. Einstaklingar með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands starfa nú á flestum sviðum viðskiptalífsins, ýmist sem æðstu stjórnendur, millistjórnendur, sérfræðingar eða frumkvöðlar.

**Umsóknarfrestur er til 24. maí**

HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA
www.mba.is
Yale SCHOOL OF MANAGEMENT
IESE

## Skotsilfur

### Stendur í ströngu



Í kjölfar þess að viðræðum Icelandair Group og WOW air var slitið um liðna helgi leituðu eigendur skuldabréfa í síðarnefnda félaginu til **Guðmundar Ingva Sigurðssonar**, meðeiganda á LEX lögmannsstofu, en hann hefur verið þeim til ráðgjafar í viðræðum við forsvarsmenn flugfélagsins undanfarna daga. Guðmundur Ingvi, sem sérhæfir sig meðal annars í endurskipulagningu fyrirtækja, hefur þannig haft í nógu að snúast að ráðgast við fulltrúa allra skuldabréfaeigendanna en þeir skipta tugum og eru einhverjir þeirra, til dæmis eignastýringarfyrirtækið Eaton Vance, erlendir.

### Nauðsyn að stíga inn í



**Heiðar Guðjónsson**, stjórnarformaður Sýnar, tók sterkt til orða þegar hann fjallaði um vandræðin í kringum sameiningu félagsins við ljósvakahluta 365 miðla á aðalfundi í síðustu viku. Hann sagði kerfi félagsins hafa gripið undirliggjandi þróun of seint þar sem stjórnin hefði ekki fengið upplýsingar um óhagfelld áhrif hennar fyrr en í desember í fyrra. „Strax í kjölfarið“ hefði aðkoma hennar að rekstrinum aukist.

Bein innkoma formanns stjórnar í daglegan rekstur væri ekki eitthvað sem gerðist á hverjum degi á íslenskum hlutabréfamarkaði en stjórn hefði talið nauðsynlegt að stíga beint inn í reksturinn.

### Í fasteignaþróun



**Gísli Hauksson**, annar stofnenda GAMMA, hefur haft ýmislegt fyrir stafni eftir að hann hætti hjá félaginu fyrir um ári. Auk þess að sinna eigin fjárfestingum hefur hann stofnað fasteignaþróunarfélagið Skipan með valinkunnum mönnum en þar starfa meðal annars Guðmundur Kristján Jónsson skipulagsfræðingur og Leó Hauksson, sem starfaði síðast á sviði sölu og viðskiptaþróunar GAMMA.

## Apple kynnir eigið greiðslukort



Tim Cook, forstjóri Apple, kynnti á blaðamannafundi á mánudag nýtt greiðslukort sem tæknirisinn hyggst gefa út í samstarfi við fjárfestingarbankann Goldman Sachs. Forstjórinn sagði að Apple-kortið, sem mun ekki bera árgjald, yrði ein mesta nýjung sem sést hefði á sviði greiðslumiðlunar undanfarin fimmtíu ár. Forsvarsmenn tæknirisans segja vextina á kortinu verða með þeim lægstu sem munu bjóðast. NORDICPHOTOS/GETTY

# Erlendar netverslanir og samkeppniseftirlit



**Valur Þráinsson**
aðalhagfræðingur Samkeppniseftirlitsins

Við mat samkeppnisyfirvalda á samkeppnislegum áhrifum samruna skiptir það samkeppnislega aðhald sem hið sameinaða fyrirtæki mun búa við í kjölfarið miklu máli. Því meira aðhald sem er til staðar, innlent sem erlent, því minni líkur eru á því að samruninn raski samkeppni.

Í nýlegum málum sem hafa verið til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu hefur samkeppnislegt aðhald erlendra netverslana verið tekið til skoðunar.

**Kaup Haga á Lyfju**

Við rannsókn á fyrirhuguðum kaupum Haga á Lyfju var metið að hversu miklu leyti erlendar netverslanir myndu veita hinu sameinaða fyrirtæki samkeppnislegt aðhald. Þar sem hið sameinaða fyrirtæki hefði öðlast sterka stöðu í smásölu snyrtivara á Íslandi skipti þetta atriði töluverðu máli. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins leiddi meðal annars í ljós að fáir smásalar snyrtivara á Íslandi litu á erlendar netverslanir sem sína helstu keppinauta. Af þeim 24 svörum sem bárust nefndi enginn snyrtivörusali hreina netverslun (e. pure online players) sem sinn helsta keppinaut né þann sem kæmi þar á eftir. Endurspeglaðist sú niðurstaða í neytendakönnun sem framkvæmd var fyrir Samkeppniseftirlitið í þessu máli en þar svöruðu um 8% því til að hafa keypt snyrtivörur í erlendri netverslun á síðastliðnum 12 mánuðum. Rannsóknin leiddi í ljós að samkeppnislegt aðhald erlendra netverslana í sölu snyrtivara á þeim tíma sem samruninn var rannsakaður virtist vera takmarkað. Samruninn var ógiltur en samrunaaðilar áfrýjuðu ekki ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

> Sé aðhaldið vanmetið getur það leitt til þess að hlutast sé til um samruna sem ekki skaða samkeppni.

**Kaup N1 á Festi og Haga á Olís**

Við rannsókn á samrunum N1 og Festar og Haga og Olís var ekki þörf á því að rannsaka ítarlega það samkeppnislega aðhald sem erlendar netverslanir myndu veita samrunaaðilum í kjölfar samrunanna. Ástæða þess er einföld: Það erlenda samkeppnislega aðhald sem dagvöru- og eldsneytissalar búa við frá erlendum netverslunum er afar takmarkað. Á það við hér á landi sem og erlendis en alla jafna er samkeppni á þessum mörkuðum mjög staðbundin þar sem erfitt er fyrir smásala að flytja þessar vörur þvert á landamæri og svæði, nálægð við neytendur er yfirleitt mikilvæg og oft er þörf á vörunum með mjög skömmum fyrirvara.

**Tekið er tillit til erlends samkeppnislegs aðhalds**

Eins og fram hefur komið metur Samkeppniseftirlitið áhrif erlends samkeppnislegs aðhalds við rannsókn samruna. Ofmeti eftirlitið erlent samkeppnislegt aðhald getur það leitt til þess að of margir samkeppnishamlandi samrunar nái fram að ganga. Sé aðhaldið vanmetið getur það leitt til þess að hlutast sé til um samruna sem ekki skaða samkeppni. Því er mikilvægt að Samkeppniseftirlitið ofmeti hvorki né vanmeti það erlenda samkeppnislega aðhald sem er til staðar í hverju máli hverju sinni. Það þjónar best hagsmunum íslenskra neytenda og fyrirtækja.

**Fyrirvari:** Skoðanir eru höfundar og þurfa ekki nauðsynlega að endurspegla afstöðu eða stefnu Samkeppniseftirlitsins.

# Gleðin sem arðgreiðslur færa hefur tekið enda

**SKOÐUN**



Helgi Vífill Júlíusson

Uppsláttur á forsíðu Stundarinnar um arðgreiðslur hótela bar þess merki að blaðið skeytti lítt um gangverk efnahagslífsins.

Margir átta sig ekki á hve auðvelt það er að tapa miklu fé á skömmum tíma í rekstri. Margt getur farið úrskeiðis. Jafnvel þótt allt hafi gengið að óskum skömmu áður.

Skúli Mogensen þekkir það manna best. Hann hefur tvisvar svifið seglum þöndum og tvisvar horft á hlutafé sitt brenna upp. Gæfan er hverful. Saga hans er ýkt en varpar ljósi á hvernig það er að stunda viðskipti. Það skiptast á skin og skúrir.

Það eru ekki einungis djarfir ævintýramenn sem eru illa leiknir eftir fyrirtækjarekstur. Leikfangarisinn Toys'R'Us stóðst ekki tímans tönn og um 40 prósent álvera í heiminum hafa verið rekin með tapi vegna óhagstæðrar þróunar á mörkuðum.

Eins og launafólk á fjármagn rétt á umbun sem fer eftir áhættunni sem er tekin hverju sinni. Umbunin getur verið í formi arðgreiðslna. Þær eru mikilvægur liður í gangverki efnahagslífsins. Án þeirra geta fjárfestar og frumkvöðlar allt eins setið heima með hendur í skauti og atvinnulífið koðnar niður. Það þarf að taka áhættu til að skapa störf, tryggja landsmönnum vörur og þjónustu og skapa gjaldeyristekjur. Og umsvifin leggja til samneyslunnar.

Ferðaþjónusta hefur í áratugi gengið illa hér á landi. Almennt voru hótelin rekin með tapi á árunum 2003 til 2008, samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Uppsveiflan á undanförnum árum hefur verið með ólikindum og því eðlilegt greiddur sé myndarlegur arður. Launþegar hafa sömuleiðis notið góðs af búhnykknum. Hlutur launafólks af verðmætasköpuninni er nú sá hæsti meðal OECD-ríkja.

Stundinni varð á í messunni. Tölur án samhengis segja ekkert heldur spila á tilfinningar lesenda. Fjölmiðillinn setti ekki arðgreiðslur hótelanna í samhengi við það fjármagn sem bundið var í rekstrinum, því síður miðað við þá áhættu sem tekin var.

Ef tekið er dæmi af handahófi, högnuðust Íslandshótel um 876 milljónir króna árið 2016. Það eru háar fjárhæðir en arðsemi eigin fjár var einungis átta prósent.

Nú er staðan önnur. Viðskiptaráð hefur varað við að það stefni í að hótelin sem verkfallsaðgerðir beinast gegn verði rekin með tæplega þriggja milljarða króna tapi í ár. Staðan er tvísýn. Eflaust munu margir fjárfestar í ferðaþjónustu tapa háum fjárhæðum á næstu misserum. Vonandi munu einhverjir þeirra búa að gömlum arðgreiðslum. Gleðin hefur tekið enda.












# SKRIFSTOFURÝMI TIL LEIGU
# EITT VERÐ, ALLT INNIFALIÐ

**ÁRMÚLI – HÖFÐATORG – AKUREYRI – HAFNARTORG – URÐARHVARF**

### *Allt innifalið*

Þú greiðir aðeins eitt verð fyrir allt sem tengist vinnusvæði þínu.

### *Stækkaðu við þig*

Bættu við skrifborðum eftir því sem starfsmönnum fjölgar.

### *Fullbúnar skrifstofur*

Nútímaleg húsgögn og háhraða internettenging fylgja.

**5 27 27 87**

Regus™

**REGUS.IS**

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 27. mars 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins
@frettabladid


## Hagnaður Stefnis dróst saman um 46 prósent

Hagnaður Stefnis, dótturfélags Arion banka, nam 897 milljónum króna á síðasta ári og dróst saman um 46 prósent frá fyrra ári þegar hann var 1.680 milljónir króna, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi eignastýringarfyrirtækisins.

Heildartekjur Stefnis, sem eru fyrst og fremst umsýslu- og árangurstengdar þóknanir, voru 2.316 milljónir króna í fyrra og drógust saman um liðlega 30 prósent frá árinu 2017. Þá voru rekstrargjöld samanlagt 1.202 milljónir króna á síðasta ári borið saman við 1.169 milljónir króna árið 2017.



**Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri Stefnis.**

Eignir í virkri stýringu Stefnis, sem er stærsta eignastýringarfyrirtæki landsins, lækkuðu á árinu um tæpa 16 milljarða króna eða úr tæpum 347 milljörðum í nær 331 milljarð króna en í skýrslu stjórnar segir að það skýrist meðal annars af innlausnum í sjóðunum Stefni ÍS-15 og Stefni – Lausafjársjóði. **– kij**

**26.03.2019**



**Það er öllum ljóst að það þarf að gera þetta hratt. Þannig að kannski núna eru aðstæður þannig að þetta er orðið gerlegt.**

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air.

## Stjórnarmaðurinn

### 5 milljarðar, anyone?

**WOW air** tilkynnti í gær að skuldabréfaeigendur félagsins hefðu samþykkt að breyta skuldum sínum í hlutafé. Næsta skref sé þá að gefa út nýtt hlutafé, en stefnt sé að því að safna fimm milljörðum króna fyrir 51% hlut í félaginu.

**Vitaskuld** eru þetta ágæt tíðindi, og gera það að verkum að grundvöllur kann að hafa myndast fyrir því að fá nýja fjárfesta að félaginu. Skuldabréfaeigendur hafa horft fram á tiltölulega einfalt val. Neita að breyta skuldum sínum í hlutafé og tapa allri fjárfestingunni, eða breyta skuldunum og geta mögulega náð einhverju til baka í fyllingu tímans.

**Það þýðir** þó ekki að einfalt mál sé að safna þeim fimm milljörðum sem upp á vantar. Forsvarsmenn félagsins hafa jú verið með söfnunarbaukinn á lofti svo mánuðum skiptir, en án árangurs. Hvers vegna ætti annað að vera upp á teningnum nú?

**Þótt** skuldabréfaeigendur hafi fallist á að breyta skuldum sínum í hlutafé, þýðir það ekki að félagið sé skuldlaust. Augljóst er að vinda þarf ofan af málum gagnvart leigusölum flugvéla félagsins, enda hafa þeir kyrrsett að minnsta kosti tvær vélar í eigu WOW. Þá verður að telja líklegt að sama gildi um hina ýmsu kröfuhafa félagsins, m.a. Isavia en fram hefur komið að WOW skuldi um tvo milljarða í lendingargjöld.

**Síðast** en ekki síst þá þyrftu nýir fjárfestar að gera það upp við sig hvort orðspor WOW hafi beðið óbætanlegan hnekki vegna atburða undanfarinna daga. Kyrrsetningar á vélunum og truflun á flugáætlun í kjölfarið rataði í heimspressuna. Farþegar gáfu félaginu óvæginn vitnisburð á vefsíðum og samfélagsmiðlum.

**Forstjóri** WOW var í viðtali í gær og sagði fólki óhætt að kaupa farmiða með félaginu. Þá ætti WOW fyrir launum um næstkomandi mánaðamót, og því væri tíminn síður en svo að renna út líkt og fjölmiðlar hafi gert skóna.

**Vonandi** er það rétt hjá Skúla, enda vandséð að upplýst ákvörðun um fjárfestingu í félaginu verði tekin á örfáum klukkustundum eða dögum.

**Sagan** endalausa virðist því ætla að halda áfram um sinn. Skúli Mogensen hefur áður sýnt að hann getur ráðið fram úr ótrúlegustu hlutum á örskömmum tíma. Nú er bara spurningin hvort hann getur stungið hendinni ofan í salernið og komið upp með súkkulaði.










# FULLKOMINN DJÚPSVEFN

## Með Kally heilsukoddanum

Kally heilsukoddinn er þróaður í samráði við breska osteópata og svefnráðgjafa og er byltingarkennd nálgun í svefnlausnum. Búið er að endurhanna hinn klassíska meðgöngukodda sem barnshafandi konur hafa þekkt í áraraðir með bómull í hæsta gæðaflokki. Hann tryggir að þú upplifir góðan djúpsvefn og það þarf varla að taka fram hversu mikilvægur hann er!






Kally Sleep hefur í áraraðir sérhæft sig í byltingarkenndum svefnlausnum sem hjálpa viðskiptavinum að upplifa góðan djúpsvefn. Allar vörur Kally Sleep eru þróaðar og hannaðar í samráði við færustu sérfræðinga á sviði svefnráðgjafar og eru einungis framleiddar úr hágæða efnum fyrir hámarks þægindi.

**Kally heilsukoddinn fæst á boxid.is og í verslunum Super 1.**

BOXID SUPER 1

Kally Sleep®

Sleep Innovations, Styled Around You.

www.kallysleep.com



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Aðalheiður Guðmundsdóttir**
(Heiða)

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð Grindavík föstudaginn 8. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Róbert Jóhannes Sigurjónsson**
**Sigurbjörg K. Róbertsdóttir** **Aðalgeir Jóhannsson**
**Magnea G. Róbertsdóttir** **Elías J. Ingimarsson**
**Ingibjörg Róbertsdóttir** **Atli Hermannsson**
**Sigríður Róbertsdóttir**
**Viktoría Róbertsdóttir** **Hreinn Halldórsson**
**Vilborg S. Róbertsdóttir** **Pétur Rafn Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, bróðir okkar og frændi,

**Jón Aðalsteinn Gunnlaugsson**
*bóndi, frá Sunnuhvoli í Bárðardal,*

andaðist laugardaginn 2. mars að Hornbrekku á Ólafsfirði. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 29. mars kl. 13.30.

**Sigríður Ólafsdóttir**
**Sigrún Gunnlaugsdóttir**
**Herdís Gunnlaugsdóttir**
**Gunnlaugur Friðrik Friðriksson**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Karl V. Stefánsson**

lést á dvalarheimilinu Ási, laugardaginn 16. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur þakka starfsfólki Dvalarheimilisins Áss hlýja og góða umönnun.

**Unnur Einarsdóttir**
**Inga Lára Karlsdóttir**
**Helga Karlsdóttir** **Garðar Rafn Halldórsson**
**Unnur María Pálmadóttir** **Jóhann Kristinn Jóhannesson**
**Birna Ósk Björnsdóttir** **Tony Vokey**
**Linda Björg Björnsdóttir** **Ísak Óli Sigurjónsson**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Karen Júlía Magnúsdóttir**
(Didda)

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold þann 19. mars. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 29. mars klukkan 15.00.

**Víðir Finnbogason**
**Anna Jóna Víðisdóttir**
**Stella K. Víðisdóttir**
**Berglind Víðisdóttir** **Knútur Þórhallsson**
**Harpa Víðisdóttir** **Oddur Ingason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Ásbjörn Eggertsson**
*Höfnum,*
*síðast til heimilis að Miðgarði 5, Keflavík,*

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 11. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Jarðsett var í Kirkjuvogskirkjugarði. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök lungnasjúklinga.

**Þökkum auðsýnda samúð.**
**Jenný Karitas Ingadóttir**
**Sigríður Ásta Ásbjarnardóttir** **Edward Morthens**
**Guðný Sóley Ásbjarnardóttir**
**Ingi Eggert Ásbjarnarson** **Anna Tabaszewska**
**Ásbjörn og Auður Morthens**

ÞETTA GERÐIST: 27. MARS 1764

## Eldur kviknaði í Innréttingum Skúla fógeta



Verksmiðjuhúsin sem hýstu Innréttingarnar, vefnaðarfyrirtæki Skúla fógeta, stórskemmdust vegna bruna undir lok þessa dags árið 1764. Þrjár vefstofur, tíu vefstólar ásamt öðrum tækjum, urðu eldinum að bráð, auk hráefnis og fullunnins varnings. Alls var tjónið metið á 3.706 ríkisdali og sex skildinga.

Um hundrað manns unnu við fyrirtækið. Það var einn vefaranna, Ámundi Jónsson, sem vaknaði um miðnætti og varð eldsins var. Hann vakti annað fólk sem talið er að ella hefði trúlega brunnið inni.

Menn giskuðu á að skar af kolu, sem ógætilega var farið með, hefði orðið til þess að eldurinn kviknaði.

Einum og hálfum tíma eftir að hann kom upp voru vefstofurnar þrjár brunnar til kaldra kola með öllu sem í þeim var. Veður var afleitt þessa nótt, svo óhægt var um allt slökkvistarf en þó tókst að varna því að eldurinn næði fleiri húsum.



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Kristinsdóttir**
*áður til heimilis í Miðleiti 7,*

lést á Droplaugarstöðum 21. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 28. mars kl. 15.00.

**Sigurður Sveinbjörnsson** **Dagný Jónasdóttir**
**Árni Sveinbjörnsson** **Áslaug Sigurðardóttir**
**Sveinbjörn Sveinbjörnsson** **Soffía Theodórsdóttir**
**Anna María Sveinbjörnsdóttir** **Valgerður Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,

**Magnús Þrándur Þórðarson**

lést á heimili sínu í San Jose, Kaliforníu, þriðjudaginn 19. mars. Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts hans. Jarðarförin fer fram í kyrrþey.

**Helga Þorvarðardóttir**
**Ragnhildur Magnúsdóttir**
**Illugi Magnússon** **Michele Kitagawa**
**Pétur Gautur Magnússon**
**Stella Luna Powers**
**Anna Hjaltested** **Þórður B. Sigurðsson**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Hrefna Magnúsdóttir**
*frá Hellissandi,*

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 23. mars. Útför hennar fer fram frá Ingjaldshólskirkju laugardaginn 30. mars kl. 14.00.

**Ari Skúlason** **Jana Pind**
**Hulda Skúladóttir**
**Drífa Skúladóttir** **Viðar Gylfason**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gróa Aradóttir**
*hjúkrunarheimilinu Eyri, Ísafirði,*

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri fimmtudaginn 14. mars. Útför hennar fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 30. mars kl. 14.

**Ágústa Bragadóttir** **Hallur Páll Jónsson**
**Einar D. Bragason**
**Margrét J. Bragadóttir** **Sveinn S. Sveinsson**
**Ólína Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuð móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðbjörg I. Stephensen**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold þann 17. mars síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kristbjörg Stephensen** **Björn H. Halldórsson**
**Ragnheiður Stephensen**
**Lilja Þóra Stephensen**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og sambýliskona,

**Jóhanna Bjarnadóttir**
*áður Kleppsvegi 36,*

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, mánudaginn 11. mars 2019. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 29. mars kl. 13.00.

**María Olgeirsdóttir** **Hreiðar S. Albertsson**
**Jóhanna Olga Hreiðarsdóttir**
**Sigurður Steindórsson**



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Aðalbjarnardóttir**
*Hrafnistu, Hafnarfirði,*

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 29. mars klukkan 13.00.

**Þorgerður Jónsdóttir** **Steingrímur Þórðarson**
**Viðar Hrafn Steingrímsson** **Lena Karen Sveinsdóttir**
**Sigrún Steingrímsdóttir** **Nikulás Árni Sigfússon**
**og barnabarnabörn.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

MARS | 2019




Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar

# Velkomin í glæsilega skoðunarstöð Frumherja að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði.
Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS YI 20 513

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




*Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201*

Frumherji
www.frumherji.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | 15 |
| Ísafjörður | -3 | 19 |
| Akureyri | 4 | 14 |
| Egilsstaðir | 7 | 11 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 14 |
| Hveravellir | -2 | 18 |

Sunnan 13-20 með rigningu eða slyddu, en þurrt um landið norðaustanvert. Snýst í suðvestan 15-25 í dag með éljum og kólnandi veðri.

## Fimmtudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 0 | 15 |
| Ísafjörður | -5 | 10 |
| Akureyri | 0 | 9 |
| Egilsstaðir | 4 | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 0 | 5 |
| Hveravellir | -6 | 17 |

## Föstudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 1 |
| Ísafjörður | -5 | 2 |
| Akureyri | -5 | 1 |
| Egilsstaðir | -3 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 1 | 3 |
| Hveravellir | -8 | 2 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | 3 | | 7 | 4 |
| | 1 | 5 | | | 9 | 8 | | |
| | | 3 | | 4 | | | | |
| 5 | | | | | | 6 | 8 | 3 |
| | 8 | | | 1 | | | 2 | |
| 7 | | | 2 | | | | 5 | |
| 8 | 4 | | 1 | 9 | | | 6 | |
| 9 | | | 4 | | | | | |
| | | 6 | | | 2 | | | 7 |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 9 | | | 2 | | | | | |
| 1 | 2 | | | 6 | 7 | | | 9 |
| | 5 | | | | 3 | 9 | | 4 |
| | | | 5 | 2 | | 1 | | 3 |
| 6 | | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 7 | | 5 | | |
| 4 | 6 | | | | | | 1 | 7 |
| | | | | | | | 4 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| | | | | 1 | | | 3 | |
| | | | 6 | | | | | |
| | 4 | | 9 | 6 | | | | |
| | | 6 | | | | | | 2 |
| | | 5 | | | 2 | 4 | | |
| | | 4 | 3 | | | 1 | 5 | |
| | | 9 | | 7 | | | | |
| 8 | 3 | 2 | | | 1 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 8 | 5 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 4 | 5 | 3 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 9 | 8 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 6 | 2 | 3 |
| 1 | 6 | 4 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 5 | 2 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 |
| 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 3 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 8 |
| 3 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 7 |
| 2 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 6 | 5 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 | 7 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. korn
5. sund
6. íþróttafélag
8. lóga
10. tveir eins
11. pili
12. dóms
13. dæld
15. gallsúr
17. missa

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt
2. óskert
3. hamfletta
4. eftirrit
7. safna
9. vanrækja
12. tóntegund
14. metaskál
16. innan

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. hafra, 5. áll, 6. fh, 8. slátra, 10. tt, 11. rím, 12. mats, 13. kvos, 15. kolsúr, 17. glata.
**LÓÐRÉTT:** 1. hástökk, 2. allt, 3. flá, 4. afrit, 7. hamstra, 9. trassa, 12. moll, 14. vog, 16. út.

## Skák Gunnar Björnsson

Örn Leó Jóhannsson (2.211), Breiðabliki, Bolungarvík og Reykjanesi, átti leik gegn Gísla Hólmari Jóhannessyni (2.015), Hugin.

**13. Rxe6! fxe6 14. Hxe6 Kh8 15. Hxd6 Re4? 16. Dg4!** og hvítur vann skömmu síðar. Jón Kristinn Þorgeirsson varð um síðustu helgi bæði Norðurlandsmeistari í skák og hraðskák. Vignir Vatnar Stefánsson sigraði hins vegar á mótinu. **www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

**Hvítur á leik**








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

## VERIÐ VELKOMIN
## SUPER 1 HALLVEIGARSTÍG 1




OPIÐ TIL
22:00
ALLA DAGA

SUPER 1 - HALLVEIGARSTÍG 1 - 101 REYKJAVÍK

# Í hlutverki eins konar brúarsmiðs

**Bjarni H. Þórarinsson sýnir nýleg verk í BERG Contemporary. Er enn að þróa hugmyndakerfi sitt. Sterkt samspil er milli myndmáls og ritmáls.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is





„Hugur minn upptendraðist, mér leið eins og ég hefði uppgötvað nýjan töfralykil," segir Bjarni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bjarni H. Þórarinsson sýnir á annað hundrað blýantsteikningar í BERG Contemporary. Sýningin nefnist Víðróf. „Þetta er frumsýning á öllum þessum verkum sem ég vann heima í átta til tíu tíma á hverjum einasta degi vikunnar á árunum 2012-2014 og 2016-2017, þannig að þau eru frekar nýleg," segir Bjarni.

Mynd- og hugmyndaheimur Bjarna er mjög sérstakur. Árið 1987 fór hann að leggja grunn að kerfi hugmynda, sem hann kallar Sjónháttafræði og tekur til allra þátta tilverunnar; sjónlista, heimspeki, tungumáls og form- og merkingarfræði sem hann myndgerir.

**Ný sköpunaraðferð í myndlist**

Um uppgötvun sína á þessu hugmyndakerfi segir Bjarni: „Hugur minn upptendraðist, mér leið eins og ég hefði uppgötvað nýjan töfralykil, eins konar týndan hlekk í hugsun mannsandans. Þessi uppgötvun olli straumhvörfum á listamannsferli mínum. Ég gerðist sjónháttafræðingur, hafði fundið nýja sköpunaraðferð í myndlistinni. Við tóku ítarlegar rannsóknir á tungumálinu og fljótlega gerðist ég eins konar kerfissmiður varðandi tungumál og tungumálanotkun. Ég byrjaði á því að setja saman myndlykla- eða ritlyklakerfi sem gerði mér kleift að greina hugtök sem höfðu sameiginlegt stef og áttu það sammerkt að geta flokkast undir viðkomandi lykil.



Ein mynda Bjarna, en á annað hundrað blýantsteikninga eru á sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eitt sinn kallaði ég sýningu sem ég hélt á Mokka „litlu íslensku endurreisnina" og hafði þá hugtakið handrit eða myndrit í huga. Ef það er rétt hjá mér að um geti verið að ræða einhvers konar endurreisn þá er hún fólgin í því að í stað þess að gera eitthvað með gömlu aðferðinni þá kem ég fram með nýjung sem er myndrit, sem ég held að sé nýyrði. Þar er um að ræða sterkt samspil milli myndmáls og ritmáls."

**Brú milli raun- og hugvísinda**

Bjarni segist enn vera að þróa hugmyndakerfi sitt og að á sýningunni í BERG Contemporary sé hann kominn yfir í annað kerfi, sem hann segir vera magnað og vill kalla ríklakerfi. „Ríkill er hugtak sem er mjög gildisríkt og hefur margar birtingarmyndir og mögulegt er að greina hvern ríkil fyrir sig. Ég hef

**ÉG HELD AÐ ÉG VERÐI BARA AÐ LÝSA YFIR TRÚNAÐARTRAUSTI Á ÁHORFANDANN, HANN VERÐUR AÐ FÁ AÐ EIGA UPPLIFUNINA MEÐ SJÁLFUM SÉR.**

á tilfinningunni að ég sé kominn í spor eins konar brúarsmiðs með þessu heimspekilíkani mínu sem samanstendur af ríklum. Þar er ég að smíða eins konar brú milli raun- og hugvísinda.

Á sýningunni eru 27 ríklar, 25 tilheyra hinu makalausa heimspekilíkani sem mér tókst að setja saman á sínum tíma og kallaði þróunarviðróf. Svo er ég með tvo aðra ríkla á sýningunni. Annar þeirra er mjög öflugur, það er einfaldlega ríkillinn maður. Þar skoða ég manninn í alls kyns samhengi, út frá sögulegu sjónarhorni, pólitísku, þjóðfélagslegu, samfélagslegu, félagslegu, siðferðilegu og trúarbragðalegu. Síðast en ekki síst tek ég manninn fyrir sem öfluga neytendategund. Svo er hinn ríkillinn sem er saga, en á myndum greini ég hugtakið sögu í öllum sínum birtingarmyndum og breytileika."

Myndheimur Bjarna er heillandi en um leið afar flókinn. Hann er spurður hvernig hann haldi að áhorfandinn upplifi hann og segir: „Það er meira en að segja það að setja sig í spor áhorfandans: Hvernig upplifir hann myndverk mín eða listaverk? Ég held að ég verði bara að lýsa yfir trúnaðartrausti á áhorfandann, hann verður að fá að eiga upplifunina með sjálfum sér. Ég ætla ekki að segja honum fyrir verkum í þeim efnum."

## Sambandsleysi hjóna

**BÆKUR**

**Bönd**
★★★½☆

**Höfundur:** Domenico Starnone
**Þýðandi:** Halla Kjartansdóttir
**Útgefandi:** Benedikt bókaútgáfa
**Blaðsíður:** 142

Domenico Starnone er nú um stundir þekktastur sem eiginmaður Anitu Raja, konunnar sem er talin skrifa undir höfundarnafninu Elena Ferrante. Um tíma voru reyndar sögusagnir um að Starnone sjálfur væri Ferrante og einnig að hjónin hefðu skrifað Ferrante-bækurnar í sameiningu.

Aðdáendur Ferrante munu örugglega hafa bók hennar Daga höfnunar í huga á fyrstu blaðsíðum þessarar bókar þar sem reið og bitur eiginkona hellir sér yfir eiginmanninn sem hefur yfirgefið hana og börn þeirra tvö vegna yngri konu. Sagan fer síðan í aðra átt en lesandinn á von á því hún er að mestu sögð frá sjónarhorni eiginmannsins.

Í byrjun verður ekki annað séð en að eiginmaðurinn hafi farið fyrir fullt og allt en í ljós kemur að hann hefur snúið aftur heim. Lesandinn kynnist hjónum á áttræðisaldri sem hafa búið saman í áratugi, fyrir utan nokkurra ára hlé. Yfirborðið virðist nokkuð slétt og fellt og það kann jafnvel að virðast sem hliðarspor eiginmannsins hafi ekki skilið eftir sig varanleg ör í sambandinu. Hjónin kjósa að láta eins og ástarsamband hans hafi ekki átt sér stað og á yfirborðinu er nánast eins og ekkert hafi gerst, en um leið hefur allt breyst. Eftir að brotist er inn

**VÍST ER AÐ HÖFUNDUR GERIR ALLT VEL Í ÞESSARI STUTTU SKÁLDSÖGU.**

í íbúð hjónanna og þau horfast í augu við eyðilegginguna opinberar höfundur innihaldsleysi hjónabands þeirra hægt og örugglega. Í ljós kemur að þau hafa, eins og eiginkonan orðar það, „lifað saman í hryllingi og kvöl". Á einum stað veltir eiginmaðurinn því fyrir sér hvort hugsanlegt sé að hann hafi aldrei gefið konu sinni gaum og hún segir á öðrum stað að hún sé ekki viss um að hún hafi nokkru sinni




elskað hann. Þriðji hluti bókarinnar er svo nánast eins og leynilögreglusaga þar sem óvænt afhjúpun á sér stað.

Bönd er vel skrifuð skáldsaga sem opinberar á miskunnarlausan hátt sambandsleysi einstaklinga sem hanga saman í áratugi. Hið misheppnaða hjónaband foreldranna hefur síðan áhrif á börn þeirra með tilheyrandi afleiðingum.

The Sunday Times, The New York Times og Kirkus völdu bókina eina af bókum ársins 2017. Víst er að höfundur gerir allt vel í þessari stuttu skáldsögu en frásögnin hefði þó mátt vera kraftmeiri og ástríðufyllri og um leið hefðu áhrifin orðið enn sterkari. **Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vel skrifuð og áhugaverð skáldsaga um hjónaband og svik.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 27. MARS 2019

**Hvað?** Íslensk hönnun í sinni litríkustu mynd - Sýning
**Hvenær?** 10
**Hvar?** Epal, Skeifunni 6
Á sýningunni er kastljósinu varpað á magnaða íslenska hönnuði sem hafa vakið athygli erlendis, t.d. Hlyn V. Atlason í NY sem hannaði nýlega stóra vörulínu fyrir ercol, feðginin Kolbrúnu og Leó Jóhannsson sem hanna fyrir Skipper Furniture, Guðmund Lúðvík sem hannar fyrir Fredericia Furniture í Köben, að ógleymdri Siggu Heimis sem gerir hjartaspegla til styrktar Sjónarhóli um þessar mundir. Þá verður heimsfrumsýning á nýjum fugli eftir Sigurjón Pálsson – lunda sem framleiddur er af Normann Copenhagen. Fuglar Sigurjóns hafa selst fyrir á annan milljarð króna

**Hvað?** Hamingja næstu kynslóða – Heimspekikaffi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Gunnar Hersveinn rithöfundur og Auður Anna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, leiða gesti í lifandi umræðu um hvers konar líferni Vesturlandabúar þurfi nauðsynlega að tileinka sér til að næstu kynslóðir geti orðið hamingjusamar. Hvaða róttæku kerfisbreytingar verði að eiga sér stað og hvaða lífsgildi þurfi að efla til að vinna bug á græðginni. Allir velkomnir.


Kammerkór Suðurlands ásamt Rut Ingólfsdóttur og Guðjóni Halldóri Óskarssyni, orgelleikara og kórstjóra.

**Hvað?** Stórtónleikar í tilefni föstu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Þykkvabæjarkirkja í Rangárvallasýslu
Fluttir verða þættir úr óratoríunni Messías eftir Georg Friedrich Händel. Flytjendurnir eru allir búsettir eða kenna í Rangárþingi. Þeir eru: Þórunn Elfa Stefánsdóttir, sópran, Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir mezzósópran, Sigríður Aðalsteinsdóttir alt, Bjarni Guðmundsson tenór, Kammerkór Rangæinga, Rut Ingólfsdóttir, fiðla, og Guðjón Halldór Óskarsson, orgel og kórstjórn.

**Hvað?** Jazz á vegum Múlans
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, 5. hæð Hörpu
Kvartett gítarleikarans Ómars Einarssonar leikur á tónleikum vordagskrár Múlans í kvöld. Efnisskráin er suðræn í bland við frumsamið efni, ásamt þekktum djasslögum eftir Mancini, Silver, Garner og Jobim o.fl. Ásamt Ómari skipa kvartettinn þeir Kjartan Valdemarsson píanóleikari, Jón Rafnsson bassaleikari og Erik Qvick trommuleikari. Miðaverð er 2.500 en 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara.





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Capernaum (ENG SUB) | 17:30 | Birds of Passage (ICE SUB) | 20:00 |
| Mug // Twarz (ENG SUB) | 18:00 | Brakland (DANISH W/ENG SUB) | 22:00 |
| Arctic (ICE SUB) | 18:00 | Birds of Passage (ENG SUB) | 22:00 |
| Mug // Twarz (ICE SUB) | 20:00 | Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) | 22:30 |
| Free Solo (ENGLISH - NO SUB) | 20:00 | | |







Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is
B|L

**Frétta- og samfélagsumfjöllun**




Virka daga kl. 6.50

Alþjóðamál, efnahagsmál, ferðamál, stjórnmál og önnur helstu mál líðandi stundar krufin til mergjar. Umsjón: Jóhann Hlíðar Harðarson, Björn Þór Sigbjörnsson og Vera Illugadóttir.




Virka daga kl. 12.55

Upplýst og gagnrýnin umræða um umhverfismál, menntamál, heilbrigðismál, atvinnulíf, vísindi, tækni og margt fleira. Umsjón: Leifur Hauksson og Ragnhildur Thorlacius.




Virka daga kl. 18

Fréttir og fréttaskýringar í útvarpi þar sem kafað er dýpra í málin, þau sett í stærra samhengi og skýringa leitað. Á Rás 1 og Rás 2. Umsjón: Arnar Páll Hauksson, Arnhildur Hálfdánardóttir og Sigrún Davíðsdóttir.




Laugardaga kl. 11

Farið er yfir helstu fréttir vikunnar með fréttaskýrendum og fólkinu í fréttunum. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Anna Kristín Jónsdóttir.

RÁS 1 fyrir forvitna



# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2013-2014 Akranes - Seyðisfjörður**
**14.00 Mósaík**
**14.35 Með okkar augum** Einlæg og skemmtileg þáttaröð þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt. Dagskrárgerð: Elín Sveinsdóttir. e.
**15.05 Máttur fegurðarinnar**
**15.35 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988**
**16.45 Veröld sem var Með á nótunum**
**17.15 Höfuðstöðvarnar** Gamanþáttaröð sem unnið hefur til BAFTA-verðlauna. Ian Fletcher og aðstoðarmenn hans hafa fengið ný verkefni upp í hendurnar og eiga meðal annars að takast á við skipulagsbreytingar hjá BBC. Aðalhlutverk: Hugh Bonneville, Monica Dolan og Jessica Hynes. e.
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Nýi skólinn keisarans**
**18.17 Sígildar teiknimyndir**
**18.24 Dóta læknir**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Frétta- og mannlífsþáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir.
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.00 Kiljan**
**20.40 Mega karlar syrgja hárið?**
**21.10 Undirföt og unaðsvörur** Leikin bresk þáttaröð um líf fjögurra húsmæðra á níunda áratugnum. Það tekur stakkaskiptum þegar þær hefja heimasölu á undirfatnaði og hjálpartækjum ástarlífsins. Aðalhlutverk. Sophie Rundle, Angela Griffin, Sharon Rooney og Penelope Wilton. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Ritskoðaðar raddir** Heimildarmynd sem unnin er úr upptökum á persónulegum viðtölum við ísraelska hermenn strax í kjölfar sex daga stríðsins árið 1967. Hermennirnir deila reynslu sinni og skoðunum á því sem fram fór. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.45 Kastljós**
**00.00 Menningin**
**00.10 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Valspar Championship**
**13.00 Valspar Championship**
**17.10 Golfing World**
**18.00 WGC. Dell Technologies Match Play** Bein útsending frá Dell Technologies Match Play á Heimsmótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 The Kids Are Alright**
**14.10 Með Loga**
**15.10 Ally McBeal**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Life in Pieces**
**20.10 Survivor**
**21.00 Survivor**
**22.35 Taken**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS. New Orleans**
**02.20 9-1-1**
**03.05 The Resident**
**03.50 How to Get Away with Murder**
**04.35 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Á reki með KK**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö** Semball
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal** Samtal um ríkisvald og trúarbrögð - Arnar Þór Jónsson
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan.** Plágan
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Passíusálmar**
**22.15 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.25 Victoria and Adbul**
**12.15 Rachel Getting Married**
**14.05 The Big Sick**
**16.05 Victoria and Adbul**
**18.00 Rachel Getting Married**
**19.55 The Big Sick**
**22.00 Power Rangers**
**00.05 Bernard and Doris**
**01.50 CHIPS**
**03.30 Power Rangers**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Newsroom**
**10.30 Baby Daddy**
**10.50 Enlightened**
**11.20 Jamie's 15 Minute Meals**
**11.45 Bomban**
**12.35 Nágrannar**
**13.05 Masterchef USA**
**13.45 Margra barna mæður**
**14.10 Allir geta dansað**
**15.55 Suður-ameríski draumurinn**
**16.30 Catastrophe**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 Mom**
**19.50 Jamie's Quick and Easy Food**
**20.15 Heimsókn**
**20.40 Grey's Anatomy**
**21.25 The Good Doctor**
**22.10 Lovleg**
**22.30 You're the Worst**
**22.55 NCIS**
**23.40 Whiskey Cavalier**
**00.25 The Blacklist**
**01.10 Magnum P.I**
**01.55 Six Feet Under**
**02.55 Six Feet Under**
**03.55 Manifest**
**04.35 Manifest**
**05.20 Manifest**

## STÖÐ 3

**19.10 The Last Man on Earth**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Man Seeking Woman**
**21.15 All American**
**22.00 Game of Thrones**
**22.55 The Mindy Project**
**23.20 Supergirl**
**00.05 Arrow**
**00.50 The Last Man on Earth**
**01.15 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20 Sviss - Danmörk**
**09.00 Noregur - Svíþjóð**
**10.40 Kasakstan - Skotland**
**12.20 Wales - Slóvakía**
**14.00 Ungverjaland - Króatía**
**15.40 Holland - Þýskaland**
**17.20 Þór Þorl. - Tindastóll**
**19.00 Njarðvík - ÍR** Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum Domino's-deildar karla.
**21.10 Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur**
**21.45 Formúla 1. Ástralía - Keppni**
**00.05 UFC Unleashed**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 West Ham - Huddersfield**
**08.40 Messan**
**09.45 Everton - Chelsea**
**11.30 Fulham - Liverpool**
**13.10 Premier League World**
**13.40 Frakkland - Ísland**
**15.20 Sviss - Danmörk**
**17.00 Noregur - Svíþjóð**
**18.40 Undankeppni EM - Mörkin**
**19.00 Úrvalsdeildin í pílukasti** Bein útsending frá fyrra kvöldinu í Úrvalsdeildinni í pílukasti í Rotterdam.
**22.30 Premier League Review**
**23.25 Njarðvík - ÍR**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# BOXIÐ

Matvöruverslun á netinu boxið.is

# FÁÐU 7 DAGA FRÍ

## Meðal heimili fer 3.-4. út í búð á viku. Það eru rúmlega 7 heilir dagar á ári!

Pantaðu matvörurnar á BOXIÐ.is og nýttu tímann í eitthvað skemmtilegt

---

## Svona ferðu að því að panta á BOXINU

① 

Settu vörur í BOXIÐ þitt

② 

Þú velur afhendingardag og tíma sem hentar þér

③ 

Við komum með vörurnar upp að dyrum

④ 

Í samstarfi við Grænir Skáta

Svo tökum við dósirnar líka og þú færð inneign!

---

Taktu mynd af mér með símanum

BOXIÐ.is

@boxidis

facebook.com/BoxidIS

# Vinsælli á ensku

**Hannes Hólmsteinn Gissurarson** dælir út skýrslum og bókum en segist farinn að skrifa meira á ensku enda nái hann þannig til þakklátari lesendahóps.



Hannes hefur vetursetu í Rio de Janeiro þar sem hann skrifar í næði. Á Íslandi er hann meira í grúski þar sem hér eru flest skjöl o



Birting lýsingar Kviku banka hf.

Reykjavík, 27. mars 2019

Stjórn Kviku banka hf. hefur óskað eftir því að allir hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og hefur félagið í tengslum við umsóknina birt lýsingu dagsetta 26. mars 2019 sem staðfest hefur verið af Fjármálaeftirlitinu. Lýsingin er gefin út á ensku en einnig hefur félagið birt samantekt á íslensku og er hún þýðing á ensku útgáfunni sem er hið staðfesta eintak. Sé misræmi milli texta í ensku og íslensku útgáfu samantektarinnar gildir sú enska.

Heildarfjöldi útgefinna hluta í Kviku banka hf. við dagsetningu lýsingarinnar eru 1.844.996.308. Allir hlutirnir eru í sama flokki og jafnréttháir. Félagið á enga eigin hluti. Hlutir félagsins eru gefnir út rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Hlutirnir eru skráðir á First North Iceland og er auðkenni þeirra KVIKA. Samþykki Kauphöllin að taka hluti útgefna af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. mun auðkenni þeirra á Aðalmarkaði jafnframt vera KVIKA. ISIN númer hlutabréfanna er IS0000020469.

Nasdaq Iceland hf. mun tilkynna með a.m.k. eins viðskiptadags fyrirvara hvenær hlutir félagsins verða teknir til viðskipta.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku, *www.kvika.is/lysing*

KVIKA

kvika.is

Stjórnmálafræðiprófessorinn Hannes Hólmsteinn Gissurarson er umdeildur maður en ekki verður af honum tekið að hann er hamhleypa til verka á ritvellinum, svo mjög að hann sést stundum vart fyrir. Hann er um þessar mundir að senda frá sér fjórðu bókina á skömmum tíma og er þá ótalin vægast sagt eldfim skýrsla hans um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins, sem hann skrifaði fyrir fjármálaráðuneytið.

„Í fyrsta lagi var það nú þessi fræga skýrsla til fjármálaráðuneytisins,“ segir Hannes þegar hann hefur upptalningu á nýjustu afrekum sínum á lyklaborðinu. „Ég náttúrlega lauk henni fyrir löngu síðan. Hún var bara í ritrýni og ég varð að stytta hana mikið og það tók mikinn tíma.“

Bókin Til varnar vestrænni menningu er eina ritið í þessum stafla sem Hannes skrifaði á íslensku en auðheyrt er að það brann á honum að koma þeirri bók frá sér og að hún eigi erindi við samtímann þótt meginuppistaða hennar sé frá árunum 1950–1958.

„Ég tók mig til og gaf út ræður sex rithöfunda úr kalda stríðinu og skrifaði 40 blaðsíðna formála að henni, auk aftanmálsskýringa.“ Hannes segist í formálanum aðallega fjalla um menningarbaráttuna í kalda stríðinu og í ræðunum sex hafi skáldin Tómas Guðmundsson, Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, Sigurður Einarsson í Holti og rithöfundarnir Gunnar Gunnarsson, Kristmann Guðmundsson og Guðmundur G. Hagalín, sem „voru auðvitað í hópi fremstu rithöfunda þjóðarinnar“, snúist til varnar gegn áhrifum frá Sovétríkjunum.

**Pakkað í hægri vörn**

„Síðan skrifaði ég 65 blaðsíðna skýrslu á ensku í stóru broti, Why Conservatives Should Support the Free Market,“ segir Hannes og bætir við að hún sé sprottin af áhyggjum af því að íhaldsmenn í Evrópu séu að hneigjast dálítið til of sterks ríkisvalds. „Ég er að reyna að brýna fyrir þeim að þeir eigi að leyfa markaðnum, það er að segja hinu frjálsa vali einstaklinganna, að ráða.“

Nokkuð kunnuglegt stef úr þessum ranni en Hannes er svo sem gjarn á að kveða oft þær vísur sem honum finnst góðar eins og þriðja ritið ber með sér en þar fá jafnaðarmenn að kenna á engilsaxneskri orðsveðju hans.

„Þessi skýrsla heitir ending Other People's Money: A Critique of Rawls, Piketty and Other Redistributionists.“ Eins og nafnið bendir til tekur Hannes þar á beinið þá John Rawls og Thomas Piketty, „helstu hugsuði jafnaðarstefnunnar á okkar dögum“, eins og hann kallar þá.

„Ef þú talar við einhverja bókelska Samfylkingarmenn eða Vinstri græna þá er ég alveg viss um það að þeir myndu segja að Rawls og Piketty væru nú alveg búnir að sýna fram á það að kapítalisminn gengur nú ekkert upp og er ekki réttlátur og það þurfi að leggja skatta á hina ríku til þess að láta hina fátæku fá og svo framvegis.

Ég myndi segja að þeir færi fram sterkustu málsvörnina fyrir jafnaðarstefnu á okkar dögum og skýrslan mín er gagnrýni á kenningar þeirra,“ segir Hannes og leggur áherslu á að öll þessi rit hans megi finna á netinu.

**Jaðarsettur miðjumaður**

*Þessi rit þín eru öll á ensku nema eitt. Má skilja það sem svo að eftirspurnin eftir þér sé meiri í útlöndum en hér heima?*

„Ég myndi segja það að mér sé betur tekið í hinum enskumælandi fræðaheimi. Þar á ég mér að minnsta kosti einhvern afkima,“ segir Hannes og bendir á að það sé ekki einfalt að skýra spámanns-

> ÞAR ER ÉG Í FÁMENNUM MINNIHLUTAHÓPI HÆGRISINNAÐRA MENNTAMANNA. ÞAÐ ER AUÐVITAÐ ÚT AF ÞVÍ AÐ DUGLEGIR OG GÁFAÐIR HÆGRIMENN VERÐA LÆKNAR, VERKFRÆÐINGAR OG ATVINNUREKENDUR EN DUGLEGIR OG GÁFAÐIR VINSTRI MENN VERÐA KENNARAR OG BLAÐAMENN. ÞANNIG ER ÞETTA OG ER ALÞEKKT Í ÖLLUM LÖNDUM.


...og gögn sem hann sækir í. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

stöðu sína í föðurlandinu. „Ég held það megi segja að í fræðunum á Íslandi sé ég frekar á jaðrinum en í miðjunni þó að í þjóðfélaginu sé ég í miðjunni en ekki á jaðrinum.

Þetta er vegna þess að samkennarar mínir eru nú Icesave-fólkið sem fékk 1,8% í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2010 á meðan minn málstaður fékk 98%,“ segir Hannes. „Þannig að ég myndi nú ekki segja að ég sé neinn jaðarmaður í stjórnmálum eða þjóðfélagsmálum en ég er óneitanlega jaðarmaður í Háskólanum.

Þar er ég í fámennum minnihlutahópi hægrisinnaðra menntamanna. Það er auðvitað út af því að duglegir og gáfaðir hægrimenn verða læknar, verkfræðingar og atvinnurekendur en duglegir og gáfaðir vinstri menn verða kennarar og blaðamenn. Þannig er þetta og er alþekkt í öllum löndum.“

**Femíníska fortíðartaugin**

Hannes er á allt öðrum og fornari slóðum í nýjasta ritinu sínu en naut sín engu að síður vel við þau skrif. „Ég var að enda við að senda bók í prentun þar sem ég tók Grænlendingasögu og Eiríks sögu rauða og gerði úr þeim einn útdrátt sem ég kallað Saga of Gudrid, eða Guðríðar saga Þorbjarnardóttur.“

Hannes segir sögu Guðríðar, víðförlustu konu heims á 11. öld og formóður sinnar samkvæmt Íslendingabók, vera mjög áhugaverða. „Þetta er nú ekkert frumleg kenning mín, heldur hafa margir aðrir bent á að Eiríks saga rauða ætti í rauninni að heita Guðríðar saga Þorbjarnardóttur því hún er um Guðríði Þorbjarnardóttur.“

*Má hér greina femíníska taug í hægrisinnaða fræðimanninum?*

„Ég er náttúrlega jafnréttissinni og ég er þeirrar skoðunar að Laxdæla hefði átt að heita Guðrúnar saga Ósvífursdóttur því að Laxdæla er rómans um hana, þessa fjóra eiginmenn hennar og um manninn sem hún elskaði en fékk ekki notið, sem var Kjartan Ólafsson.“

**Grúskað á Íslandi, skrifað í Rio**

Hannes hefur vetursetu í Rio de Janeiro, ekki síst vegna þess að þar fái hann næði til þess að skrifa. „Ég kann mjög vel við mig á Íslandi og hér eru auðvitað mestöll skjöl og gögn sem ég þarf fyrir mínar rannsóknir,“ segir Hannes sem gerir meira af því að grúska á Íslandi en skrifar eins og vindurinn í Brasilíu.

Þegar talið berst að flokki Hannesar á Íslandi, Sjálfstæðisflokknum sem hann hefur staðið dyggan vörð um í áratugi, má greina ákveðið áhugaleysi. „Ég bara átta mig ekki á því,“ svarar hann þegar hann er spurður hvað sé eiginlega í gangi í þessum rótgróna flokki þegar menn eins og Styrmi Gunnarsson og Björn Bjarnason er farið að greina á.

„Ég hef meiri áhuga á að skrifa söguna en skapa hana. Ég sinni nútímanum voða lítið og hef miklu meiri áhuga á sögunni og heimspekinni. Ég hef líka flutt mig svolítið úr því að skrifa á íslensku yfir í ensku því að ég er með þakklátari lesendahóp þar.“

*Í ljósi þessa mikla áhuga þíns á fornum bókmenntum og heimspeki má spyrja hvort þú hefðir ekki einfaldlega átt að taka vinstri beygju í byrjun og leggja fyrir þig, til dæmis bókmenntafræði?*

„Það hefði margt verið vitlausara.“

thorarinn@frettabladid.is


SUNSTAR G·U·M HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum



ARTASAN
www.artasan.is

ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

JÁRN & GLER

Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

JAGUAR LAND ROVER

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



**BMW 640 D Grand Coupe**
Nýskr. 5/2014, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.990.000 kr.**
Rnr. 420044.



**BMW X6 xDrive40d**
Nýskr. 7/2012, ekinn 53 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.990.000. kr.**
Rnr. 153717.



**JAGUAR F-PACE Prestige**
Nýskr. 6/2017, ekinn 44 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.990.000 kr.**
Rnr. 103845.



**LAND ROVER Discovery 4 SE TDV6**
Nýskr. 3/2015, ekinn 103 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.590.000 kr.**
Rnr. 145712.



**LAND ROVER Discovery 5 SE TDV6, 32" breyting**
Nýskr. 10/2017, ekinn 19 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 12.490.000 kr.**
Rnr. 420042.



**RANGE ROVER VOGUE TDV6**
Nýskr. 2/2017, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 15.490.000 kr.**
Rnr. 145679.



**LAND ROVER Discovery Sport**
Nýskr. 6/2017, ekinn 27 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.290.000 kr.**
Rnr. 420045.



**RANGE ROVER Evoque HSE**
Nýskr. 10/2016, ekinn 16 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.990.000 kr.**
Rnr. 400181.

ENNEMM / SÍA / NM93185

APPROVED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.

**JAGUAR - LAND ROVER**
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík









Eyjólfur Pálsson fær loksins að heimsfrumsýna lundann sem vinur hans Sigurjón Pálsson hannaði að beiðni Normann Copenhagen sem Eyjólfur hefur átt viðskipti við frá stofnun fyrirtækisins fyrir 20 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eyjólfur afhjúpar langþráðan lunda

**Eyjólfur Pálsson,** Epal sjálfur, leikur venju samkvæmt á als oddi á HönnunarMars. Heimsþekktir íslenskir hönnuðir verða áberandi í Epal og þar heimsfrumsýnir Eyjólfur nýjan fugl, sem Normann Copenhagen sérpantaði frá vini hans, Sigurjóni Pálssyni.

Eyjólfur Pálsson, húsgagnahönnuður og stofnandi Epal, er einn þeirra sem ruddu hönnunarvöru braut inn á íslenskan markað þegar hann stofnaði verslunina fyrir 44 árum. Hann er því vitaskuld í essinu sínu í HönnunarMars en þetta er í ellefta sinn sem hann og hans fólk tekur þátt í þeirri hönnunargleði.

Óhætt er að segja að óvenju mikið verði um dýrðir í Epal að þessu sinni en á morgun verður opnað nýtt sýningarrými í versluninni í Skeifunni þar sem verk íslenskra hönnuða sem slegið hafa í gegn á heimsvísu verða í forgrunni.

„Við höfum alla tíð stutt íslenska hönnuði og lagt okkur fram um að hjálpa þeim við að koma verkum sínum á framfæri og í framleiðslu," segir Eyjólfur og bætir við að í ár hafi verið ákveðið að vekja sérstaka athygli á alþjóðlega viðurkenndri íslenskri hönnun. Ekki síst til þess að draga fram hversu víða hróður íslenskra hönnuða hefur borist.

**Ráðist í brúarbyggingu**

Á annan tug íslenskra hönnuða hafa breitt úr sér á 120 fermetrum í Epal þar sem hönnun þeirra verður til sýnis frá og með deginum í dag. „Þetta er eiginlega bara brú á milli tveggja bita hérna yfir versluninni," segir Eyjólfur. „Við vorum svo heppin að við vorum nýbúin að fá þetta samþykkt þegar samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar var sett af stað þannig að þá drifum við bara í því að byggja brú hérna innanhúss."

Eyjólfur er ekki síst spenntur fyrir því að heimsfrumsýna nýjan lunda eftir vin sinn Sigurjón Pálsson, sem hefur gert stormandi lukku víða um lönd með sínum rómuðu fuglum. „Það er mikill heiður að fá að frumsýna lundann, sem margir hafa beðið lengi eftir," segir Eyjólfur.

Eyjólfur segir engin bein tengsl milli lundans sem verður afhjúpaður í dag og lundabúðafársins í Reykjavík. Þvert á móti er um sérpöntun frá Normann Copenhagen að ræða.

„Þeir báðu hann um að gera lunda fyrir sig og það er ekki oft sem erlendur framleiðandi biður hönnuði svona sérstaklega um að gera eitthvað," segir Eyjólfur og setur vinsældir fugla Sigurjóns í tölulegt samhengi.

„Það er væntanlega búið að selja 250.000 vaðfugla og ég hugsa að verðmæti þeirra í útsölu sé svona einn og hálfur milljarður."

Eyjólfur neitar því ekki að hann sé spenntur fyrir því að fá loks að afhjúpa lundann sem var fullskapaður fyrir nokkru en ákveðið var að bíða eftir rétta tækifærinu til þess að sleppa honum lausum.

**WOW vængstýfði hönnuðinn**

„Það er nú svolítið síðan ég fékk að sjá hann," segir Eyjólfur. „En ég nýt þeirra forréttinda að ég fæ almennt mjög oft að sjá hluti sem ég má bara ekki segja frá. Það er stundum rosalega erfitt þegar hausinn er fullur af einhverju sem maður má ekki tala um."

Sigurjón býr í Kaupmannahöfn og treystir sér ekki til þess að vera viðstaddur afhjúpun lundans sem margir bíða spenntir eftir. „Nei, hann verður ekki á staðnum vegna þess að hann átti pantað flug hingað með WOW og til baka á laugardaginn en hann er á leiðinni til Peking á sunnudaginn og þorði ekki að fljúga hingað vegna óvissunnar."

Eyjólfur segir það í raun merkilegt hversu margir íslenskir hönnuðir hafa náð langt á vettvangi alþjóða og starfi eða hafi starfað hjá mörgum þekktustu og virtustu hönnunarfyrirtækjum heims.



**Sigurjón Pálsson hefur gert stormandi lukku með tréfuglunum sínum sem hann hannar fyrir Normann Copenhagen.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég get nefnt sem dæmi að Hlynur V. Atlason, sem starfar í New York og hannaði nýverið glæsilega vörulínu fyrir ercol. Feðginin Kolbrún Leósdóttir og Leó Jóhannsson búa í Stokkhólmi og hanna fyrir Skipper Furniture í Danmörku og Guðmundur Lúðvík hannar fyrir Fredericia Furniture í Kaupmannahöfn." Að ógleymdri Siggu Heimis sem „nær óþarfi er að kynna en hún hannar núna fallega hjartaspegla og allur ágóði af sölu þeirra fer til Sjónarhóls."

**thorarinn@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# ENN HOLLARI OLÍA

*það byrjar allt með fjórum fræjum*

Lesieur

isio 4

**OMEGA 3 & 6**
**+ D- & E-VÍTAMÍN**
**NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN**

ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI



FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Davíðs Þorlákssonar




# Eftirlit með eftirlitinu

Í nóvember gerði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur úttekt á Fossvogsskóla og gaf honum einkunnina 4 af 5. Innan við fjórum mánuðum seinna er búið að loka skólanum þar sem heilbrigði nemenda og starfsfólks kann að vera stefnt í hættu vegna raka- og loftgæðavandamála. Þarna hefur Reykjavíkurborg eftirlit með sjálfri sér. Þetta er enn ein sönnun þess að eftirlitsumhverfi hins opinbera er barn síns tíma sem er löngu orðið tímabært að endurskoða.

Stjórnendur fyrirtækja sem sæta eftirliti heilbrigðiseftirlitanna hafa stundum haft það á tilfinningunni að það sé ekki sama hver á í hlut. Starfsemi á vegum sveitarfélaga, sem reka heilbrigðiseftirlitin, virðist oft fá afslátt af kröfum sem einkarekin fyrirtæki þurfi að uppfylla möglunarlaust. Eftirlitið verður samdauna annarri starfsemi sveitarfélaganna. Þá skapar þessi umdæmisskipting flækjur. Mismiklar kröfur kunna að vera gerðar í mismunandi umdæmum og þá eru mörg fyrirtæki með starfsemi í mörgum umdæmum sem fjölgar þeim leyfum sem þau þurfa að afla og þeim stofnunum sem þau þurfa að hafa samskipti við.

Eðlilegast væri að sameina heilbrigðiseftirlitin í eina stofnun sem tæki jafnframt yfir eftirlitsstarfsemi Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar, Fiskistofu, Neytendastofu, Mannvirkjastofnunar og Vinnueftirlitsins. Þannig væri hægt að forðast hagsmunaárekstra eins og í tilfelli Fossvogsskóla og aðskilja eftirlit frá almennri stjórnsýslu. Kerfið ætti að vera hannað miðað við þarfir notenda þess. Þetta dæmi vekur líka spurningar um það hver hafi eftirlit með eftirlitinu. Það blasir við að voðinn er vís þegar eftirlit hefur eftirlit með sjálfu sér.










# MARGFALT SKEMMTILEGRI




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **SPORÐAKÖST** ÞRIÐJUDAGA | **HEIMSÓKN** MIÐVIKUDAGA | **GREY´S ANATOMY** MIÐVIKUDAGA | **BARRY** FIMMTUDAGA | **BRITAIN'S GOT TALENT** FÖSTUDAGA | **NÆTURGESTIR** MÁNUDAGA |




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **ATVINNUMENNIRNIR OKKAR** SUNNUDAGA | **KILLING EVE** SUNNUDAGA | **WONDER** 20. APRÍL | **READY PLAYER ONE** FÖSTUDAGINN LANGA | **HÓTEL TRANSYLVANÍA** FÖSTUDAGINN LANGA | **LITLA VAMPÍRAN** SKÍRDAG |




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** ANNAR Í PÁSKUM | **THE SHAPE OF WATER** PÁSKADAG | **BLÍÐA OG BLÆR** SUNNUDAGA | **PACIFIC RIM UPRISING** 13. APRÍL | **THE COMMUTER** 12. APRÍL | **PÉTUR KANÍNA** PÁSKADAG |




## TAKTU MARAÞON UM PÁSKANA

Á **Stöð 2 Maraþon** hefur þú aðgang að nýjustu þáttaröðunum, íslensku barnaefni auk hundruð kvikmynda fyrir alla fjölskylduna. **Njóttu þess að horfa á heilu þáttaraðirnar** um páskana.





Horfðu á heildarmyndina
Heima
Allt í einum pakka á lægra verði
Ótakmarkað Internet
Netbeinir og WiFi framlenging
Sjónvarps-þjónusta
Ótakmarkaður heimasími
+
Afþreying frá Stöð 2
Kynntu þér málið á vodafone.is, í síma 1414, í næstu verslun eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.
vodafone
Hluti af sýn